



GARÐABÆ ÁGÚST 2016

ÁRSSKÝRSLA HOFSSSTAÐASKÓLA

SKÓLAÁRIÐ 2015-2016

Ritstjóri: Hafdís Bára Kristmundsdóttir
aðstoðarskólastjóri

HOFSSSTAÐASKÓLI

SKÓLABRAUT 210 GARÐABÆ

S:590 8100

hskoli@hofsstadaskoli.is

WWW.hofsstadasskoli.is

EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
1. Hagnýtar upplýsingar	6
<i>Stjórnendur</i>	6
<i>Starfsmenn</i>	6
<i>Nemendur</i>	6
<i>Húsnæði</i>	9
<i>Skóladagatal</i>	10
<i>Skóladagur nemenda</i>	11
<i>Samstarf heimila og skóla</i>	11
<i>Skólaráð</i>	11
<i>Nemendafélag</i>	12
<i>Foreldrafélag Hofsstaðaskóla</i>	13
2. Áherslur í skólastarfi	13
<i>Símenntun starfsmanna</i>	13
<i>Mat á skólastarfi – sjálfsmat</i>	14
<i>Skólaþróunarverkefni</i>	20
<i>Starfsþróunarverkefni</i>	22
<i>Vinaliðaverkefni í Hofsstaðaskóla</i>	25
<i>Færnismiðað nám í stærðfræði og ensku</i>	26
<i>HS-leikar</i>	26
<i>Umhverfisstarf í Hofsstaðaskóla</i>	27
<i>Vettvangsferðir</i>	32
<i>Samræmd könnunarpróf</i>	35
4. bekkur niðurstöður	36
7. bekkur niðurstöður	41
3. Ýmsar skýrslur	46
<i>Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda</i>	46
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk</i>	47
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk</i>	50
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk</i>	53
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk</i>	56
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk</i>	59
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk</i>	62

<i>Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk.....</i>	<i>65</i>
<i>Danska.....</i>	<i>69</i>
<i>Skólabókasafn</i>	<i>71</i>
<i>List- og verkgreinar</i>	<i>73</i>
<i>Heimilisfræði</i>	<i>74</i>
<i>Myndmennt.....</i>	<i>77</i>
<i>Smíði og nýsköpun</i>	<i>78</i>
<i>Textílmennt</i>	<i>84</i>
<i>Tónmennt</i>	<i>88</i>
<i>Íþróttir</i>	<i>91</i>
<i>Sundkennsla</i>	<i>94</i>
<i>Skýrsla deildarstjóra sérkennslu.....</i>	<i>95</i>
<i>Skýrsla náms- og starfsráðgjafa.....</i>	<i>101</i>
<i>Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni.....</i>	<i>104</i>
4. Tómsundaheimili	113

INNGANGUR

Markmið með útgáfu ársskýrslu grunnskólanna er að gera grein fyrir helstu atriðum í skólastarfinu skólaárið 2014-2015. Leitast er við að gefa yfirlit yfir það fjölbreytta starf sem fram fer í skólanum. Auk þess að fjalla um daglegt starf koma fram ýmis atriði sem tókust sérstaklega vel og ábendingar um sitthvað sem betur mætti fara með það að leiðarljósi að þróa og bæta starfið í Hofsstaðaskóla. Að gerð skýrslunnar koma kennarar, deildarstjórar o.fl. auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem ritstýrir verkinu. Ársskýrslan kemur nú út í 15. sinn.

Skýrslan er send forstöðumanni fræðslu- og menningarsviðs og deildarstjóra skóladeildar, auk þess sem hún er aðgengileg á vef skólans og liggur frammi á skrifstofu hans.

Kennarar hófu skólaárið 13. ágúst með þátttöku í tæknidegi sem skólinn stóð fyrir með styrk, að hluta til úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Dagskráin var með þeim hætti að fyrst var fjallað um netöryggi og unnu kennarar áætlun fyrir alla árganga. Síðan var boðið upp á vinnusmiðjur, en kennarar gátu valið þrjú viðfangefni sem öll tengdust kennslu með snjalltækjum. Mikil þörf er fyrir verkefni af þessum toga enda fjölgar tækjum í eigu skólans jafnt og þétt. 14. ágúst sóttu kennarar námskeið á vegum *Skólaþróunar*. Yfirskrift námskeiðsins að þessu sinni var *Komdu og skoðaðu í kistuna mína*.

Skólasetning var mánudaginn 25. ágúst að viðstöddum starfsmönnum, nemendum og foreldrum margra þeirra. Nemendur við skólann voru í upphafi skólaárs 456 og starfsmenn um 70.

Í vetur hefur verið unnið að stækkun skólans. Verið er að byggja við skólann um 1200 fm. húsnæði þar sem kenndar verða list- og verkgreinar og náttúrufræði á neðri hæð. Skrifstofur skólans verða til húsa á efri hæð sem og aðstaða starfsmanna. Samhliða nýbyggingunni verða gerðar töluverðar breytingar innanhúss á eldri byggingu, m.a. verður bókasafnið og tónmenntastofan færð, anddyri verður stækkað og lokað verður á milli salerna nemenda. Bekkjarstofum fjölga um þrjár. Framkvæmdum á að ljúka 1. ágúst en segja má að þá verði loks búið að ljúka byggingu skólans miðað við nemendafjölda og þá starfsemi sem þar fer fram.

Vefsíða skólans er virk og lifandi og þar er að finna margvíslegar fréttir úr skólastarfinu. Þar eru einnig fjölbreyttar upplýsingar um skipulag, nám og kennslu, stuðning við nemendur og hagnýtar upplýsingar. Fyrir þá sem vilja fræðast frekar um skólann er bent á að skoða: <http://www.hofsstadaskoli.is/>

Skýrslan skiptist í fimm kafla, hagnýtar upplýsingar, samstarf heimila og skóla, áherslur í skólastarfi, ýmsar skýrslur og skýrslu tómstundaheimilis. Skýrsluna prýða ljósmyndir úr starfi vetrarins sem gefa innsýn í þau margvíslegu viðfangsefni sem nemendur og starfsmenn fást við.

Hofsstaðaskóla í ágúst 2016

Margrét Harðardóttir skólastjóri

1. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

STJÓRNENDUR

Skólastjóri: Margrét Harðardóttir

Aðstoðarskólastjóri: Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Deildarstjóri yngri deilda: (1.-4. bekk): Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir

Deildarstjóri eldri deilda: (5.-7. bekk): Krístrún Sigurðardóttir

Deildarstjóri sérkennslu: Margrét Einarsdóttir

Skólaritari: H. Linda Stefánsdóttir

Húsvörður: Rúnar Viktorsson

Umsjónarmaður tómstundaheimilis: Valgerður Ósk Ásbjörnsdóttir

STARFSMENN

Við skólann störfuðu alls 84 starfsmenn, 39 kennarar, fimm stjórnendur, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og umsjónarmaður tómstundaheimilis í 100% starfi. Námsráðgjafi í 80% starfi. Bókasafnsfræðingur í 75% starfi. Skólaliðar voru sjö til níu og stuðningsfulltrúar sex. Talmeinafræðingur, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur starfa einnig í skólanum. Meirihluti starfsmanna eru konur en alls starfa átta karlmenn við skólann, þar af þrír í tómstundaheimilinu Regnboganum. Fjórir kennarar og þrír háskólanemar sinntu forfallakennslu í vetur. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á vefsíðunni: <http://www.hofsstadaskoli.is>.

Leyfi og afleysingar

Karitas Ósk Ólafsdóttir var í fæðingarorlofi fram í október og leysti Anna Birna Rögnvaldsdóttir hana af. Anna Birna fór þá í launalaust leyfi út skólaárið. Hrafnhildur Skúladóttir var í fæðingarorlofi og launalaus leyfi í framhaldi af því. Sólrún Guðbjörnsdóttir var í veikindaleyfi á haustönn og leysti Harpa Björnsdóttir hana af. Sólrún fór aftur í veikindaleyfi í mars og þá tók Katrín Matthíasdóttir við myndmenntakennslunni. Anna Birna Rögnvaldsdóttir, Anna Margrét Pálsdóttir, Arnar Már Þórisson, Bergþóra Jónsdóttir, Brynja Jónsdóttir, Drífa Lind Harðardóttir og Rakel Magnúsdóttir sinntu forfallakennslu yfir skólaárið. Gréta Björg Ólafsdóttir bókasafnsfræðingur lét af störfum 1. mars og fór til annarra starfa. Brynhildur Jónsdóttir leysti hana af fram á vorið. Eftirtaldir starfsmenn létu af störfum í lok skólaársins Agnes Kragh, Berglind Helga Þorsteinsdóttir, Guðbjörg S. Petersen, Karitas Ósk Ólafsdóttir, Rosemarie Barriga, Rósa Lára Guðlaugsdóttir, Sigrún Ásgeirsdóttir og Sigurborg Helgadóttir. Stjórnendur og starfsmenn þakka vel unnin störf og góð kynni.

NEMENDUR

Á skólaárinu voru 497 nemendur í Hofsstaðaskóla. Um tíma voru nemendur 500 en þrír hættu undir lok skólaársins. Nemendur og starfsmenn gerðu sér dagamun þegar nemendafjöldinn fór í 500 og er útlit fyrir að nemendur verði fleiri en það á næsta skólaár. Nemendum skólans hefur

fjölgað um 100 á sl. tíu árum. Í ágúst 2016 eru skráðir 530 nemendur í skólann sem er talsverð fjölgun. Bekkjardeildum mun fjölga um eina.

Fjöldi nemenda í Hofstaðaskóla að hausti síðustu tíu ár


	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Fjöldi nemenda	391	400	388	410	430	443	454	466	455	497

Skólaárið 2015-2016 voru í skólanum 232 drengir og 223 stúlkur. Nemendum er skipt í umsjónarhópa í hverjum árgangi og hefur hver umsjónarhópur umsjónarkennara. Hér fyrir aftan má sjá skiptingu nemenda á milli árganga, bekkja og búsetu.

- 1. bekkur, 79 nemendur í tveimur umsjónarhópum
- 2. bekkur, 65 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 3. bekkur, 70 nemendur í tveimur umsjónarhópum
- 4. bekkur, 69 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 5. bekkur, 70 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 6. bekkur, 75 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 7. bekkur, 73 nemendur í þremur umsjónarhópum

Bekkur	Fjöldi drengja	Fjöldi stúlkna	Samtals
1. A	22	18	40
1. B	17	22	39
2. BS	11	11	22
2. GP	11	10	21
2. RJ	10	12	22
3. A	18	21	39
3. B	16	21	37
4. AH	12	7	19
4. ÁS	11	8	19
4. HK	9	12	21
5. AMH	10	12	22
5. GSP	13	11	24
5. SJ	14	10	24
6. BÓ	12	13	25
6. HBS	14	12	26
6. ÖM	10	14	24
7. GHS	15	10	25
7. KÓ	17	6	23
7. ÓP	17	8	25
Samtals	259	238	497

Hér í töflunni má sjá dreifingu nemendahópsins eftir búsetu. Sem fyrr búa flestir nemendur búa í Akralandi og aðrir dreifast nokkuð jafnt á næsta nágrenni Hofstaðskóla. Nemendum sem búa fjær og í öðrum sveitarfélaögum hefur fjölgað úr fjórum í tíu.



Skipting nemenda eftir búsetu

Hverfi	Fjöldi	Hlutfall
Akrar	178	35,8%
Búðir	61	12,3%
Mýrar	45	9,1%
Bæjargil	45	8,0%
Hæðir	40	8,8%
Byggðir	40	8,8%
Móar	19	4,2%
Lundir	26	5,7%
Arnarnes	12	2,6%
Ásar og Sjáland	9	2,0%
Tún	5	1,1%
Holt	6	1,3%
Flatir	1	0,2%
Annað	10	2,2%

Alls	497	100%
------	-----	------

HÚSNÆÐI

Í ágúst var tekin í notkun um 1.200 fm viðbygging við skólann. Með tilkomu hennar hefur aðstaða allra sem í skólanum starfa batnað til muna. Í byggingunni eru list- og verkgreinastofur og náttúrufræðistofa á neðri hæð. Á efri hæð er skrifstofa skólans, skrifstofur sérfræðinga, fundarherbergi, vinnuherbergi og kaffistofa. Þegar starfsmenn komu til starfa var heilmikið eftir og enn verið að vinna í húsinu. Með samstilltu átaki allra tókst að koma húsinu í viðeigandi ástand fyrir komu nemenda. Framkvæmdir hafa staðið yfir í allan vetur og enn er þeim ekki að fullu lokið. Stjórnendur þakka þeim fjölmörgu sem að verkinu komu og eru margs vísari um framkvæmd af þessu tagi og umfangi.

Eldra húsnæðið fékk langþráð viðhald um leið og unnið var í nýbyggingunni. Sumt var afleiðing af færslu tónmenntastofu og bókasafns og annað nauðsynlegt. Gangar voru málaðir, dúkar bónaðir, skóhillum breytt og þeim fjölgað, anddyri stækkað og eitt og annað lagfært og endurbætt. Gerðar voru endurbætur á nokkrum kennslustofum og bættist önnur tölvustofa við. Þrjú rými eru aðgengileg fyrir tónlistarskóla Garðabæjar og nýttast einnig skólanum.

Auk skólabyggingarinnar er kennt í *Höllinni*, þremur sambyggðum kennslustofum, sem voru bekkjarstofur 3. bekkinga. Öll rými sem mögulegt er að nýta í vinnu með nemendum eða sem aðstöðu starfsmanna eru nú í notkun enda kalla breyttir kennsluhættir á aukið og fjölbreyttara húsnæði. Gangar eru mikið notaðir t.d. í hópastarfi og þemavinnu.



Foreldrar gáfu nýtt leiktæki

Því miður hefur enn ekki verið farið í bráðnauðsynlegar viðgerðir á skólahúsinu að utan. Slíkt er afar brýnt og eru foreldrar orðnir uggandi um hugsanlegar rakaskemmdir. Málning utanhúss er einnig þörf og vonandi verður farið í það um leið og lokaumferð verður farin á nýbygginguna.

Mikil þrýði er að nýju svæði útisvæði við nýbygginguna og er umhverfi skólans orðið allt betra og skemmtilegra. Fallegur gróður, grænt svæði og stígar eru kærkomin viðbót við það sem fyrir var. Aðkoma að Arnarneslæknum er einnig allt önnur og betri. Yfirborð skólalóðar er enn eins og fyrri ár. Þar þarf að laga, setja hellur og gúmmímottur í stað malar. Foreldrafélagið gaf nemendum nýtt leiktæki sem komið var fyrir á lóðinni og þurfti að endurnýja undirlag að hluta til. Því miður þá sér á leiktækinu eftir stuttan tíma og er það vegna malarinn sem er á lóðinni.

Umferðarmál við skólann hafa sjaldan eða aldrei verið erfiðari. Mjög margir foreldrar aka börnum sínum til og frá skóla og er sú umferð öll á sama tíma. Þakka ber fyrir að engin slys hafi orðið þegar foreldrar stöðva bifreiðar oft á sérkennilegum stöðum og hleypa börnum sínum út á alls ekki öruggum stöðum. Mikilvægt er að skoða aðkomuna að skólanum og gera nauðsynlegar úrbætur. Skýra betur akstursstefnur og færa bifreiðastæði til. Nemendur og starfsmenn eru jafnan hvattir til þess að koma gangandi eða hjólandi í skólann og þarf að huga betur að göngu- og hjólastígum næst skólanum.

SKÓLADAGATAL

Starfsemi skólans var í samræmi við samþykkt skóladagatal ársins 2015-2016. Grunnur var unnin í samstarfi leik- og grunnskóla og er skóladagatalið samræmt þeirra á milli. Dagatal skólans var unnið í samráði við skólaráð og samþykkt af skólaskrifstofu. Sjá nánar á: <http://www.hofsstadaskoli.is>.

Reglum samkvæmt voru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda voru 175 og skertir dagar alls fimm. Skertir dagar eru þeir dagar sem nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólasetningardagur, tveir nemenda- og foreldrasamtalsdagar, jólaskeið og skólaslitadagur.

Skólasetning var 25. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 26. ágúst. Kennsla féll niður í jólaaleyfi nemenda sem var frá 21. desember til og með 4. janúar. Vetrarleyfi var frá 15. til og með 19. febrúar og páskaaleyfi frá 21. mars til og með 28. mars. Einnig féll kennsla niður vegna fjögurra skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 11. september, 28. október og 17. maí. Skólaslit voru 9. júní.



Bangsadagur á bókasafninu

SKÓLADAGUR NEMENDA

Skólastarf hófst kl. 8.30 hjá öllum árgöngum. Hjá 1.-4. bekk lauk skóla alla daga um kl. 14.00. - 14.30. Hjá 5.-7. bekk lauk skóla á bilinu frá kl. 14.00 til 14.50/15.00.

Nemendur geta mætt í skólann fyrir kl. 8.00 á morgnana og eru kennslustofur opnar. Í 1.-3. bekk var morgunstund frá kl. 8.15-8.30 og litu stuðningsfulltrúar og skólaliðar eftir nemendum á þeim tíma. Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum í 1.-4. bekk lengd viðvera í tómstundaheimilinu *Regnboganum*.

Nemendur fengu 15 mínútna nestistíma einu sinni á dag og 20 mínútna hádegishlé. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofu en í hádegishléi er borðað í matsal.

Tvisvar sinnum á dag fóru nemendur út í frímínútur. Hjá 1.-4. bekk voru frímínútur kl. 9.50-10.10 og kl. 12.20-12.40. Hjá 5.-7. bekk voru frímínútur kl. 10.30-10.50 og kl. 12.50-13.10. Í frímínútum voru kennarar, stuðningsfulltrúar og skólaliðar á skipulagðri gæslu.

SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

Samstarf heimila og skólans hefur aukist mjög á undanförunum árum. Margir kennarar eru nánast í daglegu sambandi við foreldra gegnum tölvupóst. Fjölskylduvefurinn *Mentor* er í stöðugri þróun og verður sífellt aðgengilegri í notkun. Þar geta foreldrar fylgst náið með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra. Vefsíða skólans er sívirk og þess gætt að hún birti stöðugt gagnlegar upplýsingar og nýjar fréttir úr skólastarfinu. Yfirumsjón með vefsíðunni hefur Elísabet Benónýsdóttir kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og sér hún einnig um að fræða kennara um nýjungar í samskiptum og tölvumálum.

Haustfundir með foreldrum voru haldnir í september. Foreldrar komu ásamt barni sínu í samtal við umsjónarkennara tvisvar yfir veturinn, einu sinni á hvorri önn og sumir oft. Einnig hafa foreldrar samband við kennara í síma, með tölvupósti eða hitta þá augliti til auglitis.

SKÓLARÁÐ

Skólaráð starfar samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008. Í skólaráði 2015-2016 sátu: Margrét Harðardóttir skólastjóri, Guðný Hauksdóttir og Kristín Hafsteinsdóttir fulltrúar foreldra, Sigurveig Sæmundsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags, Ingibjörg Sigfúsdóttir og Guðbjörg S. Petersen fulltrúar kennara. Varamaður þeirra var Bryndís Stefánsdóttir. Anna Laxdal var fulltrúi annarra starfsmanna. Glóey Gunnarsdóttir og Magnús Stephensen í 7. bekk voru fulltrúar nemenda. Nýir fulltrúar nemenda voru kjörnir úr hópi 6. bekinga í byrjun júní. Fráfarandi fulltrúum er hér þakkað frábært starf í þágu nemenda og skólans. Skólaráð hélt fjóra fundi á skólaárinu. Lesa má fundargerðir á: <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/2518>

NEMENDAFÉLAG

Nemendafélag Hofsstaðaskóla hefur starfað í skólanum undanfarin tíu ár. Stjórn félagsins var valin samkvæmt lögum félagsins. Sjá heimasíðu skólans <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/3800> Stjórn Nemendafélags Hofsstaðaskóla 2015-2016 er skipuð fulltrúum úr öllum bekkjum frá öðrum bekk upp í sjöunda.

Bekkur	Aðalfulltrúi strákur	Varafulltrúi strákur	Aðalfulltrúi stelpa	Varafulltrúi stelpa
2. BS	Elgar Óðinn	Kristján Rúnar	Hulda Marín	Ester Sól
2. GP	Viktor Breki	Dagur Snorri	Salka Ýr	Vigdís Arna
2. RJ	Sindri Gústaf	Gunnar Orri	Freydís Lilja	Sandra María
3. A	Atli Hrafn og Theodór Snorri	Sæþór Berg	Salka og Arna Brá	Petrún Anna
3. B	Axel	Dagur Hrafn	Thelma Guðrún	Sara Margrét
4. AH	Ingólfur Gauti	Andri Felix	Eva Sóley	Hildur Karítas
4. ÁS	Styrmir Bjarki	Baldur	Ragnheiður Ósk	Elín Sigríður
4. HK	Arnór	Viktor	Emilía	Arnhildur
5. AMH	Gunnar Breki	Alexander	Sigríður Svava	Sara Rós
5. GSP	Breki	Natan Ivik	Emilía Kíær	Snædís Sara
5. SJ	Bergvin Logi	Guðmundur Thor	Stefanía Dís	Tara Sól
6. BÓ	Eypór Örn	Emil Nóri	Sonja Lind	Hrafnkatla
6. HBS	Sigurbergur Áki	Sverrir Konráð	Hekla Ylfa	Snædís María
6. ÖM	Stefán Haukur	Kristian Óskar	Halldóra Sara	Þórunn Hanna
7. GHS	Markús	Jökull Tinni	Guðrún Helga	Glóey
7. KÓ	Ísar Logi	Bjarki	Andrea Síf	Embla Brink
7. ÓP	Hrafn Ingi	Ásgeir	Eva Lind	Birta Rós

Fulltrúar í nemendafélaginu 2015-2016

Haldnir voru tveir fundir á skólaárinu 19. nóvember og 13. maí. Aðalmenn voru boðaðir á fyrri fundinn en aðal- og varamenn á fundinn í maí. Foreldrafélag Hofsstaðaskóla gaf skólanum leiktæki á skólalóðina og völdu nemendur á fundinum í nóvember á milli fjögurra leiktækja í lýðræðislegum kosningum. Nemendafélagsfulltrúar kusu fulltrúa í skólaráð Hofsstaðaskóla fyrir skólaárið 2016-2017 á fundi félagsins 13. maí.

Undir dagskrárliðnum önnur mál ræddu nemendur um eftirfarandi:

- Hafa prófadaga
- Ósk um lækka körfuboltakörfunu – Góð hugmynd en erfið í framkvæmd
- Óska eftir að hinn körfuboltavöllurinn verði lagfærður með sambærilegum hætti og gert var við nýja bláa hlutann. Nemendum bent á að líklega væri best að fara með bænaskjal til bæjarstjóra til að koma því til framkvæmda.
- Frímínútur of stuttar í hádeginu hjá eldri – nemendur ekki til í lengri skóladag
- Diskarnir í matsalnum blautir og óhreinir – koma þeirri athugasemd á framfæri
- Hafa val um verkefni í 7. bekk í smíði – sumir gera klukku og aðrir eitthvað annað verkefni.

Auk fundanna með allri stjórninni hélt deildarstjóri fund með fulltrúum úr 7. bekk vegna undirbúnings fyrir árshátíð þeirra.

Kristrún Sigurðardóttir



FORELDRAFÉLAG HOFSTADASKÓLA

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Í stjórn foreldrafélagsins sitja sex fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi í maí, ýmist til eins eða tveggja ára. Stjórnin fundar mánaðarlega, að jafnaði fyrsta mánudag í hverjum mánuði.

Eftirtaldir foreldrar skipuðu stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2015-2016

- | | |
|--|---------------------------------|
| • Gísli Stefánsson formaður | • Edda Lára Lárusdóttir |
| • Kristín Hafsteinsdóttir gjaldkeri | • Heiða Lind Heimisdóttir |
| • Guðný Kristín Hauksdóttir varaformaður | • Stella Stefánsdóttir |
| • Ásta Kristín Reynisdóttir | • Hulda Sigurjónsdóttir |
| | • Guðrún Gerður Steindórsdóttir |

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar eru virkir í samstarfi þá líður börnunum betur í skólanum og námsárangur þeirra eykst. Einn mikilvægasti liðurinn í starfsemi félagsins er að stuðla að öflugu bekkjarstarfi. Þeir koma að félagslífi í samstarfi við kennara, bekkjarkvöldum og ferðum ásamt því að aðstoða á ýmsan hátt við stærri viðburði s.s. jólaskemmtun, þorablót 6. bekkja og árshátíð 7. bekkja. Foreldrafélagið hefur milligöngu um að kosnir séu tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sem síðan hafa það hlutverk að skipuleggja og halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við kennara. Markmið bekkjarstarfsins er meðal annars að byggja upp góðan félagsanda innan bekkjarins og stuðla að því að nemendur, kennarar og foreldrar kynnist betur. Það leiðir til aukinnar vellíðunar nemenda í skólanum og minnkar líkur á einelti. Einnig geta foreldrar samræmt reglur um útivist o.fl.



Nemendur eru ánægðir með nýja leiktækið

Foreldrar eru vakandi yfir framboði og gæðum matarins sem börnunum stendur til boða í skólanum. Þeir standa fyrir bekkjarmyndatökum og í lok nóvember er árleg laufabrauðsgerð. Þeir hafa unnið ötullega að því að safna fjármunum til þess að styðja við skólann og í ár gáfu þeir leiktæki á skólalóðina sem er afar vinsælt. Það er ómetanlegt fyrir skólann að vera í góðu samstarfi við foreldra vegna þess að „það þarf heilt þorp til að ala upp barn“ og með samstilltu átaki foreldra og skóla vegnar börnunum betur. Nánar má fræðast um starfið í fréttabréfum félagsins sem send eru öllum foreldrum auk þess sem ýmsar upplýsingar eru birtar á vefsvæði félagsins á vef skólans, <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/548>.

Bekkjarfulltrúar skólaárið 2015-2016

Hildur Símonardóttir	1.A	Kjartan Vilhjálms	5. AMH
Áslaug Hreiðarsdóttir	1.A	Elín Margrét Kristinsdóttir	5. AMH
Vala Guðný Guðnadóttir	1.A	Kristín Leopoldína Bjarnadóttir	5. GSP
Edda Lára Lárusdóttir	1.A	Sigrún Sif Kristinsdóttir	5. GSP
Berglind Guðrún Bragadóttir	1.B	Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir	5. SJ
Steinunn Thorlacius	1.B	Sigríður Anna Ásgeirsdóttir	5. SJ
Regína Björk Jónsdóttir	1.B	Bryndís Jónsdóttir	6. BÓ
Helga Rún Helgadóttir	1.B	Ásdís Ásgeirsdóttir	6. BÓ
Íris Kristína Óttarsdóttir	2. BS	Þórdís Svava Guðmundsdóttir	6. HBS
Haraldur Yngvi Pétursson	2. GP	Lilja Karlsdóttir	6. HBS
Björg Vigfúsdóttir	2. GP	Harpa Lind Harðardóttir	6. ÖM
Íris Huld Halldórsdóttir	2. RJ	Vilborg Ragna /Brynjólfr Jón	6. ÖM
Sigrún Margrét Gústafsdóttir	2. RJ	Unnur Símonardóttir	7. GHS
Ágústa Edda Björnsdóttir	3. A	Margrét H Indriðadóttir	7. GHS
Birgir kadal Kristmannsson	3. A	Rannveig Hrönn Brink	7. KÓ
Hrafnhildur Sigurðardóttir	3.A	Aldís Hafsteinsdóttir	7. KÓ
Kamilla Rut Sigurðardóttir	3.B	Kristín Einarsdóttir	7. ÓP
Erla Kristinsdóttir	3.B	Linda Gunnarsdóttir	7. ÓP
Anna Rut Þráinsdóttir	4. AH		
Jenný Björk Þorsteinsdóttir	4. AH		
Lena Rós Ásmundsdóttir	4. AH		
Ólafur Þór Gylfason	4. ÁS		
Snævar Sigurðsson	4. ÁS		
Helga Margrét Pálsdóttir	4. HK		
Guðríður Sverrisdóttir	4. HK		



Glaðir drengir í útiveru

2. ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

SÍMENNTUN STARFSMANNA

Ný símenntunaráætlun fyrir skólann var unnin á vorönn fyrir skólaárið 2015-2016 og kynnt fyrir starfsmönnum í maí. Áætlunin var ennfremur kynnt skólanefnd, skólaráði og skóladeild Garðabæjar. <http://www.hofsstadaskoli.is/skolinn/starfsthroun/>

Skólinn fékk styrk að upphæð kr. 432.000,- úr *Endurmenntunarsjóði grunnskóla* til að halda nokkur námskeið á sl. skólaári. Skólinn ráðstafaði þeirri upphæð, ásamt fjármagni úr fjárhagsáætlun m.a. til að senda fagfólk og aðra starfsmenn á eftirfarandi námskeið:

- Komdu og skoðaðu í kistuna mína
- Tækni á 21. öldinni – vinnusmiðjur um netöryggi og notkun snjalltækja í kennslu
- Hugarfrelsi – jógakennsla fyrir nemendur
- Hugarfrelsi – jógakennsla fyrir starfsmenn
- Stærðfræði
- Eldvarnir og öryggisnámskeið
- Örnámskeið í tölvu- og tækninámskeiðum
- Efling læsis með áherslu á lestur, lesskilning, ritun og orðaforða
- Hagnýtt námskeið um kvíða barna
- Áfallahjálp
- Námskeið í náttúrfræði

Fagfólk og aðrir starfsmenn sátu auk þess ýmis námskeið og fræðslufundi á vegum Garðabæjar m.a.:

- Leið til læsis
- Fagfundur kennara í Garðabæ
- Lærdómsganga
- Félagastuðningur
- Litla upplestrarkeppnin
- SAFT – örugg netnotkun
- Páll Óskar Hjálmtýsson og Magnús Stefánsson – einelti – þolendur og gerendur

Fagfólk sat auk þess margs konar námskeið að eigin vali m.a.:

- ADHD
- PALS
- Heilsueflandi skóli
- Vendinám
- Ýmis lestrarnámskeið
- Uppeldi til ábyrgðar
- Þjálfaranámskeið
- Ýmis námskeið tengd fötlun

- Námskeið fyrir dönskukennara
- Jafnrétti og lýðræði
- Fjölbreytt námskeið í upplýsingatækni
- Ýmis námskeið tengd heilsu og lífsstíl

Í yfirliti sem kennarar skila á hverju vori um persónulega símenntun sbr. kjarasamning má sjá að um mjög fjölbreytta endurmenntun er að ræða allt eftir áhugasviði og starfi hvers og eins. Nokkrir kennarar stunda háskólanám samhliða vinnu.

Ekki var hægt að sinna öllum námskeiðum/fræðslu sem að til stóð á skólaárinu og bíða nokkur atriði næsta skólaárs.

Sótt var um styrki til að halda námskeið skólaárið 2015-2016, m.a. jafnréttismenntun, þekking og læsi á spjaldtölvur, efling læsis, félagastuðningur Auk þess stendur skólinn, skóladeild Garðabæjar fyrir nokkrum námskeiðum á skólaárinu.

MAT Á SKÓLASTARFI – SJÁLFSMAT

Í þessum kafla er fjallað stuttlega um sjálfsmat Hofsstaðaskóla. Að öðru leyti er vísað í vefsíðu skólans en umfjöllun um stefnumörkun, sjálfsmat og kannanir er á finna undir flípanum *Skólinn*. Að þessu sinni er birt sjálfsmatsskýrsla fyrir almanaksárið 2014 og að hluta til fyrir vorönn 2015. Sjálfsmatsskýrsla Hofsstaðaskóla fyrir árið 2014 var lögð fram til kynningar í febrúar 2015.

Sjálfsmatsskýrsla Hofsstaðaskóla fyrir árið 2014

Sjálfsmatsskýrsla Hofsstaðaskóla fyrir árið 2014 byggir að stærstum hluta á *Skólapúlsinum*, þ.e. nemendakönnun, starfsmannakönnun og foreldrakönnun, en Skólapúlsinn er lagður fyrir hagsmunaaðila skólans að tilhlutan skóladeildar. Stefnumiðað árangursmat verður ekki lengur notað sem matstæki enda tekur Skólapúlsinn á flestum þáttum sem taldir eru skipta máli. Ýmsir þættir eru þó metnir á annan hátt sbr. hér að neðan.

Hér að neðan er vísað í samantekt sem gerð var út frá niðurstöðum Skólapúlsins vorið fyrir 2014 en hún nær yfir skólaárið 2013-2014.

Allar kannanir og samantektir sl. ára er að finna á vefsíðu skólans www.hofsstadaskoli.is.

Skólastjóri og stýrihópur hittust tvisvar á skólaárinu og ákváðu m.a. að leggja niður vinnu við stefnukort og skorkort og beina sjónum og áherslum að niðurstöðum Skólapúlsins og styðjast auk þess við aðrar kannanir sem eru hluti af reglubundnu starfi skólans.

Í 35. grein grunnskólalaga segir m.a. að markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.

Eftirtaldar kannanir voru lagðar fyrir nemendur

Viðfangsefni	Markhópur	Tími	Framkvæmdaraðili
Tengslakönnun	Allir nemendur	október/janúar	Hofsstaðaskóli
Skólapúlsinn	Úrtak nemenda í 6. og 7. bekk	september/janúar/apríl	Skólapúlsinn
Frammistöðumat	Allir nemendur og foreldrar	október	Hofsstaðaskóli
Hreyfiproskapróf	Nemendur í 1. bekk	september	Hofsstaðaskóli
Rannsókn og greining	Nemendur í 5.-7. bekk	febrúar	R og G
Ungt fólk 2014	Nemendur í 5.-7. bekk	febrúar	HA

Tengslakönnun er lögð fyrir af umsjónarkennara í samstarfi við námsráðgjafa. Námsráðgjafi vinnur úr könnuninni og kynnir umsjónarkennurum niðurstöður. Umsjónarkennari kynnir foreldrum í nemenda- og foreldrasamtölum félagslega stöðu einstakra nemenda ef þurfa þykir. Könnunin er lögð fyrir samkvæmt markmiðum skólans og skólastefnu Garðabæjar til að efla og fylgjast með félagslegri stöðu nemenda. Niðurstöður eru varðveittar hjá námsráðgjafa. Samkvæmt niðurstöðum úr könnun sem lögð var fyrir foreldra í nóvember/desember 2011 vilja foreldrar vera betur upplýstir um félagslega stöðu barna sinna og er þetta viðleitni í þá átt ásamt því að vinna með félagsfærni nemenda. Könnunin er lögð fyrir alla nemendur í október og í þeim bekkjum sem þurfa þykir í janúar. Umsjónarkennarar og námsráðgjafi vinna saman að því að efla félagsfærni þeirra nemenda sem eru vinafair.

Skólapúlsinn er vefkannanakerfi www.skolapulsinn.is sem lagt er fyrir nemendur í 6. og 7. bekk þrisvar á ári. Spurningum er skipt í þrjá þætti: Virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda. Skólinn er vel yfir landsmeðaltali en lakasta útkoman var í könnuninni sem lögð var fyrir í janúar að afloknum prófum. Niðurstaðan gefur vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu.

Frammistöðumat (áður leiðsagnarmat) var lagt fyrir í fimmta sinn. Markmiðið er að nemendur setjist niður með foreldrum sínum og svari m.a. spurningum um líðan og samskipti í skólanum. Auk þess áttu nemendur í 3.-7. bekk nú í fyrsta sinn að setja sér námsmarkið fyrir veturinn með foreldrum sínum. Umsjónarkennarar skoða frammistöðumatið fyrir nemenda- og foreldrasamtöl og ræða við nemendur og foreldra. Hér gefst tækifæri til að safna upplýsingum um líðan og samskipti nemenda á meðan þeir eru í Hofsstaðaskóla. Svörin var 90% sem er þó nokkuð betri en sl. ár en þá var hún 82%.

Hreyfiproskapróf var lagt fyrir alla nemendur í 1. bekk í íþróttatíma. Niðurstöður eru kynntar foreldrum ef nemendur víkja frá eðlilegum hreyfiproska og þær eru sömuleiðis kynntar á nemendaverndarráðsfundi. Unnið er sérstaklega með þjálfun grófhreyfinga með þeim nemendum sem þess þurfa samkvæmt niðurstöðum prófsins. Prófin eru geymd hjá deildarstjóra sérkennslu.

Allir foreldrar og nemendur mæta í nemenda- og foreldrasamtal sem eru í október og janúar og um 80% foreldra mæta á haustfund í september.

Könnun lögð fyrir foreldra:

Viðfangsefni	Markhópur	Tími	Framkvæmdaraðili
Könnun um ýmsa þætti skólastarfsins	Foreldrar	febrúar	Skólapúlsinn

Skólapúlsinn var lagður fyrir úrtak foreldra (240) og alla starfsmenn í febrúar og mars 2014. Svarhlutfall var 80% í báðum könnunum. Kannanirnar þykja langar og nokkuð þarf að hafa fyrir því að fá foreldra til að taka þátt. Ítrekað þurfti að senda póst, smáskilaboð og hringja í foreldra, en svarhlutfall hefur þó náðst í 80%.

Starfsmenn Skólapúlsins kynntu helstu niðurstöður könnunarinnar fyrir starfsfólki. Skólaráð og nemendur í 5.-7. fengu einnig kynningu á niðurstöðum. Skóladeild og skólanefnd fá senda ársskýrslu og þar með upplýsingar um niðurstöður kannana.

Fram kom að foreldrar eru mjög ánægðir með Hofstaðaskóla. Sérfræðipjónusta, eineltisáætlun og úrvinnsla þeirra mála fær verulega háa einkunn.

Könnun lögð fyrir starfsmenn

Viðfangsefni	Markhópur	Tími	Framkvæmdaraðili
Könnun um ýmsa þætti skólastarfsins	Starfsmenn	mars	Skólapúlsinn

Annað:

Viðfangsefni	Markhópur	Tími	Framkvæmdaraðili
Starfsmannasamtöl	Allir starfsmenn	febrúar-mars	Stjórnendur
Starfsþróunaráætlun	Fagfólk og aðrir starfsmenn	maí	Stjórnendur

Stjórnendur skiptu með sér starfsmannasamtölum. Deildarstjórar áttu samtalið við kennara og aðra starfsmenn í sinni deild. Aðstoðarskólalastjóri átti samtalið við nokkra sérgreinakennara, skólaliða, ritara og matráð. Skólalastjóri átti samtalið við aðra stjórnendur, nokkra sérgreinakennara, bókasafnsfræðing, húsvörð og námsráðgjafa.

Starfsþróunaráætlun var endurskoðuð og kynnt starfsmönnum, skólaráði og skóladeild Garðabæjar. Fjölbreytt fræðsla var í boði, ýmist fyrir ákveðinn hóp fagstétta eða fyrir alla starfsmenn. Langflest þeirra námskeiða/fræðslufunda (yfir 90%) sem voru skipulagðir af skólanum voru á dagskrá á árinu.

Innlit í kennslustundir Skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri héldu áfram formlegu innliti til allra kennara til að fylgjast með námi nemenda og kennslu kennara. Matsblaðið sem áður var stuðst við var endurskoðað. Kennarar fengu endurgjöf frá stjórnendum að innliti loknu. Þetta er fyrsta skrefið í að meta nám og kennslu formlega. Þetta er nokkuð vandasamt verkefni m.a. vegna þess að eingöngu ein kennslustund er heimsótt og því ekki hægt að alhæfa út frá henni. Bæði skiptir máli hvenær ársins heimsóknin á sér stað m.a. með tilliti til sýnilegra verkefna nemenda og hversu langt kennari er kominn af stað með ákveðið verkefni. Markmiðið er að innlitið verði fastur liður í innra mati skólans. Skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri kynntu samantekt á stjórnendafundi og fagfundi.

Niðurstöður samræmdra prófa

Nánar er fjallað um niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk á bls. 35 til 41. Deildarstjórar vinna með niðurstöður og gera áætlun um viðbrögð í samstarfi við kennara og foreldra.

Skólapúlsinn 2014-2015

Niðurstöður þessarar skýrslu eru greindar eftir því hvort um er að ræða marktækan mun milli svara þriggja hópa (nemenda, foreldra og starfsmanna) í samanburði við samsvarandi hópa annarra skóla á landinu sem tóku þátt í Skólapúlsinum (tæplega 70 grunnskólar).

Nemendakönnun

Skólinn kom mjög vel út í öllum þáttum sem spurt var um. Upplifun og staða nemenda er aldrei lægri en á landinu og mun sterkari í mjög mörgum þáttum.

Marktækur munur er á viðhorfi nemenda Hofstaðaskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlsinum hvað varðar eftirfarandi þætti:

- Ánægja af lestri
- Þrautseigja í námi
- Trú á eigin námsgetu
- Sjálfsálit
- Vellíðan
- Mataræði
- Samsömun við nemendahópinn
- Samband nemenda og kennara
- Agi í tímum
- Virk þátttaka nemenda í tímum

- Mikilvægi heimavinnu

Ekki reyndist marktækur munur á viðhorfi nemenda Hofsstaðaskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlsinum hvað varðar eftirfarandi þætti sem komu þó allir út í plús.

- Áhugi á stærðfræði
- Ánægja af náttúrufræði
- Trú á eigin getu í námi
- Stjórn á eigin lífi

Einnig reyndist marktækur munur á viðhorfi og upplifun nemenda varðandi einelti. Í Hofsstaðaskóla hafa færri nemendur verið lagðir í einelti en annars staðar og þeir telja tíðnina almennt minni.

Foreldrakönnun

Að mati foreldra er könnunin sem lögð er fyrir þá mjög löng og ýtarleg og þarf töluvert að hafa fyrir því að fá fólk til að svara. Rætt hefur verið um að könnunin verði lögð fyrir annað hvert ár.

Foreldrar eru mjög ánægðir með flesta þætti skólastarfsins. Það er marktækur munur á svörum foreldra í Hofsstaðaskóla og foreldrum annars staðar á landinu á eftirfarandi þáttum:

- Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum
- Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra
- Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra
- Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda
- Líðan nemenda í frímútum að mati foreldra almennt
- Ánægja foreldra með sérkennslu/stuðning í skólanum
- Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans
- Meðaltímabil eineltis
- Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum
- Ánægja foreldra með tómstundapjónustu/frístundaheimili

Ekki er marktækur munur á viðhorfi foreldra á eftirtöldum þáttum en þó koma þeir allir út í plús:

- Ánægja foreldra með stjórnun skólans
- Hæfileg áhersla á námsmat með hefðbundnum prófum að mati foreldra
- Hæfileg áhersla á annað námsmat at mati foreldra
- Ánægja foreldra með heimasíðu skólans
- Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur
- Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt

Skoðun og upplifun foreldra varðandi einelti:

- Foreldrar eru ánægðir með eineltisáætlun skólans og telja meðaltímabil eineltis marktækt styttra en viðmiðunarhóparnir. Tíðni eineltis er minni í Hofsstaðaskóla en í viðmiðunarskólunum og foreldrar eru ánægðari með hraða úrvinnslu eineltismála þó alltaf megi gera betur.

Hlutfall nemenda sem eru í sérkennslu og hafa óskað sálfræðiaðstoðar er minni en í viðmiðunarskólunum.

Foreldrar eru ekki nægilega ánægðir með máltíðir í mötuneyti en samt eru hlutfallslega fleiri áskrifendur hér en í viðmiðunarskólunum.

Foreldrar nemenda Hofsstaðaskóla telja sig vera vel í stakk búna til að aðstoða börn sín við heimanám og gera það gjarnan.

Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns eru mjög miklir. Aðeins eitt foreldri gerir ráð fyrir að barn þess sækir sér iðnmenntun.

Starfsmannakönnun

Fjöldi nemenda í Hofsstaðaskóla á hvert stöðugildi við kennslu er 12,0 miðað við 10,4 á landinu. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við önnur störf en kennslu er 19,0 miðað við 22,2 á landinu. Hlutfall af heildarstöðugildum sem varið er í önnur störf en kennslu er 38,7% miðað við 32,0% á landinu.

Meðalfjöldi í hverjum bekk á yngri stigi er 20,0 miðað við 17,5 á landinu, en meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á miðstigi er 22,0 samanborið við meðaltalið 18,3 á landinu.

Mætingar starfsmanna, leyfi, veikindi og seinkomur er með svipuðum hætti og hjá starfsmönnum annarra skóla.

Í Hofsstaðaskóla eru hlutfallslega fá börn með annað tungumál en íslensku sem fyrsta mál.

Marktækur munur er á viðhorfi starfsmanna Hofsstaðaskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlslinum hvað varðar eftirfarandi þætti:

- Starfsánægja í skólanum
- Starfsandi innan skólans
- Stjórnun skólans
- Upplýsingastreymi innan skólans
- Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika
- Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda
- Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara
- Samráð um kennslu
- Samvinna um kennslu
- Vinnuáðstæður kennara

- Umfang mats og endurgjafar
- Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara
- Nýting á niðurstöðum kennaramats

Ekki er marktækur munur á eftirtöldum þáttum sem koma þó allir út í plús

- Starfsaðstaða í skólanum
- Ánægja með kennarastarfið
- Trú kennara skólans á eigin getu
- Upplýsingamiðlun til foreldra
- Undirbúningur kennslu í skólanum
- Virk samvinna um skólaþróun og umbætur
- Sanngirni mats og endurgjafar

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar þá virðist skólinn skera sig svolítið úr varðandi skipulag kennslunnar og námsmat. Kennarar Hofsstaðaskóla sinna símenntun sinni vel og telja aukna þörf fyrir símenntun.

SKÓLAÞRÓUNARVERKEFNI

Í Hofsstaðaskóla er unnið markvisst að þróun og endurbótum á námi og kennslu. Þróunarstarfið er unnið út frá stefnu skólans, skólastefnu Garðabæjar, grunnskólalögum og markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Með þróunarstarfinu er m.a. unnið að því að koma betur til móts við þarfir, áhuga og getu sérhvers nemanda og stuðla að vellíðan og góðum árangri. Mörg fjölbreytt skólaþróunarverkefni voru unnin á skólaárinu 2015-16 og nokkur þeirra voru styrkt af þróunarsjóði grunnskóla Garðabæjar.

Ástarsaga úr fjöllum

Ábyrgðarmaður: Bryndís Svavarsdóttir.

Heildstætt verkefni byggt á ævintýrinu Ástarsaga úr fjöllum

Markmið:

- Skapa vettvang fyrir skapandi og samþætt nám – Náttúrufræði, stærðfræði og íslenska Hópvinnu – samvinna nemenda Sjálfsmat nemenda Framsögn og framkoma.

Stærðfræðistofan

Ábyrgðarmenn: Ásta Kristjánsdóttir og Bryndís Stefánsdóttir.

Markmið:

- Auka hlutbundna og verklega stærðfræðikennslu á yngri stigi.
- Auka hæfni nemenda til umræðna á tungumáli stærðfræðinnar.
- Auka áhuga á stærðfræði og jákvætt viðhorf til hennar.

- Umsækjendur deila hugmyndum, reynslu og verkefnum úr stærðfræðikennslu í gegnum vef.
- Hugmyndabanki fyrir kennara í Garðabæ á veraldarvefnum.

Gluggað og grúskað Lestrarnámskeið

Ábyrgðarmenn: Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir, Bergljót Vilhjálmsdóttir og Guðrún Dögg Jóhannsdóttir.

Markmið:

- Mæta ólíkum námsþörfum nemenda.
- Efla virkni nemenda í námi.
- Stuðla að jákvæðu samstarfi og samvinnu við foreldra.
- Efla lestrarfærni í víðum skilningi

Vinum saman – teymiskennsla á yngri stigi í Hofsstaðaskóla

Ábyrgðarmenn: Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri yngri deilda og kennarar í 1. – 3. bekk.

Markmið:

- Að innleiða teymiskennslu í fyrstu bekkjum skólans
- Að efla og auka samvinnu innan og milli árganga á yngri stigi
- Að skapa heildstæða kennslu fyrir þá árganga sem að verkefninu koma þannig að litið verði á árganginn sem eina heild, í stað stakra bekkjardeilda
- Að auka fjölbreytni í kennsluháttum
- Að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir betur til einstaklingsmiðaðs náms
- Að bæta og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu

Kynning á fötlun, verkefnabanki og hagnýt notkun hans

Ábyrgðarmenn: Ragnhildur Sigurðardóttir og Margrét Einarsdóttir.

Markmið:

- Útbúa verkefnabanka fyrir kennara, þroskaþjálfara, námsráðgjafa og aðra sem vinna með nemendum með fötlun.

Velferð barna í Garðabæ

Ábyrgðarmenn: Forstöðumenn grunnskóla Garðabæjar og Klifið. Guðrún Helga Sigurðardóttir tengiliður Hofsstaðaskóla.

- Framhald af verkefni allra aðila/stofnana og félagasamtaka sem starfa með börnum og unglingum í Garðabæ

RIFF kvikmyndagerð

Ábyrgðarmenn: Margrét Harðardóttir og Elísabet Benónýsdóttir.

Samstarfsverkefni Hofsstaðaskóla, Garðaskóla, Sjálandsskóla og Álftanesskóla.

- Fjögurra daga verkefni/námskeið fyrir hóp nemenda í öllum grunnskólum Garðabæja
- SKÍN Innra mat til eflingar skólastarfs.**

Samstarfsverkefni Hofsstaðaskóla, Garðaskóla og Klifsins.

Ábyrgðarmaður: Margrét Harðardóttir skólastjóri og 12 kennarar Hofsstaðaskóla voru þátttakendur.

Markmið:

- Efla sjálfsmat og starfsþróun í Hofsstaðaskóla og Garðaskóla
- Auka fagmennsku kennara
- Hámarka árangur nemenda

STARFSÞRÓUNARVERKEFNI

Lærdómsganga

Ábyrgðarmaður: Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri yngri deilda.

Markmið:

- Að opna kennslustofur.
- Sjá hvað aðrir kennarar eru að gera – safna hugmyndum.
- Skapa samræðuvettvang um faglegt starf.
- Að efla og auka samvinnu innan skólans.
- Draga úr einangrun kennara.
- Skapa vettvang til að deila hugmyndum og aðferðum og læra af öðrum.
- Efla fagvitund og fagmennsku kennara.
- Styrkir sjálfsmat skólans.

Skipulag:

- 3x á skólaárinu eru lærdómsgöngur.
- Skipta kennurum upp í hópa.
- Í lærdómsgöngunni taka 3-4 kennarar á móti hópnum sínum með því að sýna og segja frá verkefnum sem tengjast þeirra kennslu. Einnig er hægt að láta þá taka þátt í verkefnum sem nemendur hafa verið að vinna.
- Lærdómsgangan tekur 60-90 mín.
- Eftir lærdómsgönguna skrifa kennarar niður hjá sér það sem þeim fannst gagnlegast.

Félagastuðningur

Ábyrgðarmenn: Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir deildarstjórar yngri og eldri deilda.

Markmið:

- Þjálf kennara í innliti í kennslustundir og handleiðslusamtölum.
- Bæta og efla kennsluhætti.
- Stuðla að styðjandi vinnuumhverfi.
- Vera meðvitaður um eigin kennsluaðferðir.
- Stuðla að auknum starfsþroska.
- Félagastuðningur – liður í sjálfsmati skólans.
- Gefur kennurum kost á að þróa sig í starfi og bæta eigin kennsluhætti.
- Tækifæri til að deila hugmyndum og aðferðum og læra af öðrum.
- Dregur úr einangrun.
- Eykur fagvitund og fagmennsku.
- Hvetur til faglegra samræðna á milli kennara og markvissra vinnubragða.
- Eykur samvinnu og samvirkni innan kennarahópsins.
- Styrkir sjálfsmat skólans.

Skipulag:

- Félagastuðningur er hluti af starfsþróun kennara.
- Deildarstjórar leiða verkefnið og para kennara saman.
- Kennarar vinna að félagastuðningi tveir saman.
- Deildarstjórar skipuleggja heimsóknir og handleiðslusamtöl í samráði við kennarapar.
- Hver kennari fer í heimsókn til félaga einu sinni á vorönn.
- Kennarar skila matsblaði til deildarstjóra.

Samantekt um gagnsemi félagastuðnings:

- Það er áhugavert að sjá kennslu hjá öðrum.
- Gaman að sjá ólíka hópa með sama námsefni (danska).
- Gott að gefa sér tíma til að fara inn í kennslustundir hjá öðrum kennurum í skólanum. Af því er bæði gagn og gaman.
- Gaman að sjá hvernig kennsla fer fram annars staðar, hvernig bekkjarstjórnun er og fá hugmyndir.
- Skemmtileg kennslustund og gaman að sjá hvað nemendur voru áhugasamir. Gott spjall, frábær félagi. Hugmyndir fuku hægri vinstri.
- Góð skoðanaskipti og umræður um hin ýmsu mál sem tengjast nemendum.
- Ekki mikið gagn af þessu en fínar umræður sem myndast á milli kennara. Ágætt að fara inn í bekk og skoða.
- Lítið gagn af svo stuttu innliti nema ef verið væri að skoða eitthvað ákveðið t.d. samskipti einstakra nemenda.
- Gaman að heimsækja annan kennara og hitta nemendur í öðru umhverfi.
- Skemmtilegt og fróðlegt.

- Alltaf gaman að heimsækja samkennara en ég veit ekki hversu gagnlegt þetta fyrirkomulag með félagastuðning raunverulega er.
- Tvímælaust gagnsemi. Gott að fá góðar ábendingar. Alltaf skal samt muna að gagnrýni skal alltaf fylgja úrlausn.
- Það er alltaf gott og lærdómsríkt að sjá hvað og hvernig aðrir kennarar eru að gera.
- Nauðsynlegt að sjá hvað aðrir kennarar eru að gera.
- Gott að fá innsýn í starf samkennara og sjá eitthvað nýtt.

Margrét Harðardóttir skólastjóri

Fagfundir grunnskólanna

Skólaárið 2011-2012 var hleypt af stokkunum því sem kallað er fagfundir grunnskólanna í Garðabæ. Þeir voru haldnir að frumkvæði skólastjórna og skipulagðir af þeim. Kennurum þykir bæði gagnlegt og skemmtilegt að fá tækifæri til þess að kynnst kennurum úr öðrum skólum og „skiptast á og deila með“. Á þessu skólaári var haldinn einn fundur og ræddu kennarar saman og miðluðu sín á milli m.a. upplýsingum um náttúrufræðikennslu. Hittust mismunandi hópar kennara og starfsmanna í öllum skólunum. Huga þarf betur að því að taka saman helst u umræðupunkta og vinna úr þeim.

Hafðís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri



Samræða nemenda og kennara

VINALIÐAVERKEFNI Í HOFSTAÐASKÓLA

Vinaliðaverkefnið er norskt að uppruna, það hefur á fáum árum náð mikilli útbreiðslu og er nú starfrækt í yfir 1000 skólum í Noregi. Hér á Íslandi eru skólarnir orðnir 39 og þeim fjölgar jafnt og þétt. Vinaliðaverkefnið gengur út á það að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu í frímínútunum og skapa betri skólabrag.

Skólalóðin og frímínúturnar eru samkvæmt eineltisrannsóknnum, því miður, helsti vettvangurinn fyrir einelti. Vinaliðaverkefnið er ekki eineltisáætlun heldur stuðningsverkefni við eineltisáætlun skólans og er hugmyndafræðin sú að þar sem boðið er upp á skipulagt starf, fá gerendur eineltis aðra hluti til að hugsa um. Aðgerðarleysi er nefnilega oft rótin að slæmum hlutum.

Framkvæmd

Nemendur í 5. til 7. bekk tilnefna einstaklinga úr sínum bekk sem þau telja best til þess fallin að starfa sem Vinaliði. Verkefnastjórar velja svo Vinaliða í verkefnið út frá þeim tilnefningum sem koma. Vinaliðar hafa umsjón með að koma leikjum og afþreyingu í gang og taka til eftir leikina. Nemandi sem er valinn til að gegna hlutverki Vinaliða starfar í hálf ár í senn. Vinaliðinn vinnur að verkefninu í fyrri frímínútum skólans, tvo daga í viku, mánudag og miðvikudag eða þriðjudag og fimmtudag. Vinaliðinn mætir einnig á fundi þar sem starfið í frímínútum er skipulagt og vangaveltur sem því tengjast eru ræddar. Það er ekkert sem segir að Vinaliði geti ekki verið valinn aftur, bekkjarhópurinn tilnefnir þá nemendur sem honum finnst passa í starfið hverju sinni. Íþróttakennarar höfðu yfirumsjón með verkefninu.

Hvernig tókst til

Vinaliðastarfið fór vel af stað. Nemendur voru mjög jákvæðir í garð starfsins. Ákveðið var að skipta þeim í hópa og velja saman stelpu og stráka og á ólíkum aldri. Eftir nokkrar vikur fengu þau sjálf að velja sig saman. Kostirnir við að hafa þau stelpu og stráka og á ólíkum aldri er sá að fjölbreyttari hópur sækir stöðvarnar. Gallarnir eru þeir að þeim finnst erfitt að vinna með einhverjum sem þau ekki þekkja. Þetta gekk þó mjög vel. Um leið og nemendur fengu að velja sig saman virtust stöðvarnar verða einsleitari með nemendum í sama árgangi eða af sama kyni.

Vinaliðar voru misduglegir að sinna sínu hlutverki. Það kom fyrir að það þótti ekki nógu flott að vera úti í „gulu vesti“. Nemendur náðu sjaldan að vera tilbúin með stöðvarnar áður en nemendur voru komnir út í frímínútur. Það þarf að hleypa þeim fyrr út úr tíma og passa að hleypa hinum ekki fyrr út.

Vinaliðadagur var góður í alla staði. Hann var heldur of dýr. Vinaliðadagur var kannski of snemma því að vinaliðar nenntu ekki að sinna starfinu eftir það. Í ár fórst fyrir að veita vinaliðum viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Hugmynd er að veita viðurkenninguna við skólaslitin, t.d. að umsjónakennari veiti Vinaliðum síns bekkjar viðurkenningarskjal og rós. Segja má að verkefnið hafi farið vel af stað og verið tilraunarinnar virði. Næsta haust verður haldið áfram af krafti og þeir annamarkar sem í ljós komu sniðnir af.

Íþróttakennarar

FÆRNIMIÐAÐ NÁM Í STÆRÐFRÆÐI OG ENSKU

Stærðfræði í 5.-7. bekk var kennd í færnimiðuðum hópum, fimm í 5. og 7. bekk en fimm í 6. bekk og eru hóparnir kenndir við kennarana. Fæstir nemendur eru í getuminnstu hópunum og flestir í getumestu. Með færnimiðaðri kennslu er leitast við að koma betur til móts við þarfir og færni hvers og eins nemanda.

Enska í 6. og 7. bekk var kennd í færnimiðuðum hópum. Fjórum hópum í hvorum árgangi.

Nemendur í öllum hópum eiga að tileinka sér sömu eða sambærileg markmið samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Hofstaðaskóla (sjá námsvísa). Hluti nemenda ræður við fleiri og flóknari markmið og aðrir nemendur þurfa lengri tíma og meiri aðlögun.

Kennarar meta reglulega hvort nemendur séu í hóp við hæfi eða ættu að flytjast milli hópa. Þá er tekið tillit til frammistöðu úr könnunum/prófum svo og skilningi og vinnusemi nemanda miðað við aðra í hópnum.

Námsmat

Stefna skólans er að námsmat byggji á þeim markmiðum og kröfum sem gerðar eru til nemenda og getur vægi einstakra þátta verið misjafnt; sjá námsvísa.

Í stærðfræði í 5. -7. bekk tóku allir bekkir sömu kannanir og próf að undanskildum örfáum nemendum sem voru með einstaklingsnámskrá. Námsmat í ensku var misjafnt eftir hópum.

Námsárangur

Framfarir nemenda í stærðfræði á samræmdum prófum í 7. bekk gefa til kynna að færnimiðað nám sé jákvætt og bæti árangur og líðan nemenda. Sjá skýrslu um samræmd próf.

Kristrún Sigurðardóttir deildarstjóri 5.-7. bekk

HS-LEIKAR

Dagana 3. og 4. nóvember voru haldnir HS-leikar sem eru s.k. fjölgreindaleikar. Leikarnir fóru fram bæði í skólanum og í íþróttahúsinu Mýrinni. Annan daginn unnu nemendur í íþróttahúsinu en hinn daginn í skólanum. Starfsfólk mætti í furðufötum.

Nemendum var skipt upp í 34 lið sem í voru ca. 13 nemendur úr öllum árgöngum. Nemendur úr 6. og 7. bekk voru fyrirliðar og héldu tveir fyrirliðar utan um hvert lið. Settar voru upp 34 stöðvar en liðin fóru á milli þeirra og unnu saman að því að leysa margskonar þrautir sem reyndu á mismunandi hæfileika. Á hverri stöð fengu liðin stig fyrir frammistöðu og framkomu liðsmanna. Þá gátu fyrirliðar fengið stig fyrir frammistöðu.

Föstudaginn 13. nóvember var svo haldin uppskeruhátíð leikanna. Þar voru m.a. veittar viðurkenningar þeim liðum sem lentu í þremur efstu sætunum. Einnig fengu þeir fyrirliðar sem þóttu skara fram úr sérstaka viðurkenningu. HS-leikarnir tókust afar vel og hafa fest sig í sessi í Hofstaðaskóla.



Frá uppskeruhátíð leikanna – Liðið sem lenti í fyrsta sæti

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri

UMHVERFISSTARF Í HOFSTADASKÓLA

Það var ýmislegt um að vera í umhverfisstarfi skólans á skólaárinu. Ný umhverfisnefnd var kosin um haustið. Margir áhugasamir nemendur í 2. – 7. bekk buðu sig fram en tveir til þrír nemendur úr hverjum bekk sitja í nefndinni (sjá töflu). Aðrir í nefndinni voru verkefnastjórnarnir Krístrún Sigurðardóttir og Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjórnar. Áslaug Þorgeirsdóttir fulltrúi kennara, Rúnar Viktorsson húsvörður og Sigríður Kragh stuðningsfulltrúi sem fulltrúar starfsmanna og Margrét Harðardóttir skólastjóri.

Fulltrúar nemenda í umhverfisnefnd 2015-2016

Bekkir	Fulltrúi	Fulltrúi
2. BS	Elsa Dís	Marel Haukur
2. GP	Benedikt Aron	Þórhildur Sonja
2. RJ	Alexander Breki	Halla Ólöf
3. A	Bára Björk, Björn Skúli og Sölvi	
3. B	Kolfinna Kristín, Sigurbjörn Víðir og Steingrímur Mar	
4. AH	Bjarki	Ingibjörg Erla
4. ÁS	Arnar Guðni	Egill Högni
4. HK	Lovísa Rós	Ólafur Viðar
5. AMH	Eydís Guðbjörg	Kári
5. GSP	Snædís Sara	Margrét Anna
5. SJ	Atli	Dagur Orri
6. BÓ	Hrafnkatla	Signý
6. HBS	Agnes	Halldór Snær
6. ÖM	Jóhannes	Ólöf Margrét
7. GHS	Benedikt Marinó	Einar Már
7. KÓ	Nökkvi Rafn	Kara Kristín
7. ÓP	Júlían Máni	Hrannar Gauti

Fundir umhverfisnefndar

Nokkrir fundir voru haldnir á skólaárinu. Öll nefndin kom tvisvar sinnum saman. Á fyrsta fundinum var umhverfissáttmálinn yfirfarinn. Á fundi tvö sem var haldinn í febrúar var megináhersla á hugmyndavinnu fyrir umhverfisslagorð skólans. Fulltrúum var skipt í níu hópa sem vann tillögur að slagorðum. Einnig var rætt um matarsóunarverkefni og flokkun á úrgangi. Starfsmenn í umhverfisnefnd funduðu einnig nokkrum sinnum og sóttu fræðslufund á vegum Landverndar.

Umhverfissáttmáli

Á hverju ári er umhverfissáttmálinn yfirfarinn og markmið sett fyrir skólaárið. Helstu áherslur skólaársins voru þessar:

- Við göngum vel um Hofsstaðaskóla og umhverfi hans
- Við fáum fræðslu í umhverfismennt
- Við slökkvum ljós í mannlásum herbergjum
- Við nýtum pappírinn vel
- Við notum sem minnst af einnota umbúðum
- Við göngum / hjólum í skólann eins oft og hægt er
- Við flokkum úrgang í:
 - **Endurvinnanlegt**
 - Lífrænn úrgangur, plast, rafhlöður, pappír, bylgjupappi
 - **Endurnýtanlegt**
 - Afsag í smíðastofu, pappír, ýmsar umbúðir
 - **Óendurvinnanlegt**
 - Blandaður úrgangur



Útikennsla í 1. bekk

Barátta gegn matvælasóun í Hofsstaðaskóla – til verndar náttúrunni!

Eitt stærsta verkefni skólaársins var vinna gegn matarsóun. Vikuna 7. – 11. mars tóku nemendur í Hofsstaðaskóla þátt í verkefninu *Barátta gegn matvælasóun – til verndar náttúrunni* á vegum


Norden í skolen. Matarafgangar voru vigtaðir í matsalnum í eina viku hjá hverjum bekk fyrir sig og niðurstöður skráðar á vef *Norden í skolen* en þar með voru bekkirnir þátttakendur í verkefninu og áttu möguleika á að vinna 5000 DKK (95.000 ISK). Nemendur vissu ekki af verkefninu fyrsta daginn en síðan fengu þeir fræðslu um verkefnið og jafnframt átti sér stað umræða um matarsóun í heiminum og mikilvægi þess að minnka hana til að vernda umhverfið og auðlindir jarðar. Það var undravert að sjá hversu meðvitaðir nemendur urðu um að taka sér hæfilega skammta af mat þannig að sem minnst yrði hent. Nemendur sýndu það og sönnuðu að þeir geta lagt sitt af mörkum til að minnka matarsóun. Að meðaltali hentu nemendur 10 grömm af mat á dag en í 5. AMH var engum mat hent alla vikuna. Meðaltals minnkun frá fyrsta degi miðað við meðaltal næstu fjóra daga var meira en helming minnkun eða úr 18 grömm að meðaltali á mann fyrsta daginn í 8 grömm að meðaltali á dag næstu fjóra daga. Frábær árangur sem vonandi heldur áfram bæði í skólanum og inn á heimilum barnanna. Sjá niðurstöður á myndriti.



Markmiðið með þessu verkefni var að fræða nemendur og gera þá meðvitaðri um að hver og einn getur haft áhrif í umhverfismálum. Nemendur þurfa að halda áfram að standa sig vel í skólanum og vonandi skilar umræðan sér inn á heimilin þannig að öll fjölskylda verði meðvituð um að hún geti tekið þátt í þessu mikilvæga verkefni - að minnka matarsóun til verndar náttúrunni. Við eigum bara eina jörð!

Vigtun á matarafgöngum í matsal Hofsstaðaskóla að þessu sinni er ekki sú fyrsta sem þar hefur farið fram. 2013 og 2014 fór fram vigtun til að sporna gegn matarsóun og síðan núna 2016 í þriðja sinn. Á meðfylgjandi myndriti má sjá mikla breytingu til batnaðar síðan fyrri mælingar fóru fram en matarsóunin núna var rúmlega sex sinnum minni en 2014, fór úr 66 grömmum að meðaltali á nemanda 2014 í 10 grömm núna. Eflaust má rekja breytinguna m.a. til þess að á síðasta skólaári var tekin upp sú nýbreytni í skólanum að frumkvæði nemenda að þeir skammta sér sjálfir í matsal

og hefur það gefist vel. Þar með geta nemendur betur stjórnað hvað og hversu mikið þeir fá sér á diskana og þar með dregið úr matarsóun. Sannarlega glæsilegur árangur.



Nemendur 7. ÓP urðu mjög ánægðir þegar frétt barst um vinning þeirra í *Baráttunni gegn matarsóun*, en bekkurinn var dreginn út ásamt fjórum öðrum norrænum bekkjum í happdrætti *Norden i Skolen*. Þeir sigruðu þar með í 2. umferð loftslagsáskorunarinnar. Bekkurinn fékk 5.000 danskar krónur sem samsvarar um 93.000 íslenskum krónum sem rann í bekkjarsjóðinn. Nemendum fannst verkefnið vekja þá til umhugsunar um að minnka matarsóun og voru þeir sammála um að matarsóun hefur minnkað hjá þeim í matsal.



Verðlaunahafar í 7. ÓP

Fjölbreytt starf í árgöngunum

Umhverfisstarfið samþættist inni skólastarfið á marga vegu. Á yngra stigi er mikið unnið eftir sögurömmum og í þematengdum verkefnum þar sem umhverfismennt skipar oft stórt hlutverk. Í lok skólaársins var fiskapema. Á eldra stiginu fléttast umhverfismennt á ýmsa vegu inn í námið. Í 6. og 7. bekk eru stór verkefni sem tengjast Vífilsstaðavatni þar sem fugla-, plöntu- og dýralíf er skoðað. Verkefnið *Göngum í skólann* hefur verið fastur liður á haustin og á því var engin breyting. Vikulega sá einn bekkur um að hreinsa skólalóðina. Í tengslum við „Dag umhverfisins“ tók skólinn að sér að hreinsa Arnarneslækinn en nemendur í 2.–7. bekk tóku þátt í hreinsuninni og fengu að launum hvatningarstyrk frá bænum. Undir lok skólaársins gróðursettu nemendur í 4. bekk birkiplöntur í Smalaholti í samstarfi við garðyrkjudeild bæjarins. Eins og undanfarin ár tóku nemendur í 6. bekk þátt í lampasamkeppni þar sem gamall og verðlaus efniviður var vel nýttur. Í maí tóku fjölmargir starfsmenn skólans þátt í verkefninu *Hjólað í vinnuna*. Þátttaka var mjög góð og lenti skólinn í öðru sæti af sambærilegum fyrirtækjum í Garðabæ.



Nemendur í 4. bekk hreinsa Arnarneslækinn

Horft til framtíðar

Þegar horft er til framtíðar þá verða áherslubreytingar í umhverfisstarfinu í skólanum. Það kemur til vegna þess að áherslur *Landverndar* í Grænánaverkefninu eru að breytast og munu þessar breytingar verða innleiddar smátt og smátt. Umhverfissáttmálinn mun breytast og slagorð verður notað til þess að minna á umhverfisstarfið. Miklar framfarir hafa átt sé stað varðandi vitundarvakningu starfsmanna og nemenda um matarsóun og úrgang. Þessi vitundarvakning á sér líka stað í þjóðfélaginu og við erum sannarlega hluti af því og leggjum okkar af mörkum.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

VETTVANGSFERÐIR

Samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og útfærslu þeirra í skólanámskrá Hofsstaðaskóla er lögð áhersla á að hafa skólastarfið eins fjölbreytt og hægt er og að allir eigi kost á námi við hæfi. Starfið er reglulega brotið upp og tækifæri nýtt til ferða og útivistar þegar veður og aðstæður leyfa. Útivistardagar og vettvangsferðir eru mikilvægur þáttur í skólastarfinu og liggur mikill undirbúningur að baki þeim. Huga þarf vel að tengingu við markmið námskrár og tryggja að öllum nemendum líði vel og þeir fái að njóta sín.

Í upphafi skólaársins var gerð áætlun um vettvangsferðir allra árganga og gerð fjárhagsáætlun vegna þeirra. Voru strætisvagnar talsvert nýttir í vettvangsferðir sem jók verulega möguleika á þeim um leið og nemendur og starfsmenn urðu leiknari í notkun þeirra. Reglur þær er *Strætó* setur um ferðir nemenda geta valdið erfiðleikum t.d. þegar vagninn er orðinn fullur af nemendahópum úr Hafnarfirði þegar komið er í Garðabæ. Slíkt er frekar letjandi og getur valdið vandræðum að fá ekki far með vagninum þegar búið er að panta heimsókn á safn eða miða á sýningu. Í eftirfarandi töflum er yfirlit yfir þær vettvangsferðir sem farnar voru í ár.



Vinaliðar í frímínútum

Vettvangsferðir 2015-16

1. – 4. bekkur

Mánuður	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
September		Gönguferð á Úlfarsfell. Harpa tónleikar	Harpa tónleikar	Gönguferð í nágrenni skólans
Október		Alþingishúsið heimsótt í tengslum við <i>Komdu og skoðaðu Land og þjóð</i>		
Desember	Heimsóknir á leikskólana, Hæðarból. Lundaból og Akra	Kaffihúsaferð Þjóðleikhúsfarð 2. GP- Tónlistarskólinn jólatónleikar	Heimsókn á Ísafold Tónlistarskólinn jólatónleikar	Jólasýning í lðnó Tónlistarskólinn jólatónleikar.
Janúar og febrúar				Þjóðminjasafnið
Apríl	Vífilsstaðatún - listadagar	Vífilsstaðatún - listadagar	Vífilsstaðatún - listadagar	Vífilsstaðatún listadagar Náttúrufræðistofa Kópavogs
Mái	Furulundur í Heiðmörk vorferð		Bjarteyjarsandur í Hvalfirði vorferð	Heimsókn á bókasafn Garðabæjar í tengslum við sumarlestur Heimsókn í ísbúðina
Júní	Heimsókn í ísbúðina	Vorferð í Sandgerði. Heimsókn í ísbúðina		Vorferð á safnasvæðið á Akranesi. Gróðursetning í Sandahlíð

Vettvangsferðir 2015-16

5. – 7. bekkur

Mánuður	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
September	Hofsstaðir - gönguferð	Gönguferð	Vettvangsferð að Vífilsstaðavatni - hjólaferð
Október	871+ safnið		Gljúfrasteinn Vettvangsferð að Vífilsstaðavatni - hjólaferð
Nóvember	Spilakvöld (félagsvist) Þjóðminjasafnið	Vinnumorgun í Húsdýragarðinn	Halloweenball sameiginlegt
Desember	Leikhúsferð jólasýning	Leikhúsferð lðnó	Jólasýning í lðnó Jólalískó
Febrúar		Sögusafnið	Reykir
Mars	Vísindasmiðjan Skíðaferð Bláfjöll	Skíðaferð Bláfjöll	Skíðaferð Bláfjöll
Apríl		Ljósafoossvirkjun	
Maí		Hjólaferð og sundferð á Álftanes Hjólaferð að Vífilsstaðavatni/ fuglaskoðun Diskó	Bjarteyjarsandur
Júní	Þingvellir	Reykholt	

SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk fóru fram í Hofsstaðaskóla dagana 24. og 25. september 2015. Prófað var í íslensku og stærðfræði. Taflan sýnir normaldreifða einkunn í 4. og 7. bekk sl. 3 ár.

Normaldreifð einkunn á kvarðanum 0-60				
	Hofsstaðaskóli 2013	Hofsstaðaskóli 2014	Hofsstaðaskóli 2015	Landið
4. bekkur íslenska	32,6	31,2	31,3	30
4. bekkur stærðfræði	33,5	32	28,6	30
7. bekkur íslenska	32,9	35,4	33,1	30
7. bekkur stærðfræði	33,4	34,2	31,3	30

Fjöldi nemenda

Í 4. bekk voru 63 nemendur. Ellefu nemendur fengu stuðningsúrræði í íslensku og stærðfræði þ.e. lesstuðning. Einn nemandi var veikur báða dagana og annar í leyfi þegar íslenskuprófið var lagt fyrir. Í 7. bekk voru 71 nemandi. Tíu nemendur fengu stuðningsúrræði í íslensku og níu nemendur í stærðfræði þ.e. lesstuðning. Einn nemandi var veikur báða dagana og einn nemandi tók ekki íslenskuprófið, var með undanþágu.

Úrvinnsla

Deildarstjórar yngra og eldra stigs vinna úr niðurstöðum á samræmdum könnunarprófum. Við úrvinnslu er stuðst við normaldreifðar einkunnir og þeim skipt upp í þrjá flokka þ.e. 0-22 sem skilgreind er sem *lág* einkunn af Námsmatsstofnun sem um 23% nemenda á landsvísi eru með, 23-37 *meðal* sem eru um 54% nemenda og 38-60 *há* sem um 23% nemenda á landsvísi eru með. Skoðaður árangur skólans í heild sinni, einstaka bekkir, árangur eftir kyni og síðan einstaka nemendur. Þá eru skoðaðar framfarir frá 4.-7. bekk þar sem árangur 63 nemenda í 7. bekk 2015 er borinn saman við árangur þeirra í 4. bekk Hofsstáðaskóla 2012. Niðurstöður eru settar upp í súlurit þar sem árangur einstakra bekkjra, árgangsins og kynja er skoðaður.


4. BEKKUR NIÐURSTÖÐUR

Íslenska	Samræmdupr. eink. HS	Normaldreifð HS	Landið
Heildareinkunn	5,9	31,3	30
Stafsetning	5,2	31,9	30
Lestur/hlustun	6,0	30,0	30
Málnotkun	6,0	31,1	30
Ritun	6,7	32,5	30

Hofsstaðaskóli er yfir landsmeðaltali í íslensku í heildina og öllum námsþáttum nema í lestri/hlustun þar sem meðtalið er 30. Normaldreifð heildareinkunn skólans er 31,3 sem er 4,2% yfir landsmeðaltali. Ritunin kemur hlutfallslega best út en þar er skólinn 7,7% yfir landsmeðaltali. Sjá töflu að ofan.


Íslenska samanburður kynja

Þegar árangur stelpna og stráka er borinn saman í íslensku þá er betri heildarárangur hjá stelpum í öllum námsþáttum nema málnotkun. Normaldreifð meðaleinkunn stelpna er 32,1 en stráka 30,6. Í ritun munar mest á kynjunum, normaldreift meðaltal hjá stelpum er 34,4 en stráka 30,7.




Myndin hér fyrir neðan sýnir hvernig dreifing er í öllum námsþáttum í íslensku þ.e. í lága, meðal og háa normaldreifða einkunn. Nemendur koma vel út úr öllum námsþáttum í íslensku. Ritun kemur mjög vel út en 41% raðast með háa einkunn og 44% með meðal. Í lestur/hlustun mættu fleiri raðast með háa einkunn en þar eru 18% nemenda en viðmið landsins er 23%.

4. bekkur samræmd próf 2015 Íslenska allir námsþættir normaldreifðar einkunnir




Myndin sýnir hvernig dreifingin er í öllum námsþáttum í íslensku hjá stelpum

4. bekkur samræmd próf 2015 Íslenska stelpur allir námsþættir normaldreifðar einkunnir



Myndin sýnir hvernig dreifingin er í öllum námsþáttum í íslensku hjá strákunum




Stærðfræði	Samræmdupr. eink. HS	Normaldreifð HS	Landið
Heildareinkunn	6,3	28,6	30
Reikningur	6,4	28,1	30
Rúmfræði	5,8	28,8	30
Tölur	6,4	29,6	30


Hofsstaðaskóli er undir landsmeðaltali í stærðfræði í heildina og öllum námsþáttum. Í heildina er skólinn 4,6% undir landsmeðaltali. Sjá töflu að ofan.

Stærðfræði samanburður kynja



Þegar árangur stelpna og stráka er borinn saman í stærðfræði þá er betri heildarárangur hjá strákum í öllum námsþáttum. Normaldreifð meðaleinkunn stráka er 29,4 en stelpna 27,6. Í rúmfræði og tölum ná strákar rétt yfir meðaltal landsins sem er jákvætt. Í rúmfræði munar mest á kynjunum, normaldreift meðaltal hjá strákum er 30,1 en stelpum 27,1. Árangurinn í stærðfræði er ekki nógu góður og þá sérstaklega hjá stelpum.



Myndin hér fyrir neðan sýnir hvernig dreifing er í öllum námsþáttum í stærðfræði þ.e. í lága, meðal og háa normaldreifða einkunn. Fleiri nemendur mættu raðast með háa einkunn í rúmfræði og reikningi og færri raðast með lága einkunn.



Næstu tvær myndir sýna hvernig dreifingin er í öllum námsþáttum í stærðfræði hjá stelpum og strákum.




7. BEKKUR NIÐURSTÖÐUR

Íslenska		Samræmdar eink. HS	Normaldreifð HS	Landið
Heildar einkunn		6,5	33,1	30
Stafsetning		7	33,4	30
Lestur/hlustun		6,5	32,6	30
Málnotkun		6	31,4	30
Ritun		7,2	33,9	30


Hofsstaðaskóli er yfir landsmeðaltali í íslensku í heildina og öllum námsþáttum. Í heildina er skólinn um 10,3% yfir landsmeðaltali. Ritun kemur hlutfallslega best út en þar er skólinn um 13% yfir lands-meðaltali. Sjá töflu hér fyrir ofan.

Myndin hér fyrir neðan sýnir hvernig dreifing er í öllum námsþáttum í íslensku þ.e. í lága meðal og háa normaldreifða einkunn.




Íslenska samanburður kynja

Þegar borinn er saman árangur stelpna og stráka í íslensku kemur í ljós að stelpur standa sig betur í öllum þáttum. Mestu munar í ritun eða tæpum 27% sem stelpur eru með hærri normaldreifða einkunn en strákar. Í lestri og hlustun munar tæpum 10%. Sjá mynd fyrir neðan.




Á myndinni hér fyrir neðan sést að fleiri strákar eru með lága og meðal einkunn en fleiri stelpur með háa normaldreifða einkunn eða 71,5% fleiri stelpur en strákar.



Samanburður á 4. bekk 2012 og 7. bekk 2015 – sömu nemendur

Taflan hér fyrir neðan sýnir breytingu á hlutfalli nemenda í íslensku frá 4. bekk 2012 og 7. bekk 2015 miðað við lága, meðal og háa normaldreifða einkunn.




Stærðfræði

Stærðfræði	Samræmdar eink. HS	Normaldreifð HS	Landið
Heildar einkunn	7,2	34,3	30
Reikningur	7,3	33,3	30
Tölfræði	7,7	32,7	30
Rúmfræði	6,6	35	30


Hofsstaðaskóli er yfir landsmeðaltali í stærðfræði í heildina og öllum námsþáttum. Í heildina er skólinn um 14,3% yfir landsmeðaltali. Rúmfræði kemur hlutfallslega best út en þar er skólinn um 16,6% yfir landsmeðaltali. Sjá töflu hér fyrir ofan.

Myndin hér fyrir neðan sýnir hvernig dreifing er í öllum námsþáttum í stærðfræði þ.e. í lága, meðal og háa normaldreifða einkunn.




Stærðfræði samanburður kynja

Þegar borinn er saman árangur stelpna og stráka í stærðfræði kemur í ljós að ekki er marktækur munur á árangri stelpna og stráka hvort heldur í heildina eða í einstaka þáttum. Sjá mynd hér fyrir neðan.



Samanburður á 4. bekk 2012 og 7. bekk 2015 – sömu nemendur

Enginn marktækur mundur kom í ljós þegar normaldreifð einkunn í stærðfræði hjá nemendum í 4. bekk Hofstaðaskóla 2012 var borin saman við einkunnir sömu nemenda í 7. bekk 2015. Sjá mynd fyrir neðan.



Viðbrögð við niðurstöðum

Farið var yfir niðurstöður með umsjónarkennurum, sérkennurum og stjórnendum. Niðurstöður voru bornar saman við niðurstöður fyrri ára. Allir námsþættir voru skoðaðir og metið hvaða þættir komu vel út og hvaða þætti mætti styrkja. Niðurstöður voru notaðar til umbóta hjá einstaklingum, einstaka bekkjum og árgöngum í heild sinni. Helstu niðurstöður voru kynntar fyrir skólanefnd og eru einnig birtar í ársskýrslu skólans.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

3. ÝMSAR SKÝRSLUR

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA YNGRI OG ELDRI DEILDA

Deildarstjórar sitja í stjórnunarteymi skólans og eru því virkir í daglegri stjórnun hans. Þeir koma að skipulagningu og halda utan um ýmsa þætti skólastarfsins til dæmis í tengslum við skipulag starfsdaga, samræmdra prófa, HS-leika, öskudags, jólaskeiðanna, íþróttadags, dagskrá á *Degi íslenskrar tungu*, þemavinnu, UNICEF – hreyfingu, vímuvarnarhlaups, námskeiða, fræðslufunda o.fl.

Deildarstjórar sinna fjölbreyttum verkefnum ásamt því að hafa fimm tíma kennsluskyldu. Að hausti er skólabyrjun undirbúin sem meðal annars felur í sér stundatöflugerð, skipulag list- og verkgreina, skipulag færnimiðaðs náms, hópaskiptingar í ýmsum greinum og röðun nemenda í bekk. *Skólanámskrá C* sem hefur að geyma ýmis gögn er yfirfarin, endurskoðuð og uppfærð. Búið er til skipulag yfir samveru og samsöng á sal, skipulag fyrir matsal, hreinsun á skólalóð og innanhússkóladagatal. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með bókageymslum og kennslugögnum og sjá um kaup á námsbókum og námsgögnum. Þeir lesa yfir námsvísa til samræmingar milli árganga svo og kennsluáætlanir.

Deildarstjórar halda utan um og panta, í samstarfi við kennaranna, ýmsa listviðburði og vettvangsferðir er tengjast skólastarfinu. Þeir sitja í starfshópnum *Gegn einelti í Garðabæ* og stýra þeirri vinnu í skólanum ásamt námsráðgjafa. Þeir skipuleggja stigsfundi og stjórna þeim, sitja nemendaverndarráðsfundi, árgangafundi og fundi með skólastjórnendum tvisvar í viku. Þeir sitja skilafundi og fundi vegna einstakra nemenda ef þess er óskað.

Deildarstjóri yngri deilda sér um samskipti við leikskóla bæjarins og situr fundi vegna *Brúum bilið* samstarfsáætlunar leik- og grunnskóla. Hann skipuleggur reglulegar skólaheimsóknir fyrir samstarfsleikskólana og vorheimsóknir fyrir verðandi 1. bekinga. Hann sér um skipulagningu á kynningarfundum fyrir foreldra verðandi 1. bekinga. Á skólaárinu stýrði hann einnig þróunarverkefninu *Vinum saman – teymiskennsla í 1. – 3. bekk*, var verkefnastjóri í *SKÍN* verkefninu og sat í *Læsteymi* á vegum skólaskrifstofu bæjarins.

Deildarstjóri eldri deilda sér um framkvæmd og úrvinnslu á *Skólapúlsinum* með nemendum í 6. og 7. bekk. Hann sér um samskipti við Garðaskóla og Sjálandsskóla. Hann kemur að undirbúningi og framkvæmd á þorablóti 6. bekinga og árshátíð 7. bekinga, *Stóru upplestrarkeppninni* og Reykjaferð. Einnig er hann prófdómari í framsögn í einum árgangi. Hann stjórnar fundum í Nemendafélagi Hofsstaðaskóla og skipulagði skíðaferðir á miðstigi.

Deildarstjórnarnir eru virkir í umhverfisstarfi skólans, sitja í umhverfisnefnd og eru verkefnastjórar *Grænfánaverkefnisins*. Þeir halda utan um námsmat í skólanum í samvinnu við kennara og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni. Þeir sjá um skipulag vegna framkvæmdar á samræmdum prófum og vinna úr niðurstöðum þeirra. Deildarstjórar sækja námskeið og fræðslufundi til að kynna sér nýjungar í kennslu og námsefni til að miðla áfram til kennara. Í ár fór mikill tími þeirra í vinnu vegna endurskoðunar skólanámskrár og stýrðu þeir vinnuni í samráði við skólastjóra.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Kristrún Sigurðardóttir
deildarstjórar

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 1. BEKK

Helstu áherslur árgangsins

Í 1. bekk voru 80 nemendur, 40 stúlkur og 40 drengir. Umsjónarkennarar voru Anna Þóra Jónsdóttir, Elín Margrét Kristinsdóttir, Ólöf Harpa Gunnarsdóttir og Sigrún Ásgeirsdóttir. Sérkennari var Guðrún Dögg Jóhannsdóttir, Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir og Þóra Þórisdóttir sáu um nýbúakennslu. Proskapjálfar voru Anna Laxdal og Ragnhildur Sigurðardóttir. Stuðningsfulltrúar voru Agnes Kragh, Ásta Þorsteinsdóttir, Erla Dögg Héðinsdóttir, Magnús Anna Arnarsdóttir, Melissa Guðlaug Haire, Selma Ramdani, Sigríður Kragh, og Sigurborg A. Helgadóttir.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Unnið var í hringekju í íslensku. Stuðst var við söguramma í samfélags- og náttúrufræðigreinum, að auki var innlagnar- og einstaklingskennsla.

List- og verkgreinar voru kenndar tvisvar sinnum í viku, ásamt eðlisvísindum, stærðfræðiþrautum, tölvum og bókasafni.



Leikarar á sviði

Námsmat/námsaðlögun

Allt námsmat var birt í námsframvindu í *Mentor.is*. Íslenska, stærðfræði og skólafærni á haustönn. Á vorönn bættust við skrift, samfélags- og náttúrufræði, tölvur og enska. Auk þess sem námsmat í íslensku og stærðfræði var ítarlegra.

Í október var lagt fyrir lesskimunarprófið *Leið til læsis*. Niðurstöðurnar voru nýttar til að greina þá nemendur sem þurftu snemmtæka íhlutun og unnið var með þá í litlum hópum hjá sérkennara. Nemendur í þessum hópum voru metnir í febrúar og hóparnir endurskoðaðir.

Lestrarkennsluaðferðin sem stuðst var við kallast *Vörður og vegvísir* en samkvæmt henni eru lagðir inn tveir til þrír bókstafir á viku og allri stafainnlögn var lokið fyrir jól. Notast var við

lestrarbækur og verkefni af vefnum *123skoli.is*. Með hverri stafainnlögn fylgdu lestrarbækur svokallaðar *Omma-bækur* þar sem unnið var með þá bókstafi sem lagðir voru inn hverju sinni. Eftir áramót var unnið áfram í hringekjum í íslensku innan hvers bekkjar, viðfangsefni hverju sinni voru stundum lögð inn í tengslum við barnabækur. Við upprifjun á stöfum var unnið í Lestrarlandinu vinnubók 1 og 2.

Kennarar voru ánægðir með verkefni, skipulag og vinnu vetrarins sem skilaði mjög góðum árangri í lestri. Því má líka bæta við að nemendur voru mjög ánægðir með fyrirkomulagið og fannst verkefni áhugaverð og skemmtileg.

Stærðfræði var einnig kennd í hringekjuformi.

Árgangurinn hafði til umráða 10 spjaldtölvur sem notaðar voru bæði í íslensku og stærðfræði. Fimm spjaldtölvur voru í hvorum bekk.

Þrír nemendur í árganginum unnu eftir einstaklingsnámskrá og voru með stuðning í kennslustundum. Þroskaþjálfar unnu félagsfærnisögur með nokkrum nemendum.

Þróunarstarf/nýbreytni

Árgangurinn skiptist í tvo 40 barna bekki. Teymiskennsla (tveggja kennarateymi) var aðalkennsluaðferðin og samkennsla. Tveir umsjónarkennarar voru í þróunarverkefninu *SKÍN* og unnu verkefni tengt því í íslensku.



Áhugasamir nemendur

Umhverfisfræðsla

Farið var yfir flokkun á sorpi. Nemendur hreinsuðu skólalóð. Horft var á myndbönd sem tengdust endurvinnslu.

Skemmtanir, félagslíf og foreldrasamstarf

Haldin var 100 daga hátíð í febrúar. Á bekkjarkvöldi haustannar var spilakvöld. Á vorönn var bekkjarsýning þar sem foreldrar fengu að sjá skemmtidagskrá sem nemendur sýndu á sal skólans

fyrir nemendur yngra stigs. Í desember var morgunkaffi og jólaföndur með foreldrum. Jólaleiksýningin *Hvar er Stekkjastaur?* var sýnd á sal skólans. Á vorönn voru listadagar barna í Garðabæ og komu krakkarnir á Hæðarbóli í heimsókn og sungu fyrir hópinn. Farið var á Vífilsstaðatún í tengslum við listadaga. Börnin sömdu ljóð sem borin voru í hús í hverfinu. Sendir voru vikupóstar og upplýsingapóstar, þess á milli ef þörf var á til foreldra. Kynning var að hausti þar sem fyrirkomulag í 1. bekk var kynnt að auki var deildarstjóri sérkennslu var með fræðsluerindi um lestur. Í öðrum bekknum voru vinahópar að ósk foreldra og aðstoðuðu kennarar við að raða í hópa. Farið var í vorferð í Furulund í Heiðmörk og tókst sú ferð mjög vel.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í 1. bekk gekk almennt vel. Þá sérstaklega hringekjurnar í íslensku og stærðfræði. Veturinn hefur verið mjög skemmtilegur, fjölbreyttur og annasamur. Áhersla var lögð á að hafa kennsluna fjölbreytta og lifandi. Nemendur hafa sýnt mjög góðar framfarir í lestranáminu og eru kennarar afar stoltir af því.

Endurskoða mætti rýmið sem börnin eru í með tilliti til þess skipulags sem er í árganginum.

Við teljum að það sé ekki þörf á því að kenna ensku í 1. bekk. Tímanum getur verið betur varið í annað. Hægt er að nota ensku sem uppbrot. Við erum mjög ánægðar með tæki og tól sem við fengum til afnota eins og míkrafón og bókvarpann. Það væri frábært að fá handmíkrafóna sem hægt væri að leyfa börnunum að nota.

Anna Þóra Jónsdóttir, Elín Margrét Kristinsdóttir,
Ólöf Harpa Gunnarsdóttir og Sigrún Ásgeirsdóttir.



Skrautleg á öskudaginn

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 2. BEKK

Helstu áherslur árgangsins

Í 2. bekk voru 65 nemendur, 33 stúlkur og 32 drengir. Umsjónarkennarar voru Bryndís Svavarsdóttir, Gunnhildur Þórðardóttir og Ragna Jóhannsdóttir. Sérkennari var Guðrún Dögg Jóhannsdóttir í íslensku og stærðfræði. Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir sérkennari sinnti nýbúakennslu. Stuðningsfulltrúar voru Agnes Kragh, Erla Dögg Héðinsdóttir, Selma Ramdani, Magndís Anna Arnarsdóttir og Sólrún Guðbjörnsdóttir myndmenntakennari kom inn sem stuðningur fyrri part vetrar.



Í heimsókn í tónlistarskólanum

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Bekkjakennsla var í árganginum, en unnið var í hringekjum (sjá nýbreytni og þróunarstarf) þvert á bekk í íslensku, stærðfræði og ensku. Stuðst var við söguramma í samfélags- og náttúrufræðigreinum. Námsfni var lagt inn á mismunandi hátt þ.e innan hvers bekkjar fyrir sig eða í hringekju.

List- og verkgreinar voru kenndar tvisvar sinnum í viku. Þar var kennt: Smíði, textíl, heimilisfræði, myndmennt, tölvufærni, eðlisvísindi og sund.

Námsmat/námsaðlögun

Allt námsmat var birt í námsframvindu í *Mentor*. Nemendur voru lestrarprófaðir að hausti og í kjölfarið var nemendum raðað í sérkennsluhópa hjá Guðrúnu Dögg. Nemendur í þessum hópum voru metnir um áramót og í febrúar og hóparnir endurskoðaðir. Lestarpóf fóru einnig fram í maí.

Í stærðfræði voru notaðar kannanir úr *Sprota* eftir hvern kafla. Í desember og maí var lagt fyrir lokapróf úr *Sprota*.

Í íslensku voru námsþættir vetrarins prófaðir og notaðar voru kannanir til að meta þau markmið sem höfðu verið sett fram í upphafi skólaárs.

Í skrift var lagt fyrir stutt skriftarpróf og sögubækur nemenda notaðar við námsmat. Í ritun var lagt fyrir stutt ritunarverkefni sem haft var til hliðsjónar að vori.



Ferðalangar

Þróunarstarf/Nýbreytni

Hringekja var nýbreytni í 2. bekk. Hún var skipulögð þvert á árganginn þrisvar sinnum í viku. Nemendum var skipt í fimmtán 4-5 barna hópa sem skiptust á þrjár kennslustofur og voru fimm hópar í hverri stofu. Eftir fimm skipti var skipt um kennslustofu og þannig gekk það allan veturinn. Tvisvar sinnum yfir veturinn var hópunum stokkað upp svo að nemendur næðu að vinna með sem flestum. Kennarar ákváðu verkefnaval í sameiningu í íslensku, stærðfræði og ensku á árgangafundum. Í íslensku voru barnabækur og samfélags-/náttúrufræðibækur (*Komdu og skoðaðu* bækurnar) notaðar sem grunnur við kennsluna í hringekju. Verkefnaval var fjölbreytt og lögð var áhersla á hlutbundna vinnu. Kennarar voru ánægðir með vinnu vetrarins sem skilaði meðal annars mjög góðum árangri í lestri.

2. bekkur hafði til umráða tólf spjaldtölvur sem notaðar voru í hringekju og inni í bekk, bæði í íslensku, ensku og stærðfræði. Kennarar þróuðu með sér skipulag þar sem allir nemendur höfðu jafnan aðgang að tækjunum.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Farið var yfir flokkun á sorpi. Nemendur hreinsuðu skólalóð og Arnarneslæk. Horft var á myndbönd sem tengdust endurvinnslu. Einnig var umhverfisfræðsla tekin fyrir á bekkjarfundum eftir viðfangsefni sem hentaði hverju sinni. Farið var í vettvangsferðir í Hvalasafnið, fjallgöngu á Úlfarsfell, Alþingishúsið var skoðað og þekkingarsetrið í Sandgerði var heimsótt.



Skemmtileg safnaheimsókn

Lífsleikni

Lífsleikni fléttaðist inn í samfélagsfræði og íslensku og tekin voru fyrir viðfangsefni sem komu upp hverju sinni. Farið var yfir skólareglur og bekkjareglur voru samdar. Námsráðgjafi var fenginn til þess að aðstoða í nokkrum málum sem upp komu innan árgangsins. Hjúkrunarfræðingur var með fræðslu varðandi svefn og heilsu.

Nemendur sáu sýninguna *Krakkarnir í hverfinu*, sem er leiksýning á vegum Velferðarráðuneytisins. Þar eru brúður notaðar til að fræða börn um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi.

Enska

Unnið var með ensku í gegnum leik, söng og verkefnavinnu. Tekin voru fyrir viðfangsefni eins og dýr, litir, fatnaður, líkamshlutar, vikudagar og fjölskyldan. Unnið var með bókina *Right On ásamt myndböndum og margs konar verkefnablöðum*.

Skemmtanir og félagslíf

Hver bekkur um sig var með eitt bekkjarkvöld á hvorri önn. Foreldrar fengu að sjá skemmtidagskrá sem nemendur sýndu á sal skólans fyrir 1.-4. bekk.

Bekkjarfundir

Bekkjarfundir voru að jafnaði einu sinni í viku yfir veturinn. Á fundunum voru tekin fyrir málefni eins og stríðni, kurteisi, orsök og afleiðing, umgengni og fleira. Einnig var unnið með viðfangsefni sem komu upp hverju sinni.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með ágætum, tveir bekkjarfulltrúar voru í hverjum bekk. Í bekkjunum voru vinahópar að ósk foreldra og aðstoðuðu kennarar við raða vel í hópa.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í 2. bekk gekk mjög vel og námsárangur var ágætur. Má það rekja sérstaklega til margra fjölbreyttra og góðra kennsluaðferða, góðs skipulags og áherslu umsjónarkennara á að halda vel utan um kennsluna og vinnu nemenda fyrst og fremst. Hringekja sem var þrisvar í viku í samtals sex tíma, var ein af mörgum kennsluaðferðum. Hún gaf tækifæri til að auka vinnufærni nemenda í hópum með því að blanda þeim saman úr bekkjunum og skapa þar með tilbreytingu og þroska samvinnuhæfni. Að mati kennara er þessi árgangur afskaplega vinnusamur og duglegur. Samstarf kennara gekk vel fyrir sig og var gott samkomulag varðandi skipulag kennslunnar og annað fyrirkomulag.

Bryndís B. Svavarsdóttir, Gunnhildur Þórðardóttir og Ragna Jóhannsdóttir.

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 3. BEKK

Helstu áherslur árgangsins

Í 3. bekk voru 77 nemendur, 42 stúlkur og 35 drengir. Umsjónarkennarar voru Ásta Kristjánsdóttir, Bryndís Stefánsdóttir, Eva Björnsdóttir og Ingibjörg Sigfúsdóttir. Guðrún Pálsdóttir kenndi einnig nokkra tíma á viku í 3. A. Sérkennarar voru Bergljót Vilhjálmisdóttir og Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir. Þroskaþjálfari var Ragnhildur Sigurðardóttir. Stuðningsfulltrúar voru Agnes Kragh, Ásta Þorsteinsdóttir, Erla Dögg, Magnús Anna Arnarsdóttir, Melissa Haire og Sigríður Kragh.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Teymiskennsla var í árganginum (sjá nánar í þróunarstarf/nýbreytni) og unnið var í hringekjum í íslensku og stærðfræði. Stuðst var við söguramma í samfélags- og náttúrufræðigreinum. Námsfærni var oft lagt inn fyrir bekkinn, í smærri hópum eða einstaklingslega.

List- og verkgreinar voru kenndar tvisvar sinnum í viku. Fyrir utan hefðbundnar greinar voru gagnvirkur lestur, útikennsla stærðfræðiþrautir, tölvur og eðlisvísindi kennt í list- og verkgreina-lotum.



Sungið fyrir heimilisfólk á Ísafold

Námsmat/námsaðlögun

Allt námsmat var birt í námsframvindu í *Mentor*. Nemendur voru lestrarprófaðir að hausti og í kjölfarið var nemendum raðað í sérkennsluhópa hjá Bergljótu og Gunnhildi Ástu. Nemendur í þessum hópum voru metnir um áramót og í febrúar og hóparnir endurskoðaðir.

Í stærðfræði voru notaðar kannanir úr *Sprota* eftir hvern kafla sem fjarlægðar höfðu verið úr bókinni. Miðsvetrar- og vorpróf sem fylgja *Sprota 3* voru lögð fyrir með smávægilegum breytingum.

Í íslensku var lagt fyrir lesskilningsprófið *Orðarún* að hausti og vori. Nokkrir nemendur fengu aðlagð próf í lesskilningi að vori. Kennarar útbjuggu kannanir til að meta önnur markmið í íslensku sem höfðu verið sett fram í upphafi skólaárs.

Í skrift og ritun voru lögð fyrir ritunarverkefni að hausti og vori, einnig voru sögubækur nemenda notaðar við námsmat.

Í ensku voru virkni og áhugi metin

Þróunarstarf/Nýbreytni

Haldið var áfram með sama fyrirkomulag og var í 1. og 2. bekk. Árgangurinn skiptist áfram í tvo nemendahópa og voru tveir kennarar með umsjón í hvorum hópi. Kennarar ræddu verkefnaval í sameiningu í íslensku og stærðfræði á árgangafundum. Einn kennari úr hvorum bekk hafði umsjón með áframhaldandi vinnu og útfærslu á verkefnunum. Kennt var að mestu leyti í hringekjum allan veturinn. Í íslensku voru barnabækur og samfélags-/náttúrufræðibækur, *Komdu og skoðaðu* bækurnar, notaðar sem grunnur við kennsluna. Í stærðfræði var unnið út frá *Sprota 3* og útfærslur á verkefnum í hringekju voru tengdar námsþáttum hverju sinni. Verkefnaval var fjölbreytt og lögð var áhersla á hlutbundna vinnu. Bæði var unnið innan bekkjar og þvert á árgang. Kennarar voru ánægðir með verkefnin, skipulagið og vinnu vetrarins. Nemendur voru mjög ánægðir með fyrirkomulagið. Kennari í hópnum tók þátt í þróunarverkefninu *SKÍN* og byrjuðu kennarar árgangsins að vera með sýnilega markmið á veggjunum fyrir hverja hringekju í íslensku og stærðfræði. Einnig var prófað að notast við s.k. *brottfaraspjöld* í lok kennslustundar og nemendur beðnir um að leggja mat á þau verkefni sem lögð voru fyrir í hringekju.

3. bekkur hafði til umráða tólf spjaldtölvur sem notaðar voru í hringekju í íslensku, stærðfræði, samfélags-/náttúrufræði og ensku. Um vorið var forritið *Kahoot* notað til upprifjunar í stærðfræði og íslensku. Þegar kennarar byrjuðu að nota forritið sáu þeir að mögulegt hefði verið að nota það meira í hringekjum fyrr um veturinn. Kennarar þróuðu með sér skipulag þar sem allir nemendur höfðu jafnan aðgang að tækjunum. Hvor hópur um sig hafði sex tæki til umráða.

Útikennsla

Fastir tímar í útikennslu voru hluti af list- og verkgreinum. Einnig var verkefnavinna utandyra þegar tækifæri gafst.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Farið var yfir flokkun á sorpi. Nemendur hreinsuðu skólalóð og Arnarneslæk. Einnig var umhverfisfræðsla tekin fyrir á bekkjarfundum eftir viðfangsefni sem hentaði hverju sinni.

Lífsleikni

Lífsleikni fléttaðist inn í samfélagsfræði og íslensku og tekin voru fyrir viðfangsefni sem komu upp hverju sinni. Farið var yfir skólareglur og bekkjarreglur voru samdar. Hugleiðsla og slökun var reglulega yfir veturinn. Námsráðgjafi var fenginn til þess að aðstoða í nokkrum málum sem upp komu innan árgangsins. Hjúkrunarfræðingur var með fræðslu varðandi hollustu og hreyfingu.

Nemendur horfðu á myndina *Leyndarmálið*, sem er forvarnarverkefni á vegum samtakana *Blátt áfram*.



Yogatími

Enska

Unnið var með ensku í gegnum leik, söng og verkefnavinnu. Notað var við nýtt efni frá Menntamálastofnun, *Connect* sem samanstendur af nokkrum þemaheftum um árstíðirnar, hátíðisdaga og hafið. Einnig á dagskrá var þemaverkefni sem var samþætt íslensku um afmæli. Horft var á ýmis myndbönd og söngva á netinu.

Skemmtanir og félagslíf

Hvor bekkur um sig var með eitt bekkjarkvöld. Foreldrar fengu að sjá skemmtidagskrá sem nemendur sýndu á sal skólans fyrir 1.-4. bekk.

Bekkjarfundir

Bekkjarfundir voru að jafnaði einu sinni í viku yfir veturinn. Á fundunum voru tekin fyrir málefni eins og stríðni, kurteisi, orsök og afleiðing, umgengni og fleira. Einnig var unnið með viðfangsefni sem komu upp hverju sinni.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með ágætum, fjórir bekkjarfulltrúar voru í hvorum bekk.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í 3. bekk gekk vel í heild og þá sérstaklega hringekjuskipulag í íslensku og stærðfræði. Teymiskennslan hefur gengið vel síðustu ár. Vel gekk að blanda nemendum í verkefni þvert á árganginn og eiga nemendur auðvelt með að vinna saman. Að mati kennara er minna um árekstra/ósamkomulag á milli nemenda en þeir hafa þekkt áður og telja kennarar að rekja megi það að hluta til hve margir nemendur eru í hvorum bekk. Nemendur hafa fleiri valkosti um leikfélaga og nýir nemendur aðlöguðust auðveldlega nemendahópnum.

Umsjónarkennarar telja að endurskoða mætti mat á ritun og skrift og það yrði aðeins gert að vori. Einnig má taka út markmiðið *skrár í talnahús* og sameina markmið um form og samsíðunga í stærðfræði.

Ásta Kristjánsdóttir, Bryndís Stefánsdóttir
Eva Björnsdóttir og Ingibjörg Sigfúsdóttir.

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 4. BEKK

Í lok skólaárs voru í 4. bekk 59 nemendur í þremur bekkjum. Umsjónarkennarar voru Anna Ágústa Hauksdóttir 4. AH, Ágústa Steinarsdóttir 4. ÁS og Hrönn Kjærnested 4. HK. Guðrún Pálsdóttir kenndi ensku í 4. AH. Sérkennarar árgangsins voru Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Margrét Einarisdóttir ásamt stuðningsfulltrúum.

Helstu markmið og áherslur árgangsins í námi og starfi

Helstu markmið og leiðir í náminu í vetur miðuðu að því að nemendur öðluðust færni í góðum vinnubrögðum og samskiptum. Áhersla var lögð á að efla sjálfstæði í vinnubrögðum, samvinnuhæfni og vandvirkni. Mikilvægur þáttur í starfinu var að styrkja samskipti og félagsfærni innan árgangsins. Sem dæmi má nefna bekkjarfundi, heimboð í stofur og fundi þar sem sameiginlega þurfti að leysa mál sem upp komu. Einnig sameiginlegar vettvangsferðir og leikir.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Fjölbreyttir kennsluhættir og samþætting námsgreina voru höfð að leiðarljósi. Sérstök áhersla var lögð á lestur og lestartengd verkefni. Markvisst var unnið með lestexta, lesskilning og orð meðal annars í hringekju innan árgangsins. Í vetur tók 4. bekkur þátt í *Litlu upplestrarkeppninni*. Skipulag Hafnarfjarðarbæjar var haft til hliðsjónar en það var aðlagð og breytt eftir því sem við átti. Einstaklings- og færnimiðað nám var í íslensku og stærðfræði þar sem hver og einn fékk tækifæri til að vinna á sínum hraða eftir getu og áhugasviði. Enska, tölvu- og upplýsingatækni voru



sambætt öðrum námsgreinum allan veturinn. Útikennsla og vettvangsferðir tengdust náttúrufræði, samfélagsfræði og stærðfræði. Unnið var í lotum í samfélags-, náttúru- og trúarbragðafræði.

Námsmat

Námsmat var breytilegt eftir námsgreinum. Í stærðfræði voru lagðar fyrir kannanir yfir önnina og annarpróf í lokin. Í íslensku voru lögð fyrir próf í lestri, lesskilningi, málrækt, ritun, skrift og stafsetningu. Í samfélags- og náttúrugreinum voru verkefni, virkni, sjálfsmat og áhugi metin. Námsmat var skráð í námsframvindu í *Mentor*. Sérkennarar aðstoðuðu við prófatöku þegar á þurfti að halda.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Í árganginum var unnið í tengslum við þróunarverkefnið *SKÍN, innra mat til eflingar faglegs skólastarfs*. Í árganginum var unnið með skýra markmiðssetningu. Einnig var lögð áhersla á samantekt við lok námslotu þar sem farið var yfir hvernig til tókst. Fleiri hugmyndir voru prófaðar, til dæmis varðandi endurgjöf og hvatningu. Sérstök áhersla var lögð á framsögn og tjáningu í tengslum við *Litlu upplestrarkeppnina*. Í árganginum var haldið áfram að vinna með þróunarverkefnið *Orð af orði* sambætt öðrum greinum. Nemendur voru hvattir til að sýna frumkvæði og leggja sitt af mörkum til hugmynda- og verkefnavinnu. Mikið var lagt uppúr því að verkefni væru fjölbreytt og að þau höfðuðu til nemenda.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir/útikennsla

Í desember var farið á jólasýningu Borgarbarna í lðnó og Þjóðminjasafnið heimsótt í tengslum við íslenska þjóðhætti. Einnig var farið í *Eldfjallahúsið, The Volcano House* í tengslum við námsefnið *Komdu og skoðaðu eldgos*. Náttúrufræðisafn Kópavogs var heimsótt og farið í ratleik í tengslum við fiskaþemað. Þegar verkefnið um haustið og veðrið var unnið fengu 4. bekkirnir fræðslu frá Landsvirkjun um vindorku. Fræðslan, sem ætluð er grunnskólanemendum, hefur verið á vegum Háskóla Íslands í Háskólalestinni og Háskóla unga fólksins. Sambærileg fræðsla hefur einnig verið haldin reglulega í Vísindasmiðju Háskóla Íslands. Megin áhersla fræðslunnar felst í spurningunni "Hvað er orka?" og byggir á lifandi umræðum, leik og handavinnu þar sem börnin hanna og smíða sína eigin vindmylluspaða. Þau sem stóðu að fræðslunni í Hofsstaðaskóla voru Jóhanna Hlín Auðunsdóttir og Baldur Brynjarsson efnafræðingur og fyrrum nemandi í Hofsstaðaskóla. Til að kveikja áhuga á sumarlestri, var bókasafn Garðabæjar heimsótt og farið í gönguferðir í nágrenni skólans. Skólalóðin og Arnarneslækurinn voru hreinsuð. Farið var í vorferð á Byggðasafnið í Görðum á Akranesi og farið í Listigarðinn í tengslum við vinnu í samfélags- og náttúrufræði. Farið var í gróðursetningarferð í Sandahlíð.





Vindmyllugerð

Lífsleikni

Bekkjarfundir voru haldnir reglulega yfir veturinn þar sem unnið var með samskipti, vináttu og virðingu. Mikilvæg mál voru tekin fyrir í stórum og litlum hópum og rædd frá ýmsum hliðum og leitað var lausna í sameiningu ef ágreiningur kom upp. Tengslakönnun var lögð fyrir á haustönn. Námsráðgjafi var nemendum, og umsjónarkennurum innan handar eftir þörfum.

Ráðgjafi frá SAFT kom í heimsókn og hélt fyrirlestur fyrir forelda og nemendur. Skólahjúkrunarfræðingur var með fræðslu um tannhirðu og sjálfsmynd nemenda og styrkleika þeirra.

Foreldrasamstarf

Bekkjarkvöld voru haldin tvisvar yfir skólaárið. Þar að auki var foreldrum boðið að koma í heimsókn á skólatíma í tengslum við *Litlu upplestrarkeppnina*. Bekkjarfulltrúar sinntu sínu hlutverki vel og foreldrar voru duglegir að mæta á þá viðburði sem voru á dagskrá í vetur.

Mat á starfi vetrarins

Samstarfið í árganginum gekk vel. Framfarir voru góðar og má þar sérstaklega nefna í lesskilningi og lestri. Nemendur tóku framförum í leik og starfi og voru kennarar ánægðir með hversu virkan þátt nemendur tóku í fjölbreyttri og krefjandi verkefnavinnu. Á næsta skólaári verður árganginum skipt upp í þrjá nýja bekki.

Anna Ágústa Hauksdóttir, Ágústa Steinarsdóttir
og Hrönn Kjærnested



Eðlisvísindi

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 5. BEKK

Nemendur í 5.bekk voru alls 70 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Anna Magnea Harðardóttir, Guðbjörg Sigríður Petersen og Smári Jökull Jónsson. Sérkennsla var nokkur í íslensku og um hana sáu Bergljót Vilhjálmisdóttir og Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir. Umsjónarkennarar sáu um stærðfræðikennslu ásamt Þóru Þórisdóttur og Bergljótu Vilhjálmisdóttur. Ragnhildur Sigurðardóttir, Melissa Haire og Sigurborg A. Helgadóttir voru stuðningsfulltrúar í árganginum.

Helstu áherslur árgangsins

Nokkur viðbrigði eru fyrir nemendur að færast í eldri deild, áherslur breytast og viðfangsefni þyngjast. Mikil áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti, margvísleg vinnubrögð og skapandi vinnu af ýmsum toga. Leitast var við að þjálfar nemendur í vinnubrögðum sem henta í vinnu eldri bekkja og að skipuleggja vinnu sína. Töluvert var unnið af verkefnum þar sem upplýsingatækni var nýtt, ýmist í tölum eða spjaldtölum árgangsins. Jafnframt var áhersla lögð á að vinna með texta og orðaforða, meðal annars með því að gera hugarkort og verkefni tengd Orð af orði.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Umsjónarkennari sá um kennslu í sínum bekk eins og venja er en nemendum skipt upp í ýmsum greinum. Árganginum var skipt í fimm hópa í hringekju og list- og verkgreinum. Auk hefðbundinna list- og verkgreina var þar kennd nýsköpun, tölvufærni, eðlisvísindi og forritun. Kennt var í lotum yfir árið í samfélagsgreinum og náttúrufræði sem gefur aukna möguleika á fjölbreyttari og skapandi verkefnum sem krefjast rýmri tíma. Unnin voru margs konar verkefni í þessum greinum og töluvert var um hópvinna. Stærðfræði var kennd í fimm getuskiptum hópum þar sem

vinnuhraði og áherslur tóku að nokkru mið af stöðu hópsins. Almennu voru kennsluhættir fjölbreyttir og unnin verkefni af ýmsum toga, skapandi verkefni, verkefni þar sem notast var við upplýsingatækni, samvinnu- og hópverkefni af ýmsum toga, verkefni þar sem nemendur fengu þjálfun í framsögn o.fl.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var nokkuð fjölbreytt og mismunandi eftir námsgreinum. Í samfélagsgreinum, náttúrufræði, bókmenntum, ljóðum og ensku var námsmat samsett úr nokkrum mismunandi þáttum yfir veturinn; hópvinna, verkefnum, vinnubókum, verkefnaöppum og prófum. Nemendur tóku kannanir og próf á mismunandi hátt, m.a. skriflega, í lpad, tölvu, heimaþróf og samvinnupróf. Námsmat í stærðfræði byggðist á könnunum í lok hvers kafla, sjálfsmati og annarprófi. Í málfræði var ein könnun á hvorri önn auk stærra prófs í lok hvorrar annar. Í stafsetningu og lesskilningi var stöðumat í lok annar. Staða í lestri var metin jafnt og þétt yfir veturinn. Námsmat var aðlagð fyrir nokkra nemendur.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Í árganginum var unnið með nokkuð hefðbundnu sniði að mestu og áhersla lögð á að byggja upp sjálfstæði nemenda og ný vinnubrögð. Nokkuð var um nýbreytni og þróunarstarf og unnið var með ýmis viðfangsefni með nýjum hætti. Unnið var með ýmis forrit í kennslunni. Í ensku höfum við til dæmis unnið með forritin *Socrative* og *Quizlet* þar sem unnið er með orðaforða og tekið próf. Í landafræði er stór hluti námsefnis unnið á gagnvirkum hátt. Eftir hvern kafla eru unnin gagnvirk verkefni á vef Hofsstaðaskóla. Einnig tóku nemendur heimaþróf í landafræði þar sem þau fengu prófið með sér heim og skiluðu því viku seinna. Þegar árgangurinn var búinn að fara í gegnum bókina tók við hópverkefni þar sem nemendur skipulögðu ferðalag um Ísland og skiluðu verkefninu í forritinu *Photo story*. Í samfélagsfræði var unnið mikið með hugtök og notað hugtakablöð og sömuleiðis notað myndbönd í kennslunni. Þá tóku nemendur samvinnupróf þar sem þau unnu tvö og tvö saman að því að leysa próf þar sem mátti hafa bókina með sér. Það próf var tekið í forritinu *Socrative*. Í náttúrufræði var notast við forritið *Kahoot* með það að markmiði að gera efnið skemmtilegra og vekja áhuga nemenda. Nemendur lásu þá kafla heima og fóru svo í spurningakeppni úr efninu saman í litlum hópum. Þetta vakti mikla lukku hjá nemendum og klárlega verkefni sem má vinna meira með. Jafnframt fengu nemendur að spreyta sig á því að búa sjálf til spurningakeppni úr síðasta kaflanum í *Kahoot*. Á vormánuðum var sett af stað hringekja í ritun þar sem unnið var einu sinni í viku í fimm vikur, eina kennslustund í senn. Hringekjan var skipulögð í samvinnu við sérkennara og markmiðið var að skerpa á ritunarhæfileikum nemenda sem og að opna augu þeirra fyrir starfi sérkennara og eyða fordómum um kennslu hjá þeim. Í íslensku var *SKÍN* verkefnið innleitt á þann hátt að sett voru markmið inn í kennsluáætlanir fyrir hverja viku. Með því fékkst skýrari yfirsýn yfir verkefni vetrarins auk þess sem auðveldara var að tengja verkefnin við markmið aðalnámskrár. Nemendur fengu einnig „vikuskammtinn“ þar sem kom fram hver verkefni vikunnar yrðu og þau gátu þá hakað við ef verkefninu var lokið. Þetta hjálpaði nemendum að skipuleggja vinnu sína og tókst það vel. Ekki var unnið jafn mikið með það í öllum hópnum en áhugi er fyrir að samræma það meira næsta vetur.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Í tengslum við námsbókina *Vikingaöld* var farið í heimsókn að Hofsstöðum, í safnið 871+-1 og Þjóðminjasafnið. Þessar ferðir voru áhugaverðar og fræðandi. Farið var á jólaeikrit Borgarbarna í

liðnó eins og venja er. Vísindasmiðja HÍ var heimsótt í tengslum við eðlisfræðivinnu í *Auðvitað* auk þess sem starfsfólk Vísindasmiðju HÍ komu í heimsókn með vindorkuverkefni sem sló algjörlega í gegn hjá nemendum. Vorferðin var farin á Þingvelli þar sem nemendur fræddust um jarðlög, flekamótin og sögu Þingvalla. Á vordögum unnu nemendur ýmiskonar náttúrufræðiverkefni í tengslum við lækinn, fjöruna og hraunið. Nemendur fóru á staðina og unnu verkefni í tengslum við umhverfismennt. Nokkur verkefni voru í boði og máttu nemendur velja úr verkefnunum. Jafnframt var farið í hjóla- og gönguferðir að vori.

Lífsleikni

Unnin voru verkefni í tengslum við bókina *Ég er bara ég* sem tengist vináttu, jákvæðum samskiptum og sjálfsmynd. Farið var í umferðarfræðslu. Námsráðgjafi vann með nokkrum hópum nemenda að bættum samskiptum og skoðaði með þeim leiðir til að leysa ágreining. Hjúkrunarfræðingur skólans kom einnig í heimsókn tvisvar yfir veturinn og ræddi um *H-in sex* og góð samskipti. Jafnframt voru haldnir bekkjarfundir yfir veturinn þar sem nemendur ræddu ýmis mál með aðstoð kennara.

Enska

Í ensku fyrir áramót voru tekin fyrir þematengd verkefni til upprifjunar þar sem ljóst var að nemendur voru mjög misjafnlega staddir í enskunáminu. Þemu sem unnið var með voru: Family, fairytales (Jack and the beanstalk, Stephanies ponytail), clothes og body parts. Einnig var bókin *Build up* notuð í málfræðivinnu. Eftir áramót var haldið áfram með *Build up* auk þess sem bókin *Ready for action* var notuð í orðaforðavinnu og ritun. Unnin voru margvísleg verkefni í tengslum við þá bók. Auk þess lásu nemendur léttlestrarbók af bókasafni og fengu þjálfun í ritun. Í upphafi skólaársins kom í ljós gríðarlegur munur á getu nemenda. Því var fyrirkomulagi kennslu og námsmats breytt þar sem reynt var að taka mið af þessum getumun m.a. með aukinni samvinnu nemenda, getuskiptingu við verkefnavinnu að hluta innan hvers bekkjar og lögð voru aðlöguð próf fyrir þá nemendur sem áttu í erfiðleikum með enskunámið.

Skemmtanir og félagslíf

Allir bekkirnir voru með sýningu á sal á vormisseri þar sem þeir sýndu fjölbreytt atriði sem þeir höfðu valið, samið og æft. Tvær bekkjarskemmtanir voru haldnar í hverjum bekk en nánar er fjallað um þær í liðnum Foreldrasamstarf.

Bekkjarfundir

Haldnir voru bekkjarfundir reglulega í öllum bekkjum og ýmis mál rædd m.a. siðareglur á netinu (SAFT), einelti, jafnrétti, Barnasáttmálann, skólareglur, vímuvarnir, hópþrýsting,

bekkjaranda, frímínútur, samskipti almennt.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með nokkuð hefðbundnu sniði, mest í gegnum tölvupóst og skilaboð á *Mentor* og á skipulögðum fundum á vegum skólans. Tvær bekkjarskemmtanir voru haldnar í hverjum bekk en ekki allar með sama sniði. Allir bekkirnir voru með bekkjarkvöld í kjölfarið á sýningu nemenda á sal þar sem nemendur sýndu foreldrum atriðin sín. Einnig var haldið spilakvöld með foreldrum og nemendum þar sem spiluð var félagsvist en nemendur fengu kennslu í henni í

skólanum. Auk þessara bekkjarskemmtana komu foreldrar á hópfund í skólanum þar sem *Marita* fræðslan var með fyrirlestur og fræðslu.

Mat á starfi vetrarins

Árganginum var skipt upp í nýja bekki í ár. Nemendur voru því að læra að vera í eldri deild ásamt því að kynnast nýjum bekkjarfélögum. Það gekk að mestu leiti vel og eru nemendur samstilltir og góðir félagar. Nemendur hafa þroskast mikið og tekið góðum framförum í náminu. Í árganginum voru einnig tveir nýir kennarar við skólann sem þurftu að tileinka sér ýmislegt nýtt og aðlagast vinnuháttum skólans. Samstarfið gekk mjög vel og gekk að mestu leiti vel að samræma hugmyndir og fylgja þeim kennsluáætlunum sem settar voru fram. Þau viðfangsefni sem standa upp úr eftir veturinn eru einkum ýmis samvinnuverkefni og kynningar stórar og smáar sem nemendur fluttu fyrir bekkinn. Einnig var mjög skemmtilegt að vinna ýmis konar verkefni þar sem upplýsingatækni kom við sögu, má þar nefna spurningakeppnir í *Kahoot*, kannanir og verkefni í *Socrative* og kynningar í *Power point*, *Publisher* og *Photo story*. Nemendur voru að jafnaði mjög virkir og áhugasamir í þeirri vinnu. Stefnt er að því að vinna meira með slíkt næsta vetur og þróa enn betur. Heildstæð verkefni skila oft fjölbreyttri og skemmtilegri vinnu sem reynir á marga mismunandi þætti t.d. safnmöppur í samfélagsgreinum og *Benjamín dúfu* og *Öðruvísi fjölskyldu*. Ferðin í vísindasmiðjuna og vindorkuverkefnið þeirra vakti einnig mikinn áhuga nemenda.

Anna Magnea Harðardóttir, Guðbjörg S. Petersen
og Smári Jökull Jónsson

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 6. BEKK.

Nemendur í 6. bekk voru 76 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Björk Ólafsdóttir, Halldóra Björk Sigurðardóttir og Ölrún Marðardóttir. Stærðfræðikennarar voru umsjónarkennarar auk Gunnhildar Ástu Jóhannsdóttur. Enskukennarar árgangsins voru Anna Magnea Harðardóttir, Ólafur Pétursson, Guðrún Pálsdóttir og Ölrún Marðardóttir. Stuðningsfulltrúar voru Sigurborg A. Helgadóttir og Agnes Kragh. Margrét Einardóttir og Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir voru sérkennarar í árganginum.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Lögð var áhersla á fjölbreytta kennsluhætti sem þjálfuðu mismunandi færni nemenda og efldi sjálfstæði þeirra. Mikið var lagt upp úr fjölbreyttri verkefnavinnu sem reyndi á mismunandi þætti s.s. ritun, framsögn, tölvunotkun, skapandi vinnu, heimildavinnu og *Orð af orði*. Nemendur unnu ýmist einir, í pörum eða í hópvinu og leitast var við að hafa námsmat samsett úr mismunandi þáttum. Starfið var fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt.

Námsmat/námsaðlögun

Nemendur tóku hefðbundin próf og kannanir, skrifleg og gagnvirk. Þeir unnu margs konar verkefni sem metin voru t.d. ritunarverkefni, vinnubækur, myndverk, fræðsluerindi, framsögn og hópverkefni. Leitast var við að hafa námsmat samsett úr mismunandi þáttum.

Þeir nemendur sem þurftu aukna aðstoð við námið voru í sérkennsluhópum í íslensku hjá Margréti og Gunnhildi. Reynt var að mæta þörfum nemenda eins og unnt var hverju sinni og þeir sem þess þurftu fengu aðlöguð próf, lengri próftíma, aðstoð og próftöku í smærri hópum.



Þróunarstarf/Nýbreytni

Unnið var með tvö bókmenntaþemu í tengslum við bækurnar *Draugaslóð* og *Fólkið í blokkinni*. Unnin voru fjölbreytt verkefni í tengslum við þær, alls kyns úrvinnsluverkefni, ritun, orðavinna, hugtakakort, ljóðagerð, málfræði og myndræn verkefni. Sum verkefni hafa verið unnin áður og önnur alveg ný af nálinni. Skemmtilegt hópverkefni um Norðurlöndin var unnið þar sem hver hópur vann veggspjald, myndverk og glærukynningu um eitt land og kynnti fyrir hópnum. Nemendur höfðu val um skil á verkefninu í tölvutæku formi t.d. *Power point*, *Prezi*, *Linoit*. Umfjöllun vetrarins um reikistjörnurnar og himingeiminn var skemmtileg og fjölbreytt og vakti mikinn áhuga nemenda, *Stjörnuverið* kom í skólann. Töluvert var unnið áfram með hugarkort og verkefni í anda „Orð af orði“ og reynt að tengja það við efni ýmissa námsgreina. Hver nemandi flutti nokkrar stuttar, fræðandi kynningar í tengslum við námsefnið *Maðurinn, hugur og heilsa* í náttúrugreinum. Þar gefst tækifæri til að þjálfra sjálfstæð vinnubrögð og framsögn og dýpka þekkingu nemenda á námsefninu í leiðinni.

Ýmis nýbreyttni var í árganginum í vetur. Nemendur fengu kynningu á eftirfarandi tölvuforritum; Showbie, Linoit, Padlet og Prezi, auk hinna almennu tölvuforríta sem eru á kennsluáætlun í tölvum, sem þau nýttu sér í skólastarfinu.

Nemendur unnu svo „Bitsboard“ verkefni um fuglana við Vífilsstaðavatn. Í lok vinnunnar var farið í vel heppnaða hjólaferð að Vífilsstaðavatni þar sem nemendur gengu í kringum vatnið, skimuðu eftir fuglum og skráðu hjá sér.

Lesum meira var samstarfsverkefni umsjónarkennara í 6. bekk og skólasafnskennara í Hofstaðaskóla. Í verkefninu voru valdar bækur (bókalisti) sem nemendur áttu að lesa og höfðu til þess rúma tvo mánuði. Í byrjun apríl tóku nemendur könnun úr efni bókanna og fjórir stigahæstu nemendur úr hverjum bekk mynduðu lið. Miðvikudaginn 7. apríl fór svo lokakeppnin fram, spurningakeppni milli þriggja liða. Hver bekkur fékk sinn lit (HBS = hvít, ÖM = blá og BÓ = bleik).

Það var mikil stemning í skólanum þennan dag og allir mættu skreyttir í sínum lit. Nemendum 5. bekkja var boðið á spurningakeppnina. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæsta liðið. Þetta átak heppnaðist mjög vel.

Útikennsla

Nemendur fóru út í ýmsum námsgreinum s.s. stærðfræði og náttúrufræði. Farið var í hjólaferð að vori upp að Vífilstaðavatni í fuglaskoðun. Nemendur fóru í vinnuferð í *Húsdýragarðinn* þar sem þeir fræddust um dýrin og fengu að vinna ýmis verk tengd umhirðu þeirra. Nemendur tóku þátt í hreinsun lækjarins og skólalóðarinnar eins og aðrir nemendur skólans. Farið var í fjölmargar ferðir í tengslum við námsefnið.



Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Vettvangsferðir árgangsins voru á eftirfarandi staði; Löng gönguferð upp á Holt, að Vífilstaðavatni og til baka, jólaleikrit Borgarbarna í Lðnó, hjóla- og sundferð á Álftanes, heimsókn í Ljósárvirkjun í boði Landvirkjunar, vinnuferð í Húsdýragarðinn, Sögusafnið úti á Granda og vorferð í Reykholt.

Skemmtanir og félagslíf

Bekkjarkvöld var haldið á haustönn með mismunandi sniði eftir bekkjum; foreldrar mættu á sýningu á sal til sjá atriði bekkjarins. Diskótek árgangsins var haldið á vorönn og var mikil ánægja með það hjá nemendum. Hefðbundið þorablót var haldið í febrúar og heppnaðist mjög vel.



Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með nokkuð hefðbundnu sniði og voru samskipti við foreldra árgangsins góð. Kosnir voru tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk. Foreldrar voru duglegir að mæta á skipulögð bekkjarkvöld í skólanum en einnig hittust nemendur á samkomum skipulögðum af bekkjarfulltrúum utan skólans. Mjög góð þátttaka foreldra var á þorablóti 6. bekkja og var mikil ánægja með hvernig til tókst.

Mat á starfi vetrarins

Samstarfið í árganginum gekk afar vel og voru kennarar samstilltir og unnu vel saman. Þeir voru sammála um mikilvægi þess að hafa kennsluhætti fjölbreytta, krefjandi og skemmtilega. Nemendur tókust því á við verkefni af ýmsum toga, bættu við töluverðri þekkingu og þjálfuðust í fjölbreyttum vinnubrögðum. Skólastarfið gekk vel fyrir sig.

Björk Ólafsdóttir, Halldóra Björk Sigurðardóttir
og Ölrún Marðardóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 7. BEKK

Nemendur í 7. bekk voru alls 73 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Guðrún Helga Sigurðardóttir, Karitas Ósk Ólafsdóttir og Ólafur Pétursson. Sérkennsla var nokkur í íslensku og um hana sáu Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir og Bergljót Vilhjálmsdóttir. Krístrún, Karitas Ósk, Guðrún Helga, Gunnhildur Ásta og Bergljót sáu um stærðfræðikennslu í árganginum. Umsjónarkennarar sáu um enskukennslu árgangsins ásamt Bryndísi Svarvarsdóttur. Ester Jónsdóttir og Þóra Þórisdóttir sáu um dönskukennslu.



Helstu áherslur árgangsins

Mikil áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti, margvísleg vinnubrögð og skapandi vinnu af ýmsum toga. Nemendur hafa fengið þjálfun í alls kyns vinnubrögðum og verkferlum síðustu ár og reynt var að nýta þá kunnáttu og bæta nokkru við hana og auka sjálfstæði nemenda við vinnu enn frekar. Töluvert var unnið af verkefnum þar sem upplýsingatækni var nýtt, ýmist í

tölvum eða spjaldtölvum árgangsins. Jafnframt var áhersla lögð á að vinna áfram með hugarkort, orðaforða og verkefni tengd *Orð af orði*.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Umsjónarkennari sá um kennslu í sínum bekk eins og venja er, en raðað var í hópa eftir færni í stærðfræði og ensku, einnig voru blandaðir hópar í list- og verkgreinum. Kennsluhættir voru mjög fjölbreyttir að mati kennara og námsmat einnig. Nemendur unnu iðulega verkefni sem reyndu á skapandi þætti, upplýsingatækni, ritun, hugtakakort, framsögn, samvinnu o.fl. Nemendur fengu fjölmörg tækifæri til að vinna með öðrum, ýmist í tveggja manna teymum eða stærri hópum. Þeir unnu einnig oft einstaklingslega að verkefnum eða hlustuðu á kennara fræða þá um ýmis mál. Kennarar árgangsins skipulögðu vinnu sína með svipuðum hætti og voru að jafnaði sams konar verkefni unnin í hverjum bekk.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var með nokkuð breyttu sniði frá því sem verið hefur í 7. bekk. Horfið var að nokkru leyti frá stærri skriflegum prófum og vægi símats aukið enn frekar. Námsmat var með fjölbreyttum hætti og yfirleitt sett saman úr nokkrum þáttum; könnunum, verkefnavinnu, hópvinnu og vinnubókum. Jafnframt voru verkefni metin með nýjum hætti t.d. voru tekin samvinnupróf í *Socratic*, söguvegir metnir, örverkefni og ýmsar kynningar nemenda. Fjölbreytt verkefnavinna nemenda var metin í ýmsum námsgreinum. Má þar nefna t.d. *Vítahring*, sögu, náttúrufræði, landafræði og trúarbragðafræði en í þessum greinum unnu nemendur fjölbreytt verkefni og söfnuðu saman í möppu eða bók sem metin var. Nemendur unnu einnig ýmis hópverkefni sem metin voru sem hluti af einkunn t.d. í sögu, náttúrufræði, ensku og landafræði. Í stærðfræði voru kannanir við lok hvers kafla ásamt lokaprófi.

Einn nemandi var með einstaklingsnámskrá og nokkrir nemendur fengu námsmat einfaldað eða aðlagð að þeirra þörfum þegar þörf var talin á. Þar sem mikið var um samvinnu og minni einingar metnar gátu þeir oft fylgt námsmati árgangsins.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Í árganginum var unnið nokkuð þróunarstarf og unnið með ýmis viðfangsefni með nýjum hætti og eru nokkur þeirra nefnd hér. Í ár var ákveðið að hafa gagnvirkar kannanir í bókmenntum, einnig voru söguvegir unnir í samvinnu nemenda, endursagnir o.fl. verkefni sem metin voru. Í ljóðum var vinnubók metin, ásamt nokkrum skapandi verkefnum þar sem nemendur áttu að semja eigin ljóð og var eitt slíkt ljóð unnið í appinu „Orðaflipp“ sem var mjög skemmtilegt, einnig var ákveðið að leyfa nemendum að flytja ljóð að eigin vali sem tókst mjög vel. Í málfræði voru kannanir teknar reglulega yfir önnina, einkum eftir að ákveðin ný atriði höfðu verið kennd til að meta hvernig nemendum tókst að tileinka sér þau. Nemendum voru kennd grunnatriði í kynningarforritinu „Prezi“ í tölvutíma og þau notuðu forritið við ýmsar kynningar yfir veturinn í nokkrum námsgreinum. Gaman var að sjá að í framhaldinu völdu nemendur að nota forritið þegar val var um hvernig efni væri kynnt.

Í námsbókinni um Evrópu eru stuttir fræðslukaflar um sögu Evrópu sem hefur yfirleitt verið sleppt og áherslan verið lögð á landafræðiþáttinn. Þessir kaflar eru um áhugaverð viðfangsefni að mati kennara; þorskastríðin, kreppuna miklu, heimstýrjaldirnar, frönsku byltinguna o.fl. Ákveðið var að fjalla um þessa þætti með einföldum hætti. Þeir voru lesnir með nemendum og unnin hugarkort úr meginatriðum þeirra og unnið með ný orð og hugtök (*Orð af orði*). Sum viðfangsefni voru dýpkuð með því að skoða ýmis myndskreið sem við fundum og horfðum t.d. á valda þætti úr fræðslumyndasafni um Heimsstyrjöldina síðari. Nemendur höfðu mikinn áhuga á þessu efni og oft spunnust mjög áhugaverðar samræður. Leitast var við að finna leiðir til að nýta spjaldtölvur árgangsins og tengja þau við verkefni vetrarins. Notast var við forritið *Socratic* þegar lögð var fyrir könnun úr sögu Evrópu. Í þessari könnun unnu nemendur í pörum og undirbjuggu sig heima. Þeir gátu ýmist skipt efninu á milli sín eða báðir aðilar rifjað upp allt efnið. Könnunina tóku þeir saman og var mjög gaman að fylgjast með nemendum við þessa vinnu. Þeir lærðu gríðarlega vel fyrir þetta þar sem þau vilja ekki bregðast þegar annar aðili er samábyrgur. Nemendur voru einnig mjög jákvæðir gagnvart þessu og áttu mjög áhugaverð og fræðandi samtöl meðan þeir leystu verkið. Kennarar mæla hiklaust með því að nota þessa aðferð áfram þar sem hún gafst svo vel. Þegar farið var yfir landafræðihluta Evrópu unnu nemendur í hópum að kynningum á einum til tveimur löndum í Evrópu eins og oft hefur verið gert áður. Nýmælin voru þau að nota svokallaðan

Padlet vegg í lok verkefnisins þar sem safnað var saman efni um hvert land fyrir sig og það síðan kynnt fyrir bekknum. Það er mjög sniðugt að nota *Padlet* vegg fyrir slíkt safn af gögnum en einnig fyrir einfaldari verkefni.



Hvíta liðið

Lesum meira var samstarfsverkefni umsjónarkennara í 7. bekk og skólasafnskennara í Hofsstaðaskóla. Í verkefninu voru valdar bækur (bókalisti) sem nemendur áttu að lesa og höfðu til þess rúma tvo mánuði. Um miðjan janúar tóku nemendur könnun úr efni bókana og fjórir stigahæstu nemendur úr hverjum bekk mynduðu lið. Miðvikudaginn 20. janúar fór svo lokakeppnin fram, spurningakeppni milli þriggja liða. Hver bekkur fékk sinn lit (KÓ = blá, ÓP = hvít og GHS = bleik). Það var mikil stemning í skólanum þennan dag. Nemendum 6. bekkja voru áhorfendur og þeir skemmtu sér konunglega. Stigahæsta liðið fékk farandgrip í verðlaun. Þetta átak heppnaðist mjög vel.

Útikennsla

Farið var hjólandi í vettvangsferð að Vífilsstaðavatni þar sem Bjarni náttúrufræðingur tók á móti nemendum og fræddi þá um lífríki vatnsins og nágrenni. Að ferðinni lokinni fengu nemendur fiska og sýni í skólann til að kryfja, greina og skoða nánar.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Farið var í allnokkrar ferðir í tengslum við námsefni vetrarins auk ferðarinnar að Vífilsstaðavatni. Að hausti fóru nemendur að Gljúfrasteini og fræddust um Halldór Laxness en nemendur lærðu um hann og verk hans í íslenskutímum. Foreldrar aðstoðuðu við að koma nemendum í og úr heimsókninni. Farið var á hina árlegu jólasýningu í Iðnó í desember. Árgangurinn fór að Reykjum í Hrútafirði dagana 8. – 12. febrúar. Gekk sú ferð mjög vel. Komu krakkarnir heim reynslunni ríkari og voru öll sammála því að þessi ferð hafi staðið upp úr eftir veturinn. Nemendur unnu síðan ritgerðarverkefni í skólanum um upplifun sína á Reykjum. Farið var í skíðaferð í apríl sem tókst vel þrátt fyrir að veðurguðirnir hafi nú ekki verið okkur hliðhollir.

Vorferð var farin á slóðir *Vítahrings* í Hvalfirði. Síðan var farið að Bjarneyjarsandi, dýrin skoðuð, nesti og hádegismatur borðaður.



Lífsleikni

Bókin *Ertu* var tekin fyrir og unnin verkefni í henni og margt rætt. Einnig var lesin bókin *Ég, þú og við öll* sem er um mannréttindi og jafnrétti. Oft komu upp áhugaverðar og gagnlegar umræður í tengslum við þá bók og mæla kennarar með henni. Margt annað var gert í lífsleikni; fyrirlestur hjúkrunarfræðings, innlit námsráðgjafa, fræðsla um Unicef og áheitaþlaup, SAFT fræðsla, fyrirlestur um kynfræðslu - „Kjaftað um kynlíf“, umræður um einelti, bekkjarfundir um ýmis viðfangsefni, umræður um vímuefni og forvarnir og tekið þátt í árskoruninni „Baráttan gegn matarsóun“. Fékk einn bekkur sérstök verðlaun fyrir þátttöku.

Enska

Enska var kennd í færnimiðuðum hópum. Bókin *Action* var til grundvallar í vetur hjá öllum hópum. Tekin var seinni hluti bókarinnar ásamt vinnubók. Jafnframt voru bækurnar *Oliver Twist* og *White Death* teknar fyrir og unnin verkefni í tengslum við þær. Nemendur lásu léttlestrarbók að eigin vali á hvorri önn. Hlustun var einnig markviss, bæði úr bókinni *Action* og viðbótarefni frá kennara. Einnig voru unnin ýmis önnur verkefni, breytileg eftir hópum t.d. verkefni þar sem notast var við spjaldtölvur. Námsmat var byggt úr mörgum námsþáttum, könnunum og verkefnum.

Skemmtanir og félagslíf

Í nóvember var haldið sameiginlegt Halloweenball 7. bekkja í Flataskóla. Nemendur fengu að koma með gos og nammipoka, ekki var um aðrar veitingar að ræða. Nemendur 7. bekkja sáu um glæsileg skemmtiatriði á tveimur jólaskeiptunum skólans. Jólaball 7. bekkja var haldið kvöldið áður þar sem nemendur komu með glæsilegar veitingar á hlaðborð, voru í sínu fínasta pússi og skemmtu sér vel við að dansa saman og spjalla. Árhátíð árgangsins var haldin í apríl og tókst hún mjög vel. *París* var þemað og var hæfileikakeppni skemmtun kvöldsins, kvöldmatur með mexíkósku sniði og svo diskótek á eftir. Teknar voru myndir af „Parísarbúum“ ásamt foreldrum þeirra þrúðbúnum og sætum. Nemendur árgangsins aðstoðuðu kennara og deildarstjóra við undirbúning og skipulag og voru foreldrar einnig virkjaðir með.

Bekkjarfundir

Haldnir voru bekkjarfundir reglulega í öllum bekkjum og ýmis mál rædd m.a. siðareglur á netinu, einelti, jafnrétti, skólareglur, vímuvarnir, hópþrýstingur og samskipti almennt.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk mjög vel í vetur og voru foreldrar áhugasamir að mæta þegar þeim var boðið í skólann. Bekkjarfulltrúar voru fengnir í ýmis hlutverk á skemmtunum og á árshátíðinni.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í 7. bekk gekk ágætlega í vetur. Blöndun í list- og verkgreinar og færnimiðað nám gerir það að verkum að nemendur þekkjast mjög vel og eiga félaga í öðrum bekkjum. Nú í ár var í fyrsta skiptið kynjaskipting í list- og verkgreinahópum og er megin ástæðan fyrir því ójöfn kynjahlutföll í árganginum. Þrátt fyrir að vel hafi gengið þá eru kennarar á þeirri skoðun að ekki þurfi að skipta í hópa eftir kynjum. Samstarfið gekk vel hjá kennurunum og var mikil nýbreytni í gangi í kennslunni. Mörg verkefni voru áhugaverð, krefjandi og lærdómsrík, voru kennarar sérstaklega hrifnir af samvinnukönnun sem unnin var í *Socratic* forritinu. Það var alveg nýr vinkill í námsmati sem gafst mjög vel eins og tilgreint er hér nánar að framan. Einnig fannst kennurum *Prezi* gefast mjög vel sem verkfæri fyrir nemendur til að kynna verkefni sín. Það er einfalt og auðvelt fyrir nemendur að læra á það en einnig litríkt, glaðlegt og fjölbreytt. Við þessa samantekt sjá kennarar að gott starf var unnið í vetur og margt mjög áhugavert gert en það hefði verið hægt að sinna útikennslu betur og kennarar verið virkari í því að vinna fjölbreytt verkefni utandyra.

Guðrún Helga Sigurðardóttir, Karitas Ósk Ólafsdóttir
og Ólafur Pétursson

DANSKA

Markmið

Nemendur Hofsstaðaskóla byrja að læra dönsku í 7. bekk. Aðalmarkmið kennslunnar er að gera nemendur jákvæða gagnvart tungumálinu, námsgreininni því þá verður námið áhugaverðara og skemmtilegra fyrir nemendur og kennara. Lögð er áhersla á að kynna Danmörku og menningu landsins. Unnin eru margvísleg verkefni bæði í formi leikja, framsagnar og iPad verkefni.

Uppbygging kennslunnar

Kenndar voru þrjár kennslustundir á viku. Ester Jónsdóttir kenndi 7. ÓP og Þóra Þórisdóttir

7. GHS og 7. KÓ.

Kennsluaðferðir

Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir. Hefðbundin bókleg kennsla var ríkjandi en hún var reglulega brotin upp með söngvum, spilum, bíómyndum, leikjum og hópverkefnum ýmis konar þar sem sköpun, framsögn, orðaforði, gleði og upplýsingatækni sameinuðust svo eitthvað sé nefnt.

Námsefni

Start og Smart lesbók og vinnubók frá Námsgagnastofnun. Unnið var með *Start* á haustönn og fram að vetrarfríi í febrúar og *Smart* bókin eftir það. Auk hlustunarverkefna úr lesbók og vinnubók. Áhersla var lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum og hópavinnu.

Spjaldtölvu verkefni voru unnin þar sem nemendur unnu með framsögn, orðaforða og upplestur. Nemendur skrifuðust á við danska nemendur sem komu síðan í heimsókn til okkar í skólann í lok skólaárs.

Námsmat

Nemendur tóku tvö próf úr *Start* á haustönn og tvö próf úr *Smart* á vorönn, en þess á milli voru unnin verkefni sem voru hluti af símati. Vinnubók var einnig metin til einkunnar.

Hvernig er árangur/ hvað tókst vel?

Árangur dönskukennslunnar er góður, nemendur eru áhugasamir og vinnusamir. Dönskukennslan er fjölbreytt og þykir nemendum gott að kennslan sé brotin upp með ýmsum mismunandi verkefnum. Nemendur höfðu sérstaklega gaman að því að fá bréf og myndir frá dönskum krökkum og voru mjög spennt fyrir því að hitta þau.

Ester Jónsdóttir og Þóra Þórisdóttir



Einbeitt við verkefnavinnu

SKÓLABÓKASAFN

Húsnæði

Safnið var flutt í nýtt sérhannað húsnæði er áður hýsti kaffistofu starfsmann og skrifstofu. Innréttingar tókust afar vel og er safnið vel upp sett, bjart og litríkt. Húsgögn eru frá þjónustumiðstöð bókasafna. Rúmt er um allar bækur og efni mjög aðgengilegt og sýnilegt. Stórbætt aðstaða er fyrir kennslu á safninu og hægt að koma með heila bekki í kennslu og vinnu. Borðtölvur eru ekki lengur til staðar en notast við fartölvuvagn og spjaldtölvur.



Starfsmenn

Á safninu starfa tveir starfsmenn annar er bókasafns- og upplýsingafræðingur í 75% starfi og starfssvið hans er að sjá um útlán, aðföng og allt það sem til fellur á safninu. Hinn er skólaliði sem vinnur á safninu sex klst. á viku á við útlán og frágang bóka. Gréta Björg Ólafsdóttir lét af störfum 1. mars og leysti Brynhildur Jónsdóttir hana af í hálfu starfi til vors.

Bókakostur

Í dag eru 14.788 skráð eintök á safninu sem skiptast niður í um 13.198 bækur og 1.590 eintök af annars konar efni eins og tímaritum, geisladiskum og hljóðbókum. Á síðastliðnu ári voru lánuð út tæplega 15000 eintök sem er svipað og á fyrra ári. Nemendur og starfsfólk nýta safnkostinn vel og ekki óalgengt að safnið sé að lána út allt að 2000 eintök á góðum mánuði.

Starfssemi

Reglur bókasafnsins:

- Öllum er frjálst að skoða og lesa bækur á safninu
- Ætlast er til að nemendur gangi hljóðlega um og séu ekki með háreysti

- Fara á vel með bækur og önnur gögn. Vera hrein á höndum og fletta rólega
- Setja skal bækur og tímarit aftur á sinn stað í hillur eftir notkun
- Ekki borða eða drekka á skólasafninu
- Mælt er til þess að kennarar sendi ekki fleiri en þrjá nemendur í einu úr hverjum bekk

Fræðsla og kynningar

Bókasafnsfræðsla var hluti af Hringekju í 2. bekk og fór fram á safninu eina klukkustund á viku. Markmið kennslunnar var að fara yfir helstu umgengisreglur safnsins og einnig var þemavinna í gangi. Þema vetrarins var kynning á danska rithöfundinum H.C. Andersen og sögum hans. Nemendur unnu vinnubækur upp úr völdum sögum.

Börn í 1. bekk sem voru í Hringekju komu á safnið einu sinni í viku, hluta úr kennslustund. Farið var yfir reglur safnsins og umgengni um bækur með þeim ásamt því að lesa sögur eftir íslenska rithöfunda.

Óbreytt fyrirkomulag var á opnunartíma safnsins. Opið er á mánudögum allan skóladaginn fyrir útlán og lengri opnun er á fimmtudögum. Þó var ennþá hægt að panta safnið undir ýmsa vinnu í samráði við starfsmenn.

Í byrjun vetrar tók safnið þátt í *Bókasafnsdeginum* sem var haldinn 8. september. Safnið var skreytt í tilefni dagsins og vakti það lukku hjá nemendum. *Alþjóðlegi bangsadagurinn* var haldinn hátíðlegur þann 24. október. Nemendur í 7. bekk aðstoðuðu við kynningu á deginum og lásu bangsasögu fyrir yngstu börnin.



Rithöfundur í heimsókn

Hofsstaðaskólaleikar voru haldnir í lok október og allir nemendur skólans komu á bókasafnið. Nemendur fengu fræðslu um safnið og leystu verkefni tengd safninu.

Lesum meira lestrarverkefni og spurningaverkefni fyrir 6. og 7. bekk var haldin í samstarfi við bókasafnið. Fyrirmynd keppinnar var fengin frá grunnskólanum í Grindavík.

Hafðís Bára Kristmundsdóttir
aðstoðarskólástjóri

LIST- OG VERKGREINAR

Nemendur í 1.-7. bekk fá kennslu í list- og verkgreinum í 12-15 manna hópum. Kennt er í lotum og skipta nemendur um námsgrein 5-6 sinnum á vetri. Smíði, textíl, myndmennt og heimilisfræði er kennd í lotum í 2.-7. bekk 80 mínútur tvisvar í viku. Sund er einnig í lotum hjá þessum árgöngum nema 4. bekk þar sem bekknum er skipt í tvo hópa og fer hver hópur í sund einu sinni eina kennslustund á viku allan veturinn. Í 1. bekk eru 2x60 mínútna lotur í smíði, heimilisfræði og textílmennnt en 1x60 mínútur í myndmennt. Auk þess fá hópar úr 1., 2. og 3. bekk 1x40 mínútur í sundi lok skóladags og 5. og 6. bekkir sund 1x40 mínútur í hringekjulotu. Fleiri greinar koma inn í list- og verkgreinaskipulag (Sjá töflu hér fyrir neðan). Tónmennt er kennd í eina stund á viku í 1. - 5. bekk, í 6. bekk 1x1,5 stund í hringekjulotu og í 7. bekk í list- og verkgreinalotum, einu sinni 80 mínútur og einu sinni 40 mín. á viku.

	Fjöldi hópa í árgangi	Smíði	Textílmennnt	Heimilisfræði	Myndmennt	Sund	Tónmennt	Eðlisvísindi	Stærðfræðiprautir	Tölvufærni	Gagnvirkur lestur	Útikennsla Lýðheilsa	Sögur og fréttir	Nýsköpun	Forritun	Lífsleikni/spil
1. b.	6	3	3	3	1,5	3	1*	1,5	1,5	1						
2. b.	5	4	4	4	2	3	1*	1		1						
3. b.	6	4	4	4	4	3,5	1*	1	1	1	1	1				
4. b.	5	4	4	4	4	1*	1*	1		1			1			
5. b.	5	4	4	4	4	4	1*	1,5		1,5				1,5	1,5	
6. b.	5	4	4	4	4	4	1,5			1,5					1,5	1,5
7. b.	6	4	4	4	4	3	3			1						

*Kennt allan veturinn

HEIMILISFRÆÐI

Helstu markmið

Aðalnámskrá grunnskóla er höfð til hliðsjónar kennslunni. Helstu markmið eru:

- að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að borða fjölbreyttan og hollan mat
- að þeir átti sig á því að hreinlæti við matargerð sé mikilvægt
- að þeir kunni skil á fæðuhringnum og geti mælt með desílítramáli, mæliskeiðum og öðrum mæliáhöldum
- að þeir geti gengið frá eftir sig og verið sjálfbjarga heima fyrir ásamt því að temja sér góða siði

Haldið var áfram með nám í umhverfisfræðslu eins og endurnýtingu og endurvinnslu. Mikil áhersla er lögð á flokkun á öllu sem til fellur í skólastofunni og reynt að hafa sem minnst af óflokkanlegum úrgangi.



Nemendur í 6. bekk vinna verkefni í nýrri kennslustofu

Uppbygging kennslunnar

Stöðugt er byggt ofan á fyrri þrep í náminu. Það sem nemendur læra í 1. bekk er í fullu gildi í 7. bekk. Verkefnin verða flóknari og nemendur eldri bekkja gera mest allt sjálfir, svo sem paraverkefni og einstaklingsverkefni, meðan yngstu nemendurnir vinna að mestu í hópvinnu með kennara, sérstaklega þegar hóparnir eru fjölmennir.

Kennsluaðferðir

Munnleg innlögn og ákveðin markmiðssetning (SKÍN) er í hverjum tíma í öllum árgöngum. Sýnikennsla er í flestum verkefnum. Nemendur vinna mest í hópum, tveir til þrír saman en stundum einir. Verklegr kennsla er í fyrirrúmi. Í 1.–3. bekk eru fjórir til sex tímar bóklegir. Í 4.–7. bekk eru teknir tveir til fjórir tímar í bóklegt nám.

Námsefni/gögn

Námsefni fyrir heimilisfræði fyrir 1.–7. bekk og Næringarfræði matvæla útg. Námsgagnastofnun. Fæðuhringurinn útg. Lýðheilsustofnun. Krossgátur. Næringarfræði og þekking matvæla tengd orð af orði og krossglímu.



Nemendur í 3. bekk fylgjast með innlögn kennara

Námsmat

Námsmatið er markmiðabundið og merkt við frammistöðu nemenda í *Námsframvindu* í *Mentor*. Í upphafi hverrar námslotu eru nemendur upplýstir um markmiðin sem metin eru í lok hverrar námslotu. Það er að segja til hvers er ætlast af nemendum. Í lok hvers tíma eru helstu markmið kennslustundar dregin saman og metin.

Nýbreytni

Nýtt eldhús með mun betri aðstöðu fyrir nemendur og kennara var tekið í notkun síðastliðið haust. Markmiðssetning þróunarverkefnisins SKÍN var tekið upp í öllum árgöngum. Í hverri kennslustund eru markmið tímans sýnileg nemendum annað hvort á töflu eða af myndvarpa. Nemendur vita þannig strax til hvers er ætlast af þeim. Þetta verkefni hefur tekist vel, bæði að mati kennara og nemenda.

Hvað hefur gengið vel – má betur fara

Veturinn hefur gengið vel. Hegðun nemenda er almennt góð og þeir sýna náminu áhuga. Hópar margra bekkjardeilda eru mjög fjölmennir og þar vill stundum vera erfitt að fá nemendur til að fara að fyrirmælum. Þegar fjöldi nemenda í hóp fer yfir 14 þá er hvorki vinnu- eða mataraðstaða til staðar fyrir alla. Tilraun var gerð í 7. bekk með að kynjaskipta hópum í list og verkgreinum. Tilraunin gekk betur í stelpuhópum en veldur meiri óróa í strákahópum. Verkefni beggja hópa eru þau sömu.

Það er alltaf jafn mikil ánægja með þorablót 6. bekkinga og árshátíð 7. bekkinga. Báðar þessar hátíðir gengu mjög vel og eru algerlega búnar að festa sig í sessi sem hápunktar skólastarfsins.

Húsnæði – aðstaða

Nýja eldhúsið er mun stærra og rýmra en það gamla, að auki er gert ráð fyrir fleiri nemendum.

Nýjungar eru t.d. búr þannig að hægt er að kaupa inn í stærri einingum. Einnig er sér þvottahús með þvottavél og þurrkara og sér innréttingu og aðstöðu fyrir flokkunarílát. Kennarar hafa eigin skrifstofu og til nýbreytni má nefna skjávarpa og frystiskáp. Hins vegar er óviðunandi hve illa gengur að ljúka lokafrágangi við nýja kennslueldhúsið. Margt er enn eftir.

Annað

Að mati kennara væri æskilegt að hafa þrjár samfelldar kennslustundir í 7. bekk. Það gæfi mun meiri möguleika á fjölbreyttari kennslu.



Nemendur í 3. bekk í bóklegum tíma

Áslaug Þorgeirsdóttir og
Guðrún Pálsdóttir heimilisfræðikennarar

MYNDMENNT

Skipulag kennslunnar

Myndmennt hefur verið kennd í námskeiðaformi eins og aðrar verklegar greinar. Flestir nemendur hafa mætt tvisvar í viku, tvo tíma í senn, í sex vikur. 1. bekkur kom einu sinni í viku samtals sex eða sjö sinnum. Námskeiðaformið hefur reynst mjög vel, sérstaklega vegna þess að nemendur koma tvisvar í viku og góð kynni skapast á milli kennara og nemenda. Nemendur eru líka fljótir að koma sér að vinnu þegar ekki líður lengri tími á milli kennslustunda.

Kennsluáætlanir í myndmennt reyndust raunhæfar. Flest allir nemendur náðu að skila fyrirfram ákveðnum verkefnum og margir náðu að gera aukaverkefni. Í 1. bekk byrjar kennslan á að nemendur læra að byggja upp mynd með hjálp grunnformanna. Litafræði er bætt við í 2. bekk þar sem myndbygging skipar stóran sess. Í 3. bekk er haldið áfram og farið lengra með efnið og litafræðina. 4. bekkur fer dýpra, meira farið í uppbyggingu kyrralífs og fjarvídd tekin fyrir. 5. og 6. bekkur nýtir sér gullinsnið Leonardós. Þannig var haldið áfram, nemendur leiddir áfram með það í huga að byggja ofan á fyrra nám. Önnin byrjar alltaf á leturgerð sem byrjar á auðveldum tvöföldum stöfum og leitt áfram í flóknari stafagerð, skrautskrift og 6. bekkur gerir privíða stafi. Mismunandi aðferðir í leirmótun eru kenndar í 1.-6. bekk. 7. bekkur vinnur í glerbrennslu.

Lögð er áhersla á að kynna listamenn og listastefnur í myndmennt. Þeir listamenn sem eru sérstaklega kynntir, fjallað um og unnið útfrá eru: Kristín Jónsdóttir, Ásgrímur Jónsson, Kjarval, Erró, Van Gogh, Leonardó, Picassó o.fl.

Til að færa listina nær nemendum eru útilistaverk í Garðabæ skoðuð á netinu og í nánasta umhverfi.

Nýbreytni.

Verkefnin eru ný og framandi fyrir nemendum hverju sinni. Glíman við formið, litafræði og myndbyggingu er ávallt í fyrirrúmi. Í vetur fengum við nýjar teiknibækur sem voru kærkomin viðbót við eldri bækur. Allir árgangar reyna sig við að teikna eftir uppsettum leiðbeiningum þar sem grunnformin eru sett saman til að teikna heilstæða mynd. Yngstu nemendurnir fá auðveld form að fara eftir, en bækurnar verða flóknari og flóknari eftir því sem þau eldast.

Námsmat

Námsmati er þannig háttað að hver nemandi fær umsögn og markmiðabundið námsmat. Námsframvindan hefur gefist vel í myndmennt en spurningin er hvort bagalegt sé að nemendur fái ekki vitnisburð í list- og verkgreinum á útprentuðu vitnisburðarblaði?

Margmiðlun

Í vetur hefur skjávarpi verið mikið nýttur í kennslunni. Nemendur og kennari hafa ferðast vítt og breytt á netinu. Fræðst enn frekar um listamenn sem fjallað er um, „googlað“ hugtök, farið á söfn, skoðað útilistaverk í Garðabæ og fleira. Að hafa fastan skjávarpa í myndmenntastofunni er nauðsynlegt til að geta fylgt nútímalegum kennsluháttum eftir.

Húsnæði og aðstaða

Ný og björt skólastofa var tekin í notkun sl. haust. Vel fer um nemendur og kennara og er öll aðstaða mjög góð. Skipt var um borðplötur á gömlu borðunum og nýir stólar keyptir. Leir- og glerofn eru staðsettir í góðu rými og rúmgóð geymsla er inni í stofunni auk vinnuherbergis kennara. Nokkurn tíma tók að koma öllu í rétt horf og lokafrágangur er enn eftir.

Sólrún myndmenntakennari fór í veikindaleyfi í nokkrar vikur á haustönn og leysti Harpa Björnsdóttir hana af. Undir vorið fór Sólrún aftur í leyfi og tók þá Katrín Matthíasdóttir við kennslunni og var hún út skólaárið. Katrín kenndi ekki leir og gler og komu önnur verkefni í stað þeirra verkefna.

Sólrún Guðbjörnsdóttir myndmenntakennari



Ánægður nemandi í smíði

SMÍÐI OG NÝSKÖPUN

Helstu markmið.

Að nemendur gangi um smíðastofuna af virðingu, læri að umgangast og nota ákveðin verkfæri m.t.t. aldurs. Þeir vandi sig og fari stoltir og ánægðir heim með verkefni sem þeir hafa unnið.

Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hvers tíma. Farið er með nemendum yfir hvaða verkfæri og eða efni þeir koma til með að nota og hvernig. Hver og einn nemandi vinnur að sínu verkefni og á sínum hraða. Samvinnunám á stundum við, þá miðlar sá nemandi sem kominn er lengra til annarra nemenda.

Mikil áhersla er lögð á að í sem flestum verkefnum geti nemendur ráðið hugmynd og útliti verkefnisins og gert það að sýnu.



Sýnishorn af vinnu nemenda



Kennsluaðferðir - Sýnikennsla

Í byrjun hvers verkefnis fá nemendur að sjá sýnishorn af fullbúnu verkefni, hlut sem þeir eru að fara að búa til. Mikil áhersla er lögð á að nemendur setjist niður áður en þeir byrja á nýju verkefni og þeir skissi upp hugmyndir og útlit áður en hafist er handa. Þeir geri sér grein fyrir því hvað þeir eru að fara að gera og hvernig þeir vilja að hluturinn líti út. Í smíði fer fram einstaklingsmiðað nám. Hver og einn nemandi fær leiðsögn eftir þörfum.

Námsefni/gögn

Í hverjum árgangi gera nemendur tvö til þrjú verkefni og eru þau breytileg eftir árgöngum og árstíðum. Verkefni og sýnishorn frá kennara.



Fjörlegir fiskar

Námsmat Námsframvinda

Námsmat er markmiðabundið og gefin umsögn í Mentor. Nemendum eru kynnt markmiðin í upphafi lotu og auk þess er tafla með markmiðum í hverjum árgangi hengd framan á skúffur hvers árgangs þar sem nemendur geyma verkefni sín. Þeir eru því meðvitaðir um til hvers er ætlast af þeim allt frá fyrsta tíma og geta mátað sig jafnóðumvið markmiðin og hvernig þeim gengur.

Húsnæði - aðstaða – verkfæri

List og verkgreinar fluttu í nýju skólaálmuna í haust og eru allar kennslustofur stærri en áður var, en því miður vantar töluvert upp á stærð rýmis þar sem tæki og stór verkfæri eru staðsett í smíðastofunni. Þröngt aðgengi er að vélum, sem skapar hættu og óþægindi þegar verið er að vinna við tækin sem þar eru staðsett.

Þegar kennsla hófst í haust var smíðastofan ekki tilbúin, innréttingar t.d. ekki tilbúnar, efni hér og þar út allan skólann, tæki og tól ekki komin og ekki búið að tengja þau tæki sem til voru. Í vetur hefur verið töluvert álag að kenna í stofunni í þessu ástandi og að koma stofunni í gagníð samhliða kennslu. Enn á eftir að ganga frá þó nokkuð mörgum endum, td vinnulýsingu, innréttingum og fleiri hirslum, upphengi fyrir smáverkfæri og fl. En þegar allt verður klárt þá mun aðstaðan öll batna. List og verkgreinar eru allar á sama gangi og hentar það vel. Það auðveldar samvinnu á milli list- og verkgreinakennara og gerir það að verkum að þeir geta samnýtt efni þegar það á við.

Vettvangsferðir/útikennsla

Í vetur fóru nemendur í 1.-2. bekk textíl og smíði í vettvangsferðir. Týndar voru greinar og könglar og unnin úr því verkefni. Verkefnin voru tengd árstíðum.



Fjörulallar

HS- leikar

Smíði og textíl sáu um tvær stöðvar á leikunum. Á stöðvunum þæfðu nemendur bolta/kúlur sem notaðir var sem jólasbraut.

Öskudagur

Smíði sá um og hélt utan um eina stöð á Öskudaginn. Stöðin *kubbakassi* er alltaf jafn vinsæll og þar fá nemendur að njóta sín og skapa hluti og listaverk.

Árshátíð 7. bekkinga er árlegur viðburður og haldið „með stæl“ að vanda. Nemendur í textíl, smíði og myndmennt sáu um skreytingar í sal

Lampakeppni Hofsstaðaskóla

Nemendur í 6. bekk bjuggu til og hönnuðu lampa. Í lampann fengu nemendur 20 ljósa seríu og endurnýta ýmislegt tilfallandi efni í skólanum eða koma með umbúðir leikföng og annað dót að heiman eða úr efnisveitu sem er til staðar í skólanum. Að lokum fóru allir lamparnir í *Lampakeppni Hofsstaðaskóla*. Veitt voru 1., 2. og 3. verðlaun auk þess sem valinn var *Hönnuður Hofsstaðaskóla*. Halldór Snær Guðmundsson 6. HBS hlaut fyrstu verðlaun fyrir lampann sinn *Svampur Sveinsson*.

Bergdís Lilja Þorsteinsdóttir 6. BÓ hreppti önnur verðlaun en hún hannaði lampann *Fíllinn* og María Vignir 6. BÓ fékk þriðju verðlaun fyrir lampann sinn *Blóm*. Stefán Haukur Hreinsson hlaut titilinn *Hönnuður Hofsstaðaskóla* fyrir lampann sinn *Handbolta höndin*. Allar viðurkenningarnar í 5. og 6. bekk voru myndavélar frá *Marel* og mætti fulltrúi frá *Marel* og afhenti verðlaunin. Ástþór Ragnarsson úr lðnskólanum í Hafnarfirði valdi vinningslampana.



Líflegir lampar

Endurnýting

Hofsstaðaskóli er grænfánaskóli og eru kennarar í smíði og textíl mjög meðvitaðir um þá stefnu skólans. Þeir eru vakandi yfir því að hægt sé að endurnýta og vinna úr ýmsum efnisafgöngum og endurskapa nýja hluti úr gömlum hlutum. Mikill tími fer í þessa efnisöflun og utanumhald.



Verðlaunalampar

Nýsköpun

Í 5. bekk var kennd nýsköpun og fá nemendur 60 mínútur vikulega í fimm til sex skipti. Nemendur vinna hver og einn að sinni hugmynd, vinna veggspjald og gera jafnvel sýnishorn af hugmyndinni. Nýsköpun er auk þess kynnt fyrir öllum nemendum skólans. Ef nemendur eiga afgangstíma í smíði vinna þeir hugmynd í nýsköpun og senda hugmyndina sýna í *NFG Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna*. Í þeirri keppni hafa nemendur Hofsstaðaskóla staðið sig *sérstaklega vel* undanfarin ár.

Að vori eru veitt verðlaun í *Nýsköpunarkeppni Hofsstaðaskóla* en í þeirri keppni eru nemendur í 5. bekk þátttakendur. Undanfarin ár hefur Marel gefið vegleg verðlaun fyrir bestu hugmyndirnar. Í ár fengu eftirtaldir nemendur viðurkenningar: Hanna Guðrún Hauksdóttir 5. GSP fyrstu verðlaun fyrir hugmynd sína *Andabrauðs gefari*. Hekla Rán Hilmisdóttir 5. AMH fékk önnur verðlaun fyrir hugmynd sína *Pókó bolti* og Inga María Jónsdóttir 5. GSP hlaut þriðju verðlaun fyrir hugmynd sína *Hjóla vararinn*



Verðlaunahafar í Nýsköpunarkeppni Hofsstaðaskóla

Árangur

Að mati kennara hentaði verkefnaval hvers árgang fyrir sig vel og gekk upp samkvæmt kennsluáætlun. Góður árangur var í Lampakeppni Hofsstaðaskóla hjá nemendum í 6. bekk. Aukinn áhugi er hjá nemendum og miklar framfarir í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna 2015-2016 var metþátttaka hjá nemendum Hofsstaðaskóla. Þeir sendu inn 842 umsóknir og komust sex nemendur, allt stúlkur í úrslit og vinnusmiðju. Að vinnusmiðju lokinni var haldið lokahóf í HR.



Fulltrúar skólans í Vinnusmiðju NKG 2016

Hekla Ylfa Einarsdóttir hlaut 1. verðlaun Fartölvu og námskeið í Fablab fyrir hugmyndina *Baðkarspíparinn*. Sonja Ingimundardóttir hlaut 2. verðlaun, spjaldtölvu, fyrir hugmyndina *Ofnæmisskynjari*. Ásdís Ólafsdóttir fékk 3. verðlaun, síma, fyrir hugmyndina *Morgunverðarskál með halla*. Agnes Ómarsdóttir fékk í verðlaun, sumarnámskeið hjá Háskóli unga fólksins Lára Guðný Þorsteinsdóttir og Hera Björk Arnarsdóttir fengu í verðlaun Námskeið hjá Fablab í Vestmanneyjum.

Sædís S. Arndal smíða- og nýsköpunarkennari

TEXTÍLMENNT

Kennarar voru Ester Jónsdóttir í 2.-7.bekk og Anna Ágústa Hauksdóttir í 1. bekk.

Helstu markmið kennslu í textílmennt eru:

- Að nemendur njóti sín í kennslustundum
- Að nemendur læri á þau verkfæri sem notuð eru
- Að nemendur byggji ofan á fyrri reynslu
- Að nemendur ljúki verkefnum sem unnið er að

Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hverrar lotu. Farið er yfir verkefnið sem vinna á með nemendum, efni og þau verkfæri sem þeir koma til með að nota og hvernig þeir nota það. Hver og einn nemandi vinnur á sínum hraða. Kenna þarf nemendum samvinnu, tillitsemi, hjálpsemi og þolinmæði. Mikil áhersla er lögð á að nemendur nái að ljúka verkefnum sínum.



Áhugasamir nemendur

Kennsluaðferðir

Áhersla er lögð á samvinnu nemenda og samvinnunám. Tveir eða fleiri nemendur vinna saman, sá nemandi sem er á undan með verkefnið hjálpar þeim sem er á eftir. Byrjað er á þessu strax í 1. bekk. Í textílmennt fer fram einstaklingsmiðað nám, hver og einn nemandi fær leiðsögn eftir þörfum.

Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara, ýmsar bækur og blöð.

Námsmat

Námsmat er í formi umsagna og notast er við námsframvindu í *Mentor*. Þriggja þrepa kvarði er notaður og byrja allir með *rautt*: hefur náð markmiði að takmörkuðu leyti og markmiðið er að sem flestir komist á *grænt*: hefur náð markmiði, eða náí markmiðum sínum. Markmiðin eru kynnt nemendum frá byrjun, þau eru sýnileg í stofunni og nemendur vita til hvers er ætlast af þeim.

Vettvangsferð/útikennsla

Í vetur fóru nemendur í 2. bekk í textíl og smíði í vettvangsferðir. Tíndar voru greinar og steinar og unnin úr þeim verkefni. Verkefnin eru tengd árstíðum.



Skrímslaskeljar

Hvað hefur gengið vel

Almennt hefur kennslan gengið vel og markmiðum verið náð. Verkefnaval hentaði fyrir hvern árgang. Merkja má aukinn áhuga drengja og stúlkna á þrjóni og krosssaumi. Nemendur unnu skemmtilegar útfærslur frá hugmynd að afurð, bæði í útsaumi og vélsaumi.



Margvísleg verkefni

Ný verkefni

Nemendur í 6. bekk fengu það verkefni í vetur að sauma froska pennaveski, sem reyndi mikið á sjálfstæði í vinnubrögðum og útfæslu. Skemmtilegt verkefni sem verður áfram.



Vinalegur froskur

Kennsluhættir /þrjón

Sem dæmi um vel heppnað verkefni er þrjónastund í 3. bekk, þar sem foreldrum, öfum og ömmum er boðið að koma og aðstoða við nám og kennslu. Boðið er upp á kakó og kex og ná nemendur ótrúlega góðum árangri á stuttum tíma með góðri aðstoð.



Nemendur eru mjög skapandi



Ullarpæfing er alltaf vinsæl hjá yngri nemendum

HS-leikar

Textíl og smíði sáu um tvær stöðvar á HS-leikunum. Á stöðvunum þæfðu nemendur bolta/kúlur sem notað var sem jólasbraut.

Öskudagur

Á öskudag sá textílkennari um öskupokagerð, sem er alltaf mjög vinsæl og gaman er að halda í hefðina.

Árshátíð 7. bekkja er árlegur viðburður og sáu nemendur í textíl, smíði og myndmennt um skreytingar í sal.

Endurnýting

Hofsstaðaskóli er grænánaskóli og eru kennarar í textíl og smíði vakandi yfir því að hægt sé að endurnýta og vinna úr ýmsum efnisafgöngum og endurskapa nýja hluti.

Nýbreytni

Ný textílstofa með mun betri aðstöðu fyrir nemendur og kennara var tekið í notkun síðastliðið haust.

Kynjaskipting hópa í 7.bekk

Tilraun var gerð í 7. bekk með að kynjaskipta hópum í list og verkgreinum. Tilraunin gekk betur í stelpuhópum en veldur meiri óróa í strákahópum.

Veturinn hefur gengið vel. Hegðun nemenda er almennt góð og þeir sýna náminu áhuga. Hópar margra bekkjardeilda eru mjög fjölmennir í vetur, en það stendur til bóta að skipta nemendum í fleiri hópa næsta skólaár.

Ester Jónsdóttir textílkennari

TÓNMENT

Helstu markmið

Unnið er samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* og skólanámskrá sem birtist í námsvísun.

Uppbygging kennslunnar

Mikil áhersla er lögð á söng, hreyfingu og hljóðfæraleik.

Kennsluaðferðir

Kennsluhættir eru fjölbreyttir. Talsvert er um samvinnunám í minni og stærri hópum. Áhersla er lögð á söng, hreyfingu og hljóðfæraleik. Einstaklingsverkefni eru unnin bæði skrifleg og verkleg. Skrifleg verkefni eru unnin þegar verið er að vinna með verkefni eins og tónskáldið Mozart eða hljóðfærabók. Þemaverkefni eru unnin og oft í samvinnu við bekkjarkennara. Sem dæmi má nefna *Geimurinn* í samvinnu við 3. bekk. Kennt er í lotum í 6. og 7. bekk og kom 6. bekkur í eina klukkustund í viku í sex vikur og 7. bekkur í 1x80 mín og 1x40 mín í sex vikur. Í lotunum eru tekin fyrir þemaverkefni: kvikmyndatónlist í 6. bekk og rafmagnað samspil í 7. bekk.

Námaefni/gögn

Námsefni í tónmennt er frá Námsgagnastofnun, efni úr smíðju kennara, tónlist af netinu (youtube) og af diskum, myndbönd o.fl.

Námsmat

Matið er innbyggt í vinnuferlið, og framlag nemanda er metið jafnóðum. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þannig að endurgjöf til nemenda er tíð. Tekið er tillit til virkni, samvinnuhæfni og árangurs. Vitnisburður er gefin tvisvar á ári í 1.–5. bekk og er byggt á símati vetrarins, verklegum og skriflegum prófum. Vitnisburðurinn er í námsframvindu í *Mentor* ásamt umsögn. Leiðsagnarmat er í 6. og 7. bekk.

Húsnæði – aðstaða

Ný tónmenntstofa var tekin í notkun í lok október. Stofan er góð og gott pláss til hljóðfæraleiks, leikja og hreyfingar. Stofan er þó ekki fullbúin því enn vantar innréttingar og vask í stofuna. Hljóðver er við hlið tónmenntastofunnar en það herbergi nýtist í hópavinnu, upptökur og einnig nýtir tónlistarskólinn herbergið. Hljóðvist í báðum rýmum er mjög góð. Galli er að ekki er hægt að opna milli tónmenntastofu og hljóðvers en gler var sett í hurðaropið.

Veturinn gekk vel, allir árgangar voru jákvæðir og tóku virkan þátt í söng og hljóðfæraleik. Samvinna milli bekkjarkennara og tónmenntakennara hefur aukist og sungin eru lög og samin tónverk sem tengjast þeim sem árgangurinn er að vinna að. Hljóðfærakostur er góður.

Á jólaskemmtun spiluðu nokkrir hljóðfæraleikarar úr röðum nemenda með þegar dansað var í kringum jólatréð. Á þorablóti var sett saman hljómsveit sem spilaði undir fjöldasöng. Tónmenntakennari aðstoðaði og æfði nokkur tónlistaratriði og hljómsveitir fyrir árshátíð 7. bekkja. Á vordögum aðstoðaði tónmenntakennari við undirbúning *Litlu upplestarkeppinnar* í 4. bekk. Undirbjó söng – og hljóðfæraleik og spilaði undir söng. Atriðin voru flutt fyrir foreldra í morgunsamvernd í lok skólaársins.



Jólahljómsveitin

Skólakór

Starf skólakórsins gekk vel. Veturinn byrjaði á val á söngleik og æfingar á honum byrjuðu strax. Dansar voru samdir og lögin lærð. Í nóvember var söngleikurinn hvíldur og æfð voru dægur - og jólalög. Kórinn kom fram á *Degi íslenskrar tungu* 16. nóv. og söng nokkur lög á Bókasafni Garðabæjar. Kórinn söng einnig á laufbrauðsdegi foreldrafélagsins í byrjun desember og sama dag söng kórinn þegar kveikt var á ljósunum á jólatrénu á Garðatorgi. Eftir áramót hófust æfingar á söngleiknum *Mamma mia* aftur og sýning var í byrjun maí. Sýningin tókst mjög vel og höfðu nemendur og foreldrar gaman af. Næsta vetur verður lög meiri áhersla á sönginn og stutt atriði úr söngleikjum sett upp.



Syngjandi sælar í söngleiknum

Samsöngur – skemmtun á sal

Vikulega komu nemendur í 1. – 4. bekk saman á sal til að syngja og horfa á skemmtiatriði sem einstaka bekkir fluttu. Tónmenntakennari aðstoðar við að undirbúa samverustundirnar í samvinnu við bekkjarkennara og velur sönglög. Tæknin er nýtt öðru hverju og texta varpað upp á tjald og myndbönd af t.d. *youtube* nýtt enda reynt að mæta áhuga nemenda og tengja þau við bæði hefðir og dægurmenningu. Nemendur taka almennt vel undir í söng. Skemmtiatriði frá bekkjum eru vel undirbúin fjölbreytt og skemmtilegt. Samvinna er oft um þau á milli bekkjarkennara og tónmenntakennara og þá gefst tækifæri til þess að nýta tónmenntatímana til æfinga. Var sú samvinna nýtt vel í vetur. Tæknimenn koma til aðstoðar og eru þeir úr hópi eldri nemenda og eru ómissandi þáttur í að virkja sem flesta og nýta mismunandi hæfileika sem búa í hópnum. Nemendur 5.- 7. bekkjar komu á sal fimm sinnum á haustönn og fimm sinnum á vorönn og horfðu á skemmtiatriði frá nemendum en enginn samsöngur var hjá þeim.

Unnur Þorgeirsdóttir



Vinaliðar æfa leiki

ÍÞRÓTTIR

Helstu markmið

Að nemendur læri helstu grunnhreyfingar, nái færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifi tap og sigra. Að nemendur upplifi hreyfingu á jákvæðan hátt, allir taki þátt og fái útrás fyrir hreyfipörf sínar. Að nemendur tileinki sér helstu reglur í leikjum og gildandi umgengnisreglur í íþróttahúsi.

Uppbygging kennslunnar

Allir nemendur fá tvisvar sinnum 40 mínútur á viku í íþróttum. Kennt er í *Mýrinni* og úti að hausti og vori.

Kennsluaðferðir

Kennsla fer aðallega fram í leikjaformi, hring- og stöðvapjálfun og „sýna- herma“ aðferðinni.

Í vetur voru markmiðin mjög skýr fyrir hverja kennslustund og kom það fram á tímaseðlum. Það var hluti af þróunarvekfni „Skín“. Nemendum var kynnt í byrjun hvers var ætlast af þeim og hver verkefni væru í tímunum. Ein leið var að vera með plastað spjald sem var hengt upp og markmiðin sett á það. Í einum bekk voru gular og bláar keilur notaðar sem endurgjöf. Gul fyrir „glæsilegt“ og blá fyrir „má bæta“. Verkefnið gekk ágætlega og mætti flétta það betur inn í starfið.

Námsefni/gögn

Allt það sem til er í íþróttahúsinu.

Námsmat

Í 1.-7. bekk er námsmat sett fram í námsframvindu í *Mentor*; sipp, armbeygjur, liðleiki, planki, píptest og kviðæfingar. Eins er virkni, hegðun, virðing og umburðarlyndi sett inn í námsframvindu.

Húsnæði – aðstaða

Íþróttakennsla fer ýmist fram í hálfum eða öllum sal Mýrarinnar. Salurinn er stór og góður en það glymur mikið. Hljóðplötur voru settar upp á vegg í salnum sl haust og hafa bætt hljóðvist mikið, en það mætti bæta enn frekar, t.d. með því að setja hljóðdempun í loftin. Hægt er að nota hljóðnema við kennslu sem er kostur þegar ná þarf til alls hópsins sem er dreifður um salinn. Hátalarakerfi nýtist vel við notkun tónlistar í kennslu.

Á haustin og vorin er útikennsla. Það er oft á tíðum erfitt þar sem mikið er um árekstra í frímínútum, þ.e. battavöllur þá upptekinn þar sem ákveðnir bekkir eru skráðir með völinn, eins pókovellir og í raun allt útisvæðið. Skólanum eru einnig takmörk sett með notkun á Stjörnuvöllinum sem gerir erfitt um vik. Nú í vor var ekki búið að setja upp mörk á svokölluðum „drulluvelli“.

Annað

Ánægðir nemendur og starfsmenn Hofsstaðaskóla tóku þátt í *Norræna skólahlaupinu* miðvikudaginn 2. september í ágætis veðri. Þátttakendur gátu valið um að hlaupa eða ganga, en 95% nemenda tóku þátt í hlaupinu og fóru a.m.k. einn hring eða 2,5 kílómetra og allt upp í fimm hringi eða 12,5 km. Samtals fóru nemendur og starfsmenn skólans um 1792,5 km í hlaupinu. 6. ÖM fór flesta km eða 177,5 km sem er að meðaltali 7,4 km á hvern nemanda í bekknum. Meðal vegalengd hvers einstaklings í skólanum var 3,91 km. Aldeilis frábær árangur. Með *Norræna skólahlaupinu* taka nemendur þátt í hollri útiveru og leitast er við að hvetja nemendur til þess að æfa hlaup og aðrar íþróttir reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan.

Þriðjudaginn 29. september sl. fóru nemendur í 5.–7. bekk gangandi yfir í Kópavog þar sem að *Skólahlaup UMSK* fór fram á Kópavogsvelli. Nemendur kepptu í stúlkna- og piltaflokki í hverjum árgangi fyrir sig. Hofsstaðaskóli átti tvo nemendur á verðlaunapalli. Sigríður Svava Kristinsdóttir varð í þriðja sæti í flokki 5. bekkjar stúlkna. Eiður Baldvin Baldvinsson var í 1. sæti í flokki 6. bekkjar pilta. Allir nemendur okkar voru sjálfum sér og skólanum til sóma.



Danskennsla var í íþróttum í tvær vikur eftir áramót. Þorrablót 6. bekkinga var haldið 27. janúar, þar sem nemendur gátu nýtt kunnáttu sína og sýnt foreldrum. Danskennslan gekk vel fyrir sig og væri mjög þarft að setja danskennslu reglulega inn í stundaskrá nemenda. Í ár var danskennarinn María frá Birnu Björnsdóttur fengin til þess að kenna öllum nemendum skólans *Bollywood dans* og *Djassdans*. Það gekk mjög vel og væri gaman að skoða það aftur fyrir næsta vetur.

Árleg Boðsundskeppni grunnskólanna fór fram í þriðja sinn þriðjudaginn 8. mars. 16 nemendur úr 5.-7. bekk Hofsstaðaskóla tóku þátt í keppninni og stóðu þeir sig mjög vel. Sundsamband Íslands hélt keppnina í Laugardalslaug í góðu samstarfi við dómara, þjálfara, tækni fólk og síðast en ekki síst starfsfólk laugarinnar en án þeirra væri ekki hægt að halda þessa skemmtilegu keppni. Alls voru 34 skólar skráðir til leiks með 64 lið í heildina. Keppt var í flokki 5.-7. bekkjar annarsvegar og 8.-10. bekkjar hinsvegar í 8x25 metra boðsundi með frjálsri aðferð. Keppnin fór þannig fram að átta hröðustu liðin úr hvorum flokki fóru í undanúrslit og síðan fóru fjögur hröðustu liðin áfram í fyrri úrslitariðil. Þar kepptu liðin um að komast í lokaúrslitariðil og kepptu um verðlaunasætin þrjú. Gífurleg stemning myndaðist í lauginni en ætla má að um 550 börn hafi mætt í þangað ásamt fylgdarfólki. Áhorfendur sem settu mikinn svip á mótið voru hátt í 200. Það er óhætt að segja það að sjaldan eða aldrei hefur verið kominn saman svona mikill fjöldi í Laugardalslaug!

Árlegt *Vímuvarnarhlaup Lions* var haldið 11. maí og kepptu 5. bekkingar innbyrðis. Í liðin voru valdar þrjár stúlkur og þrír drengir úr hverjum bekk og einnig voru valdir tveir varamenn af hvoru kyni. Valið var framkvæmt í íþróttatíma þar sem að nemendur hlupu ákveðna vegalengd á tímatöku. Þeir nemendur sem voru með bestu tímana voru svo valdir í liðið. 5. GSP sigraði þetta árið. Lionskonur komu og voru viðstaddar hlaupið ásamt því að veita verðlaunabikar.

Íþróttadagur var með hefðbundnu sniði. Nemendum var skipt í sex hópa í 4.–6. bekk og í 1.–3. bekk. 7. bekkur fór í fimleikahúsið í Ásgarði og voru einnig á sex stöðvum þar. Eftir stöðvarnar voru grillaðar pylsur. Dagskránni lauk síðan með samveru allra nemenda og kennara í íþróttahúsinu þar sem fram fór keppni milli kennara og nemenda í 7. bekk. Nemendur unnu þá keppni í fyrsta sinn í langan tíma. Íþróttadagurinn heppnaðist vel í alla staði. Nemendur og kennarar voru ánægðir eftir daginn.

Ragnheiður Þórdís Ragnarsdóttir, Hreinn O. Karlsson,
Ólafur Pétursson og Guðrún Arna Sigurðardóttir,
Halldóra Björk Sigurðardóttir íþróttakennarar



SUNDKENNSLA

Helstu markmið

Að nemendur nái færni í öndun, köfun, floti og sundtökum í helstu sundgreinum.

Uppbygging kennslunnar:

1. bekkur: Nemendum var skipt í sex hópa, 12 - 13 manna, sem fengu 16 - 18 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
2. bekkur: Nemendum var skipt í fimm hópa, 12 – 13 manna hópa sem fengu 19 – 20 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
3. bekkur: Nemendum var skipt upp í fimm, 12 - 14 manna hópa, sem fengu 16 –17 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 50 mínútur og 1 sinni 40 mínútur.
4. bekkur: Nemendum var skipt upp í sex hópa eftir bekkjum og kyni. Hver hópur mætti einu sinni í viku allan veturinn.
5. bekkur: Nemendum var skipt í fimm, 13 - 14 manna hópa, sem fengu 20 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur og einu sinni í 40 mínútur.
6. bekkur: Nemendum var skipt í fimm, 14 - 16 manna hópa sem fengu 20 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur og einu sinni 40 mínútur.
7. bekkur: Nemendum var skipt í sex 11 - 12 manna hópa sem fengu 10 - 11 skipti hver. Kennt var tvisvar í viku í 60 mínútur.

Kennsluaðferðir

Kennsla fór fram með hefðbundnum hætti. Æfingar í leikjaformi, stöðvaþjálfun og niðurbrot sunds þar sem að einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir.

Námsmat

Nemendur voru prófaðir eftir samræmdum sundstigum úr námsskrá og einkunn gefin fyrir hvern þátt í námsframvindunni í *Mentor*.

Húsnæði – aðstaða

Sundlaugin í Mýrinni er lítil kennslulaug 10 x 16,7 metrar. Hún er búin hinum ýmsu tækjum sem hægt er að nota til aðstoðar við sundkennslu. Að mati kennara hentar laugin mjög vel til kennslu en er þó helst til lítil fyrir elstu nemendurna. Í vetur bar mikið á því að loftgæði og klórmagn væri í ójafnvægi. Það olli óþægnum hjá kennurum og nemendum.

Loftræsting sundlaugarrýmis bilaði um miðjan febrúar og féll sundkennsla niður í um þrjár vikur vegna þessa. Skólinn bauð þeim nemendum sem voru í sundlotu, auka sundtíma að lokinni lotu. Sundtímarnir fóru fram að loknum skóladegi. Yngstu nemendurnir voru dugleg að nýta sér aukatímana en nemendur á miðstigi ekki.


Annað

Lotuskipting í sundi hefur reynst vel þar sem að nemendur fara ört í sund og eru þá fljótir að tileinka sér sundaðferðir sem kenndar eru. Yngstu nemendurnir sem eru vatnshræddir fá örari þjálfun og eru því fljótir að aðlagast vatninu. Það getur þó verið hættu á því að það líði of langur tími þar til að nemendur fari aftur í sund þegar að lotunni líkur.

Það gekk vel í 4. bekk þar sem nemendur mættu 1x í viku allan veturinn. Það er gott fyrirkomulag að fá fjórða bekkinn einu sinni í viku.

Um jólin var prófað að vera með kertasund og kósíheit í sundi hjá nokkrum hópum. Það mæltist vel fyrir hjá nemendum.

„Sundspil“ varð að veruleika og nýttist við kennslu í 4.–7. bekk. Í spilu var spilaborð og notuðu nemendur tening til að komast áfram. Á hverjum reit voru svo verkefni ýmist í formi sunds eða köfunar. Nemendum fannst það koma vel út og verður notað áfram.



Ragnheiður Þórdís Ragnarsdóttir og Hreinn O. Karlsson
sundkennarar

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA SÉRKENNSLU

Í vetur voru fjórir sérkennarar starfandi við sérkennslu og nýbúakennslu, þær Margrét Einarsdóttir deildarstjóri sérkennslu sem kenndi aðallega í 1., 4. og 6. bekk, Bergljót Vilhjálmisdóttir sem kenndi í 3., 5., og 7. bekk, Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir sem kenndi í 1., 2., 3., 5., 6. og 7. bekk og Guðrún Dögg Jóhannsdóttir sem kenndi í 1., 2., 4., 5., og 6. bekk. Þóra Þórisdóttir sá um nýbúakennslu 1., og 3. bekk. Sérkennsla fór aðallega fram inn í sérkennslustofum en í 1. bekk voru tímabil þar sem sérkennari kom í bekk. Í 4., 5. og 6. bekk var bekkjunum skipt þvert á árganga og sérkennararnir tóku hóp á móti kennurunum. Tveir þroskaþjálfar voru starfandi við skólann, Ragnhildur Sigurðardóttir og Anna Laxdal. Sex stuðningsfulltrúar voru starfandi við skólann. Það voru þær Agnes Kragh, Sigurborg A. Helgadóttir, Melissa G. Haire, Sigríður Kragh, Selma Ramdani og Erla Dögg Héðinsdóttir sem hætti í febrúar en þá tók Magnús Anna Arnarsdóttir við og Ásta

Þorsteinsdóttir sem var í afleysingum. Í apríl var Ásmundur Guðni Haraldsson ráðinn til að vera stuðningur með einum nemanda út skólaárið. Helga Rúna Þorsteinsdóttir var í 100% starfi námsráðgjafa við skólann. Gyða Guðmundsdóttir talmeinafræðingur kom nokkur stutt tímabil í skólann. Trausti Valsson skólasálfræðingur kom einn dag í viku og bætti inn degi frá apríl.

Viðfangsefni sérkennslunnar eru einkum kennsla, stuðningur, ráðgjöf, samstarf við nemendur, foreldra, bekkjarkennara og aðra sérfræðinga innan og utan skólans (teymisvinna). Þroskaþjálfar og sérkennarar vinna í samvinnu við kennara að gerð einstaklingsnámskrár og aðlögun námsefnis og sérkennarar sjá um aðlöguð próf. Þroskaþjálfar og sérkennarar sjá einnig um að meta námsgetu og færni nemenda. Gerð er skýrsla um alla þá nemendur sem fá þjónustu innan sérkennslunnar.

Frávikiþjónusta í prófum hefur verið veitt hjá sérkennurum. Hún felur í sér m.a. lengri próftíma, lesara, skrifara, munnlegt próf, heimapróf, aðlagð próf, undirbúið próf, notkun hjálpargagna s.s. upptökutæki, tölvu, vasareikni o.fl. Hafi nemandi tekið aðlagð próf, próf samkvæmt einstaklingsnámskrá eða ef tekið er tillit til stafsetningar, kemur það fram á vitnisburðarblaði. Sérkennarar koma að aðlögun námsefnis fyrir nemendur í bekkjaraðstæðum þar sem það á við, í samvinnu við umsjónarkennara. Þroskaþjálfar koma að aðlögun náms- og félagslegs umhverfis fyrir nemendur í samvinnu við kennara þar sem það á við. Þroskaþjálfar vinna einnig með félagsleg samskipti og sjálfshjálpmemenda. Nýbúum er boðið upp á viðtal með túlki þar sem þeim er kynnt tólmstundaúrræði í Garðabæ og þeir aðstoðaðir við að fylla út umsókn, þetta er gert að hausti og aftur að vori.



Eftirfarandi tafla sýnir fjölda og kyn þeirra nemenda sem fengu þjónustu sérkennslunnar og í hverju sú þjónusta fólst. Í sumum tilvikum er um að ræða sama nemandann sem fær mismunandi þjónustu.

Sérkennsla og sérfræðipjónusta á skólaárinu

Árgangur	Íslenska		Stærðfræði		Nýbúa- þjónusta		Greining sérkennara		Greining/ þjónusta sálfræðings			Greining/ þjónusta talmeinafræðing s	
	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Í bið	Dr.	St.	Dr.	St.
1.	15	18	3	2	1	3	6	1	5	4	2	6	6
2.	4	9	2	2	2	1			2	3		1	2
3.	9	8	4	5	3		1	3	2	1	2		
4.	12	5	6	5			4	2	1	2			
5.	12	4	5		1	1			2	3	1		
6.	9	5	4	3	3			3	1	1	1		
7.	10	5	10	2	1		3			3	1	1	
Alls	71	54	34	19	11	5	14	9	13	1	7	8	8

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir einu sinni í viku allan veturinn. Deildarstjóri sérkennslu, deildastjórar yngra og eldra stigs, námsráðgjafi, skólastjóri og sálfræðingur sátu alla fundina. Þegar mál ákveðinna nemenda voru rædd voru umsjónarkennarar látnir vita og þeim boðið að sitja fundinn. Oft höfðu umsjónarkennarar frumkvæði að því að mál nemenda þeirra væru tekin fyrir. Anna Karin Júlíussen og Ólöf B. Halldórsdóttir félagsráðgjafar, Ása Sæunn Eiríksdóttir hjúkrunarfræðingur og Helga Ágústsdóttir fulltrúi frá Heilsugæslunni voru boðaðar mánaðarlega á fundi í vetur.

Samráðsfundir

Sérkennarar funduðu a.m.k. einu sinni í viku með deildarstjóra sérkennslu. Deildarstjóri sérkennslu og stuðningsfulltrúar funduðu mánaðarlega. Deildarstjóri sérkennslu og þroskaþjálfar funduðu a.m.k. einu sinni í mánuði. Deildarstjóri sérkennslu fundaði auk þess reglulega einn með námsráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingi og hjúkrunarfræðingi.

Lestrarpróf

Allir nemendur skólans voru lestrarprófaðir þrisvar sinnum á árinu og þeir sem voru undir viðmiðum árgangs voru prófaðir fimm sinnum. Sérkennarar skólans sáu um að raddlestrarprófa alla nemendur í 2.-7. bekk í ágúst og í maí og nemendur undir viðmiðum í febrúar/mars.

Umsjónarkennarar sáu um að lestrarprófa nemendur undir viðmiðum í október og alla nemendur í desember. Umsjónarkennarar í 1. bekk sjá um að prófa sína nemendur. Sérkennari árgangs prófaði einnig nokkra nemendur. Umsögn er gefin með lestrinum í janúar og maí fyrir nemendur í 2.-7. bekk. Staða nemenda er birt í námsframvindu í 1. bekk. *Lt/* lesskimunarprófið var notað í 1. bekk og voru allir nemendur árgangsins prófaðir í október, desember og maí. Í lestrarprófum er alltaf gefinn upp atkvæðafjöldi og villuprósentu eða nákvæmnislestur og er miðað við að ásættanlegt sé að nemendur lesi með færri en 3% villum.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall þeirra nemenda sem ná viðmiðum hvers árgangs í lestri undanfarin 3 ár. Í vetur var lagt upp með að 70% nemenda næðu viðmiðum árgangsins.

Fjöldi nemenda skólaárin 2014 – 2016 sem náðu viðmiðum árgangs í lestri (atkvæðum á mínútu). Stefna skólans er að 70% nemenda nái viðmiðum í hverjum árgangi.

Skólaárið 2016

		1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv./mín	60	100-134	155-170	185-200	210-220	220-230	230-250
Hlutfall nemenda sem ná viðmiðum í maí 2016		67%	80%	73%	73%	72%	73%	66%

Skólaárið 2015

		1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv./mín	60	100-134	155-170	185-200	210-220	220-230	230-250
Hlutfall nemenda sem ná viðmiðum í maí 2015		70%	93%	75%	81%	74%	69%	85%

Skólaárið 2014

		1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv./mín	60	100-134	155-170	185-200	210-220	220-230	230-250
Hlutfall nemenda sem ná viðmiðum í maí 2014		77%	85%	73%	82%	67%	70%	80%

Einstaklingsnámskrágerð

Átta nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá. Miðað var við að þeir nemendur fengju einstaklingsnámskrá sem vikju verulega frá í allt að þremur námsgreinum og/eða nemendur sem voru með veruleg frávík í hegðun. Þverfagleg samvinna var á meðal umsjónarkennara, sérkennara og þroskaþjálfara. Allar einstaklingsnámskrár voru gerðar með samþykki og í samvinnu við foreldra. Lokaskýrslur voru unnar fyrir alla nemendur sem unnu samkvæmt einstaklingsnámskrám.

Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi

1. bekkur

Í upphafi skólaárs var deildarstjóri sérkennslu með kynningarfyrirlestur fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Fjallað var um lestur, hlutverk skólans í lestrarkennslunni og hlutverk foreldra. Sérkennsluhópar voru í íslensku og stærðfræði frá hausti ýmist inni í bekk eða í séraðstæðum. Í fyrsta bekk var lögð áhersla á undirstöðupætti lestrarkennslunnar og m.a. unnið með Orð af orði. Unnið var með skjávarpa og iPad í sérkennslu. Unnið var samkvæmt 123skoli og var sérkennari að hluta til inni á kennslusvæði í íslensku- og stærðfræðihringekju. Sérkennari tók stafa- og lestrarkönnun hjá einstaka nemendum í október, allir nemendur tóku Ltl. Allir nemendur í 1. bekk voru raddlestrarprófaðir eftir Ltl, Leið til læsis prófunum í desember og að vori. Skráð var í námsframvindu hvar nemendur voru staddir í lestrarferlinu. Hljóðfærniþrófið var lagt fyrir sjö nemendur. Níu nemendur fengu félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfara. Fjórir nemendur fengu nýbúakennslu. TOLD 2P málþroskaþrófið var lagt fyrir einn nemanda. Þrír nemendur unnu samkvæmt einstaklingsáætlun.

2. bekkur

Sérkennsla í 2. bekk miðaði að því að halda áfram þar sem frá var horfið í lestrarkennslu í 1. bekk. Lögð var áhersla á Orð af orði, lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf *Aston Index*, var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori. Nokkrir nemendur fengu sérkennslu í stærðfræði eftir áramót. Þrír nemendur fengu nýbúakennslu. Lestrarátakið „*Lesum saman*“ sem er samstarfsverkefni foreldra og nemenda, var í boði á haustönn fyrir nokkra nemendur. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur. Tveir nemendur fengu félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfara.

3. bekkur

Í sérkennslu í 3. bekk var unnið með Orð af orði. Lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund auk stærðfræði. Unnið var með iPad og tölvur í einstaklingsvinnu, t.d. í að skrifa sig til læsis. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf, *Aston Index*, var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori. LOGOS lestrargreiningarpróf var lagt fyrir fjóra nemendur. Þrír nemendur fengu nýbúakennslu. Sérkennari sá um prófafrávik í árganginum. Lestrarátakið „*Risaeðlur*“ sem er samstarfsverkefni foreldra og nemenda, var í boði á vorönn fyrir nokkra nemendur. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur. Einn nemandi fékk félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfara.

4. bekkur

Sérkennsla í 4. bekk fór fram í sérkennslustofu. Lögð var áhersla á Orð af orði, lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund í íslensku. Námskeið fór fram í lesskilningi, hraðlestri og stafsetningu í sérkennslunni. Árganginum var skipt þvert á hóp og tóku sérkennarar þátt í þeirri vinnu í 5. vikur. Voru þar unnin verkefni tengd íslensku. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf, *Aston Index*, var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori. LOGOS lestrargreiningarpróf var lagt fyrir sex nemendur. Í stærðfræðihópunum var lögð áhersla á að efla skilning og sjálfstraust, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur voru hvattir til að

finna sem fjölbreyttastar leiðir til að skilja og finna lausnir. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir í september. Deildarstjóri sérkennslu, í samráði við umsjónarkennara og forráðamenn nemenda, sá um að meta og sækja um frávíkspjónustu. Sótt var um frávik fyrir sex drengi og fimm stúlkur í íslensku og stærðfræði.

5. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór fram í sérkennslustofum. Áhersla var lögð á Orð af orði, lestur, lesskilning, málfræði, ritun og stafsetningu. Hringekja í íslensku var að vori, þar sem hópum var kennt þvert á árgang og sérkennarar tóku þátt. Stafsetningarpróf, *Aston Index*, var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra að vori. *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir þrjá nemendur. Í 5. bekk var færnimiðað nám í stærðfræði. Nemendum var skipt í fimm færnimiðaða hópa. Námsefni, próf og kannanir voru aðlagðar að þörfum sérhvers nemanda. Nemendur fengu að hafa hjálpargögn í könnunum og prófum. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Nýbúakennsla var í boði fyrir þrjá nemendur. Tveir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsáætlun. Tveir nemendur fengu félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfara.

6. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór fram í sérkennslustofum. Áhersla var lögð á Orð af orði, lestur, lesskilning og stafsetningu. Boðið var upp á námskeið í lesskilningi og stafsetningu. Færnimiðað nám var í stærðfræði. Færnimiðað nám var einnig í ensku. Þrír nemendur fengu nýbúakennslu. Stafsetning, *Aston Index* var lagt fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst og nokkra í maí. *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir þrjá nemendur. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á.

7. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór fram í sérkennslustofum. Áhersla var lögð á lestur og lesskilning, stafsetningu og málfræði. Stafsetningarprófið, *Aston Index* var lagt fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst. Boðið var upp á færnimiðað nám í stærðfræði og ensku. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir í september. Deildarstjóri sérkennslu, í samráði við bekkjarkennara, sérkennara og forráðamenn nemenda, sá um að meta og sækja um frávíkspjónustuna. Sótt var um frávik í íslensku og stærðfræði fyrir sjö drengi og þrjár stúlkur. *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir þrjá nemendur. Þrír nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá. *TOLD 21* málþroskaþrófið var lagt fyrir einn nemanda. Fjórir nemendur fengu félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfara.

Margrét Einarsdóttir, deildarstjóri sérkennslu

SKÝRSLA NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA

Skólaárið 2015-2016 var Helga Rúna Þorsteinsdóttir námsráðgjafi í 100% starfshlutfalli við Hofsstáðaskóla. Eftirfarandi þjónusta var í boði: Einstaklingsráðgjöf, aðstoð við bekkjarfundi, vinahópar, fræðsla um einelti, kynferðislegt ofbeldi, sjálfsmynd og sjálfstraust, félagsfærnihópar, fræðsla og kennsla um samskiptavanda og lausnir, námstækniráðgjöf og ráðgjöf vegna prófaundirbúnings. Góð samvinna var við foreldra/forráðamenn, kennara, sálfræðing, deildarstjóra, stjórnendur og aðra starfsmenn.

Fjölmargir nemendur leituðu til námsráðgjafa í vetur. Nemendur komu ýmist í einstaklingsráðgjöf eða hópráðgjöf en einnig tók námsráðgjafi þátt í fræðslu með kennurum. Ástæður tilvísana eða þess að nemendur leituðu til námsráðgjafa voru margskonar s.s. námsvandi, félagslegur vandi, tilfinningavandi, vandi með sjálfsmynd, hegðunarvandi, prófkvíði, vandi í bekk, fjölskylduvandi, einelti og fleira. Nemendur, forráðamenn, umsjónarkennari eða aðrir starfsmenn óskuðu eftir aðstoð námsráðgjafa á tilteknu eyðublaði eða með öðrum munnlegum eða skriflegum hætti svo sem tölvupósti.

Önnur verkefni námsráðgjafa

- Námsráðgjafi hefur tekið á móti nýjum nemendum sem koma úr öðrum skólum. Þessa nemendur hittir hann einu sinni í byrjun og svo aftur þegar tvær til þrjár vikur eru liðnar af skólavistinni. Ef tilefni hefur þótt til þá hefur námsráðgjafi hitt nemendur oftari. Þetta ferli hefur gefist vel. Skólaárið 2015-2016 komu 47 nýjir nemendur í skólanum í viðtal til námsráðgjafa.
- Tengslakönnun er framkvæmd í öllum bekkjum skólans, en það er greiningartæki til að kanna félagatengsl í afmörkuðum hópum. Námsráðgjafi hefur umsjón með fyrirlögn könnunarinnar, úrvinnslu, les úr niðurstöðum og skilar stutttri greinargerð um stöðu mála í hverjum bekk, ásamt því að taka þátt í aðgerðum sem fylgja í kjölfarið ef þurfa þykir.
- Í skólanum er starfandi eineltisteymi, sem í sitja námsráðgjafi og deildarstjórar. Námsráðgjafi stýrir eineltisteyminu og er virkur í vinnslu eineltismála. Hann fylgir einnig eftir þeim nemendum sem hafa orðið fyrir einelti. Ef eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari, stjórnandi eða foreldri samband við aðila úr eineltisteyminu. Eineltismál koma einnig beint inn á borð stjórnenda og eineltisteymis. Tilkynningar um einelti skulu vera skriflegar á þar til gerðu eyðublaði sem m.a. er hægt að nálgast á heimasíðu skólans; „Tilkynning – grunur um einelti“. Eineltisteymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ*.
- Námsráðgjafi situr í áfallaráði Hofsstáðaskóla ásamt stjórnendum skólans, ritara og hjúkrunarfræðingi.
- Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir hvern mánudag. Námsráðgjafi situr fundi nemendaverndarráðs, enda ber honum skv. lögum skylda til að sitja í ráðinu.
- Námsráðgjafi tók þátt í að fá fræðslu frá *Blátt áfram* um kynferðislegt ofbeldi fyrir nemendur í 2. bekk. Sýnt var brúðuleikritið *Krakkarnir í hverfinu* og í kjölfarið voru umræður.
- Nemendur í 5. bekk fengu fræðslu frá *Marita* sem ber heitið *Vertu þú sjálf/sjálfur* og fjallar um að styrkja börn til að taka afstöðu með heilbrigðum lífsstíl og styrkja sjálfsmynd barna.
- Nemendur í 6. bekk fengu fræðslu um geðrækt og sjálfsmynd í hringekju, það voru alls 6 kennslustundir fyrir hvern 12 manna hóp, alls 6 hópar.

- Námsráðgjafi hafði yfirumsjón með fræðslu frá Siggu Dögg kynfræðingi fyrir nemendur og foreldra í 7. bekk. Erindið bara heitið, *Kjastað um kynlíf við unglinga* og var virkilega vel heppnað. Nemendur fengu fræðslu á skólatíma en foreldrar að kvöldi sama dags.
- Námsráðgjafi ásamt öðrum starfsmönnum fór á námskeiðið, *Erfið samskipti stúlkna, leið til lausna* í janúar og í kjölfarið fór námsráðgjafi af stað með verkefni þar sem unnið var með efni námskeiðsins með stúlknaþóp úr 6. bekk. Í því fólst að fram fóru einstaklingsviðtöl við allar stúlkurnar, haldinn var foreldrafundur, stúlknaþópnum var skipt í tvo hópa og fékk hvor hópur tíu umræðufundi hjá námsráðgjafa þar sem unnið var með samskipti.
- Námsráðgjafi hélt utan um mentorverkefnið *Vináttu* en nokkrir nemendur skólans tóku þátt í því í vetur.
- Námsráðgjafar í grunnskólum Garðabæjar hittast u.þ.b. einu sinni í mánuði yfir veturinn á faglegum samráðs- og handleiðslufundum.
- Samvinna við kennara, starfsfólk skólans, foreldra, nemendur og aðra hefur falist í fundarhöldum, símaviðtölum og tölvupóstsamskiptum. Einnig hafa foreldrar notað nemenda- og foreldrasamtalsdaga til að hitta námsráðgjafa og fengið einkafundi með námsráðgjafa ef óskað er.

Eineltismál

Eineltisteymi Hofstaðaskóla skipa námsráðgjafi og deildarstjórar yngra- og eldra stigs. Teymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ* sem er samstarfsverkefni grunnskóla Garðabæjar þar sem námsráðgjafar og deildarstjórar grunnskólanna hafa samvinnu. Það er skýr stefna í grunnskólum Garðabæjar að taka strax á eineltismálum og markmið verkefnisins er að koma á samræmdum vinnubrögðum til að fyrirbyggja og bregðast við einelti, bæta líðan og öryggi nemenda og skólabraginn í heild. Sjá nánar á www.gardabaer.is og www.hofsstadaskoli.is

Eineltisteymi Hofstaðaskóla hefur fundað reglulega og eftir þörfum í vetur. Þegar grunur um eineltismál kemur upp hefur sá sem fær tilkynningu um grun um einelti samband við aðila úr teyminu og haft er samráð um viðbrögð og aðgerðir. Markviss vinna fer í gang þegar grunur um eineltismál koma upp og lögð er áhersla á að allir starfsmenn skólans séu meðvitaðir um hvernig eigi að bregðast við.

Í skólabyrjun kynntu kennarar eineltisáætlun skólans fyrir bæði nemendum og foreldrum og hafa síðan haldið umræðunni gangandi í bekkjum, meðal annars með því að ræða um einkenni eineltis. Þá fengu fengu allir starfsmenn skólans sérstaka kynningu á eineltisáætluninni á starfsdögum. Nemendur, foreldrar og starfsmenn eru því vel vakandi fyrir öllu sem tengist óæskilegum samskiptum og hegðun gagnvart skólafélögum.


Í mörgum tilfellum, þegar grunur leikur á einelti, er hægt að koma í veg fyrir einelti með ýmsum úrræðum. Þar má nefna fræðslu og þjálfun í samskiptum, vinahópa og félagsfærnihópa, reglulega bekkjarfundi með nemendum og umsjónarkennurum, fundi með deildarstjórum eða námsráðgjafa og nemendum. Með þessum úrræðum er oft hægt að taka á málum er tengjast samskiptavanda nemenda áður en þau verða að eineltismálum.

Gott samstarf hefur verið við skólaliða og annað starfsfólk skólans. Þeir upplýstir um nemendur sem þörf er á að fylgjast náið með, annað hvort vegna gruns um að þeir hafi orðið fyrir einelti, eftir að uppvíst er um einelti eða ef þeir eru grunaðir um að vera gerendur í eineltismáli.

Eineltismál eru mismunandi og haga ber vinnu hvers máls eftir eðli þess. Öll mál sem koma upp eru rannsökuð og skráð. Ef um einelti er að ræða, er málið sett í feril vegna eineltismála sem lesa má um á heimasíðu skólans www.hofsstadaskoli.is

Námsráðgjafi hefur yfirumsjón með skráningum á þeim eineltismálum sem upp koma, hvort sem um ræðir grun um einelti eða sannanlegt einelti. Mikilvægt er að halda utan um skráningar á einelti til að meta þróun og framfarir í forvörnum og vinnu gegn einelti.

Á skólaárinu 2015-2016 voru 6 eineltismál tilkynnt í 4.-6. bekk. Á skólaárinu þar á undan voru 4 mál tilkynnt (sjá mynd).



Regluleg könnun á líðan nemenda, stríðni og einelti er stór þáttur í því að sporna við einelti og taka á þeim málum sem upp koma. Forvarnarvinna getur verið mjög árangursrík og því mikilvægt að halda bekkjarfundi reglulega, bjóða nemendum og foreldrum upp á vinahópa utan skóla sem og á skólatíma. Fræðsla til nemenda um einelti, stríðni og áhrif þess er mikilvæg. Öll vinna námsráðgjafa og umsjónarkennara í tengslum við einelti er mikilvæg og nauðsynlegt er að styrkja hana enn betur. Augu manna hafa í auknum mæli beinst að forvarnarvinnu gegn einelti, með því að kynna nemendum algengan samskiptavanda hjá stúlkum og drengjum. Félagsfærnivinna fyrir nemendur sem eiga í vanda með félagstengsl getur nýst nemendum mjög vel þar sem félagsstaða nemenda styrkist. Einnig gagnast ráðgjöf fyrir nemendur með aðstoð kennara, þroskaþjálfara, deildarstjóra, námsráðgjafa eða sálfræðings. Með aukinni þekkingu nemenda á einelti, áhrifum þess og aukinni virðingu nemenda gagnvart sjálfum sér og öðrum er mögulegt að vinna að bættri líðan nemenda í Hofstaðaskóla. Nauðsynlegt er að vinna áfram í málum er tengjast einelti, fræða starfsfólk um einelti sem og nemendur og foreldra.

Helga Rúna Þorsteinsdóttir
náms- og starfsráðgjafi



SKÝRSLA KENNSLURÁÐGJAFA Í TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI

Starf kennsluráðgjafa

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með stefnu, uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni í skólanum. Hann veitir nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans aðstoð í tengslum við tölvu- og upplýsingatækni og aðstoðar við ýmis tæknileg vandamál sem upp koma í daglegu starfi. Yfirumsjón, skráning og eftirlit með ýmsum búnaði s.s. Spjaldtölvum, skjávörpum, myndavélum o.fl. er orðin veigamikill þáttur í starfinu ásamt innkaupum og samskiptum við tölvudeild vegna tæknilegra verkefna. Auk þess hefur kennsluráðgjafi haft yfirumsjón með tækjamálum í samkomusál skólans og aðstoðað við skemmtanir á sal, fyrirlestra og aðrar uppákomur.

Kennsluráðgjafi fylgist með nýjungum tengdum tölvum og upplýsingatækni, kynnir sér tölvutengd tæki, hugbúnað, námsefni og vefsíður sem hægt er að nota í kennslu. Kennsluráðgjafi sér um notendabjónustu fyrir *Mentor* og hefur komið að stefnumörkun varðandi notkun á kerfinu. Hann sér einnig um að koma inn markmiðum fyrir Námsframvindu í *Mentor* og að prenta út vitnisburðarblöð í lok haust- og vorannar. Upplýsingamiðlun er hluti af starfinu svo og umsjón með vef skólans. Kennsluráðgjafi sér um að uppfæra hann reglulega, setja inn fréttir og myndir. Mikil áhersla er lögð á að safna og birta myndir og myndbönd úr skólastarfinu og að veita nemendum tækifæri til að birta verk sín en þetta eru allt verðmætar heimildir um það starf sem fram fer í skólanum.

Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni í grunnskólum Garðabæjar vinna náið saman og eru tengiliðir við tölvudeild bæjarins. Árlega fara ráðgjafarnir yfir námsáætlanir í tölvu- og upplýsingatækni og uppfæra eftir þörfum. Þeir halda reglulega fundi þar sem farið er yfir ýmis mál er tengjast skólastarfinu og faginu s.s. aðgengis- og öryggismál, vefi skólanna, sameiginleg hugbúnaðar- og tækjakaup, skipulagningu námskeiða og framkvæmd verkferla. Einnig kynna þeir sér hugbúnað og deila með sér hugmyndum um notkun hans í skólastarfi.

Í upphafi skólaárs fór gríðarleg vinna í að koma tæknimálum í nýrri viðbyggingu í gagnið og ýmsum málum í tengslum við nýtt símkerfi sem tekið var í notkun. Nokkur tími hefur einnig farið í að sníða kerfið til og læra á það. Breyta og bæta þurfti inn ýmsum tenglum og tengjum, koma skjávörpum, hátölurum og tjöldum fyrir o.m.fl. Auk þess voru teknir í gagnið tveir upplýsingaskjái, annar fyrir starfsfólk og hinn fyrir nemendur. Kennsluráðgjafi sá um að koma upplýsingum inn á skjáina. Unnið er að því að hægt sé að nýta *Lisu*, vefumsjónarkerfi Garðabæjar til að koma upplýsingum á skjáina.

11. ágúst 2016 verða haldnar menntabúðir í upplýsingatækni. Kennsluráðgjafar hafa fundað reglulega til að undirbúa búðirnar sem verða fyrir alla kennara, stuðningsfulltrúa og þroskajálfa skólana.

Tölvu og tækjakostur skólans -aðstaða til kennslu

Skólaárið 2015-2016 voru í skólanum 53 borðtölvur, 79 fartölvur og 92 spjaldtölvur. Í töflu hér fyrir neðan má sjá fjölda og skiptingu vélanna.

	Tölvustofa 219	Fartölvur	Tölvustofa 111	Fartölvuvagn I	Fartölvuvagn II	Vinnuherbergj	Svalir í sal	Sérkennsla	Önnur rými	Spjaldtölvur	Samtals
Nemendavélar	26		24	15	15	0		4		93	168
Kennarar/aðrir starfsmenn	1	48	1			1	1		2		54
Samtals	27	48	25	15	15	1	1	4	2	93	223

Borð- og fartölvur sem sérstaklega voru ætlaðar nemendum voru 84. Þær voru staðsettar í tölvustofu á neðri hæð, tölvustofu á efri hæð, sérkennslustofum og fartölvuvögnum. Spjaldtölvur í eigu skólans eru 89 ípad tæki og 3 Samsung tæki. Hver árgangur hafði 9-12 spjaldtölvur til umsjónar og umráða, 6 eru í umsjón sérkennara og 2 í umsjón kennsluráðgjafa.

Borð- og fartölvur fyrir starfsfólk og/eða til stýringa á búnaði voru 54. Nemendur í skólanum voru 502. Tveir fartölvuvagnar, einn á efri hæð og annar á neðri hæð voru til afnota fyrir kennara og nemendur. Í hvorum vagni voru 15 fartölvur. Þó nokkurrar óánægju gætti meðal kennara og nemenda vegna ýmissa tæknilegra vandamála sem upp komu með fartölvuvagnana s.s.

hæggangs við innskráningu og uppsöfnun notenda þannig að fleiri náðu ekki að skrá sig inn. Mikilvægt er að leysa úr þessum vandamálum með kennurum því fartölvurnar eru nettar og þægilegar í notkun og að jafnaði er mikið sóst eftir að nota þær í tengslum við ýmis konar verkefni.

Þráðlaust net er um allan skólann og var einum sendi bætt við í austurálmú uppi hjá 7. bekk. Búið er að hljóð- og myndvæða allar bekkjarstofur og lokið hefur verið við hljóð- og myndvæðingu í tengslum við nýbygginguna. Í vetur voru alls átta gagnvirkar „Smartboard“ töflur í notkun, allar í kennslustofum (1. bekkjum, 6. bekkjum og 2.BS).

Í vetur hefur Air Server hugbúnaðurinn virkað sem skyldi. Air Server hugbúnaðurinn gerir kennurum kleift að varpa hljóði- og mynd þráðlaust í gegnum tölvu upp á tjald. Air Server þyrfti að vera til staðar á öllum fartölvum kennara svo hægt sé að kenna þeim á hann og grípa til hans þegar á þarf að halda. Unnið var að því síðustu vinnudaga skólaársins að koma Air server til dreifingar í Software Center þar sem hægt verður að nálgast hugbúnaðinn.

Sett var upp sameiginlegt drif fyrir hljóðefni (A-drif) þar sem starfsmenn allra skóla geta nálgast hljóðefni sem nýta þarf til kennslu. Sparar þetta vinnu fyrir kennara og auðveldar aðgengi sérstaklega þar sem geisladrif eru ekki í nýjum kennaravélum.



Nám og kennsla

Kennsla og notkun nemenda á tölvum og kennsluefni miðast fyrst og fremst við það að kenna nemendum að nýta sér upplýsingatækni í tengslum við annað nám. Allir hópar skólans áttu fasta tíma í tölvustofu, einu sinni í viku og fengu einnig kennslu í minni hópum í list- og verkgreinalotu. Kennsla í upplýsingatækni fer ekki eingöngu fram í tölvustofunni heldur í öllum greinum og á öllum stöðum í skólanum. Tilkoma snjalltækjanna í skólastarfið hefur opnað nýja möguleika og aukið sveigjanleikann. Eins og áður kom fram hefur ípad tækjum verið dreift á árgangana sem hafa tækin til umsjónar og afnota. Kennarar voru auk þess duglegir að bóka fartölvuvagna skólans og nýta lausa tíma í tölvustofum. Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni voru hafðar til hliðsjónar við kennsluna. Áætlanirnar voru vistaðar á sameign ásamt verkefnum og öðrum fylgigögnum. Allar kennsluáætlanir voru uppfærðar fyrir skólaárið 2015-2016 sem og öll hæfniviðmið í Námsframvindu í Mentor.

Kennsluráðgjafi fundaði með öllum árgöngum í upphafi skólaárs þar sem farið var yfir markmið og kennslu komandi vetrar í upplýsingatækni og þeim bent á áður nefnd gögn.

Umsjónarkennarar í hverjum nemendahópi sáu að mestu um kennslu í upplýsingatækni og að tengja hana inn í almennt skólastarf. Kennslan miðast við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni og eru mismunandi þættir teknir fyrir í hverjum árgangi og þannig myndaður góður grunnur og samfella tryggð í tölvunámi nemenda.

Í kennsluáætlunum sem kennsluráðgjafar leggja fram er lögð áhersla á fræðslu um öryggi á netinu. Kennarar eru hvattir til að ræða um örugga netnotkun við nemendur, ræða um þær reglur sem gilda um tölvunotkun í skólanum og fara yfir kennsluefni frá SAFT. Umsjónarkennarar eiga a.m.k. að nýta tvo bekkjarfundi á önn til að ræða um örugga netnotkun.

Þriðjudaginn 19. janúar var Hafþór Birgisson frá Saft fengin til að halda fræðslufund fyrir nemendur í 4. bekk og foreldra þeirra um jákvæða og örugga netnotkun. Hafþór kom inn á hversu frábær og jákvæð upplýsingaveita netið væri en að þar leyndust einnig ýmsar hættur sem mikilvægt væri fyrir alla að þekkja. Þriðjudaginn 15. mars var haldin fræðslufundur fyrir nemendur í 5. bekk og foreldra þeirra um jákvæða og örugga netnotkun. Magnús Stefánsson flutti erindi sitt *Vertu þú sjálfur*, hann ræddi um markmiðasetningu, mikilvægi góðrar næringar og óheppilega hluti sem geta gerst við óvarlega notkun á samskiptamiðlum.

Nemendur í 1.-4. bekk fengu í vetur eina kennslustund á viku með umsjónarkennara í tölvuveri. Nemendur í 5. – 7. bekk fengu eina og hálfa kennslustund á viku með umsjónarkennara í tölvuveri. Auk þess fengu nemendur í hverjum árgangi kennslu í smærri hópum (Tölvufærni). Kennslan fór fram í lotum (LV eða hringekju) og var kennslufyrirkomulagið eftirfarandi:

1. bekkur (LV)

1 kennslustund á viku í 5-6 vikur

Kennari: Guðrún Pálsdóttir

2. bekkur (Hringekja)

1 kennslustund á viku í 7 vikur

Kennari: Ragna Jóhannsdóttir

3. bekkur (LV)

1 kennslustund á viku í 5-6 vikur

Kennari: Bryndís Stefánsdóttir

4. bekkur (LV)

1 kennslustund á viku í 7 vikur

Kennari: Ragna Jóhannsdóttir



5. bekkur (Hringekja)

1 ½ kennslustund á viku í 7 vikur (Vefsíðugerð)

Kennari: Smári Jökull Jónsson

1 ½ kennslustund á viku í 7 vikur (Forritun)

Kennari: Ingibjörg L. Guðmundsdóttir (Skema)

6. bekkur (Hringekja)

1 ½ kennslustund á viku í 7 vikur (Myndbandavinnsla)

Kennari: Halldóra Björk Sigurðardóttir

1 ½ kennslustund á viku í 7 vikur (Forritun)

Kennari: Ingibjörg L. Guðmundsdóttir (Skema)

7. bekkur (Hringekja)

1 kennslustund á viku í 5-6 vikur (Hljóðvinnsla).

Kennari: Guðrún Helga Sigurðardóttir

Á skólaárinu fengu nemendur kennslu í forritun. Í yngri deildum (1. – 4. bekk) voru notuð smáforrit /öpp á ípad tækjum auk ýmissa náms- og kennsluvefja. Ingibjörg L. Guðmundsdóttir frá Skema sá um forritunarkennslu í 5. og 6. bekk. Nemendur lærðu m.a. á *Alice* og *Kodu*. Nemendur í 5. bekk lærðu auk þess að nota *Weebly* til að búa til einfalda vefi, setja inn krækjur, myndir, kort og myndskaið. Nemendur í 6. bekk fengu kennslu í myndbandagerð og sá Halldóra Björk Sigurðardóttir um kennsluna.

Hópi nemenda í 6. bekk gafst tækifæri til að taka þátt í myndbandanámskeiði á vegum *RIFF, Reykjavík International Film Festival* sem fram fór á listadögum vikuna 25.–29. apríl. Grunnskólar Garðabæjar hlutu styrk úr þróunarsjóði bæjarins til að fá námskeiðshaldara og fór námskeiðið fram í Garðaskóla. Nemendur unnu að myndböndunum í sínum skóla. Myndböndin verða sýnd á *RIFF* hátíðinni í haust.

Vélritun

Æfingar á lyklaborð hefjast strax í 1. bekk. Þjálfunin fer fram í tölvutímum og byrja nemendur í 1. bekk á því að gera æfingar á vefnum *Fingrafimi á Krakkasíðum Námsgagnastofnunar*. Nemendur í 4.-7. bekk nota ýmsar veflægar lausnir við lyklaborðsþjálfunina en færni þeirra og hraði eru könnuð nokkrum sinnum yfir veturinn með hugbúnaðinum „Typing Master pro“ sem er fríhugbúnaður. Viðmið í hraða fyrir 5. bekk er 70 slög á mínútu en fyrir 6. bekk 80 slög og 7. bekk 100 slög á mínútu. Kennarar skrá umsagnir í *Námsframvindu Mentor* og birta nemendum og foreldrum.

Myndasöfn

Mikil áhersla er lögð á að kennarar taki myndir af skólastarfinu og miðli fréttum á vefinn. Myndir eru verðmætar heimildir um það starf sem fram fer í skólanum. Í vetur stóð hverjum árgangi til boða að fá myndavél til umráða. Kennsluráðgjafi heldur utan um myndavélageign og fylgihluti og aðstoðar nemendur og kennara með ýmis tæknileg atriði varðandi vélarnar og umsýslu með myndir. Færst hefur í vöxt að kennarar nýti eigin tæki s.s. síma og að nemendur nýti ípad tæki

skólans og önnur snjalltæki við myndatökur og í myndbandagerð. Snjalltæki eins og spjaldtölvur og símar eru að mestu leyti að leysa önnur tæki af hólmi í tengslum við myndatökur. Kennsluráðgjafi sá um að taka upp ýmsa viðburði, klippa saman myndbönd og setja á netið. Í þá vinnu voru einnig þjálfaðir nemendur sem gátu komið að verkinu. Margir af viðburðunum eru hýstir óskráðir á rás skólans á Youtube.

Kennarar í yngri deild hafa í vetur allir haft s.k. skjalamyndavélar til umráða. Skjalamyndavélin gerir þeim kleift að varpa myndum úr bókum, af ýmis konar sýnishornum og fleira upp á tjald. Skólinn hefur á síðustu misserum fjárfest í nokkrum slíkum vélum.

Samskipti heimila og skóla-Mentor

Mikil áhersla er lögð á öflug og góð samskipti heimila og skólans. Ýmsar leiðir eru notaðar til samskipta s.s. fundir með nemendum og foreldrum, símhringingar, tölvupóstur, vefur skólans og *Fjölskylduvefur Mentor.is*. Í vetur fólust skyldur kennarar í tengslum við *Mentor.is* og *vef skólans* í:

- skráningu á ástundun (fjarvist, veikindi, leyfi, seint)
- utanumhald og birtingu á einkunnum í verkefnabókum *Mentor*
- dagbóarskráningum (voru bannaðar á skólaárinu og er í skoðun hjá Persónuvernd)
- heimavinnuáætlun í hverri viku (birt á *Fjölskylduvef*)
- tölvupóstsamskiptum (svara erindum og senda a.m.k. eitt bréf á viku til foreldra)
- einkunnaskráningu
- leiðsagnarmati fyrir foreldrasamtöl á haustönn
- skráningu í *Námsframvindu*
- fréttaskrifum á vef skólans

Skólaritari er miðpunktur í ástundunarskráningu nemenda. Hann tekur við innhringingum og skráir veikindi og leyfi. Í vetur sendi ritari einnig reglulega út upplýsingar um ástundun til forráðamanna nemenda. Forráðamenn og nemendur hafa veflykil sem veitir þeim aðgang að upplýsingum þar sem þeir geta fylgst með ástundun og framvindu námsins. Foreldrar geta tilkynnt og skráð veikindi sjálfir inn á *Fjölskylduvef Mentor*.

Líkt og síðastliðin skólaár var farið fram á að nemendur með aðstoð foreldra sinna fylltu út *Leiðsagnarmat* fyrir foreldrasamtöl á haustönn. Upplýsingarnar vistast í *Mentor* og eru aðgengilegar til upprifjunar og eftirfylgni.


Námsgreinum í Námsframvindu Mentor hefur fjölgað. Allt námsmat á yngri stigi (1.-4. bekk) var í vetur birt í Námsframvindunni. Ítarlega umfjöllun um námsmat í skólanum er að finna á vefsíðu skólans <http://hofsstadaskoli.is/namid/namsmat/>

Vefur skólans

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með vef skólans <http://www.hofsstadaskoli.is>. Vefurinn gegnir mjög mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun og því er lögð áhersla á að setja reglulega upplýsingar, nýjar fréttir og myndir af skólastarfinu á heimasíðuna. Skólastjórnendur og kennarar

taka þátt í upplýsingamiðluninni með því að taka myndir og skrifa stuttar fréttir í tengslum við starf sitt með nemendum. Ritari skólans hefur í vetur skráð viðburði í viðburðadagatal.

Fréttir, myndir og krækjusaftnið er alltaf vinsælt skoðunarefni. Á myndritinu hér fyrir neðan má sjá heimsóknir/innlit á vef skólans eftir mánuðum. Í hverjum mánuði fengum við að meðaltali 7744 heimsóknir á vefinn sem er örlítil aukning frá því í fyrra.



Samskiptaverkefni

Í vetur tóku nokkrir hópar þátt í *Mystery Skype* leik. *Mystery Skype* er n.k. ratleikur um heiminn þar sem nemendur frá tveimur skólum í mismunandi löndum reyna að finna út hvar hinn hópurinn er staðsettur með því að spyrja til skiptis spurninga sem eingöngu má svara með já eða nei. Undirbúa þarf leikinn mjög vel, skipa nemendum í hlutverk t.d. spyrsla, hlaupara, kortamenn, skrásetjara, ljósmyndara o.s.frv. Fara þarf yfir ákveðna hluti í landafræði og fleira áður en slíkur fundur getur átt sér stað. Leikurinn þjálfar tungumál (ensku), rökhugsun, tjáningu, framkomu og samvinnu svo eitthvað sé nefnt. Nemendur höfðu mikið gagn og gaman af leiknum og fengu tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn.

Í kennsluáætlunum voru allir árgangar hvattir til að kynna sér *eTwinning* og gefa nemendum tækifæri til að taka þátt í a.m.k. einu samskiptaverkefni, en *eTwinning* er rafrænt skólasamstarf í Evrópu. Möguleiki er fyrir tvo íslenska skóla að vinna saman að verkefni sem ætti að gera kennurum yngri barna auðveldara fyrir að taka þátt þar samskiptin geta farið fram á íslensku. Þátttaka í samstarfsverkefnum gefur nemendum og starfsfólki skólans góða innsýn í nám og störf annarra nemenda og kennara. Þau auka viðsýni, fjölbreytni í starfsháttum og geta gefið innsýn í menningu og líf annarra þjóða.



Framtíðarsýn

Hvað skipulag kennslu varðar næsta vetur lítur út fyrir að hún verði með nokkuð svipuðu sniði. Unnið verður áfram með þróun á kennslu í forritun í yngri deildum skólans. Haldið verðum áfram með kennslu í forritun í 5. og 6. bekk. Gert er ráð fyrir því að umsjón með kennslunni verði áfram í höndum *Skema*. Kennsla í vefsíðugerð gekk nokkuð vel en óskað var eftir því við deildarstjóra tölvudeildar að keyptur yrði s.k. *Weebly Campus* aðgangur fyrir skólana. Slíkur aðgangur auðveldar alla umsýslu með aðgangi nemenda og gerir kennurum t.d. kleift að stofna aðgang fyrir hópa og setja lykilorðalæsinga á vefi í birtingu. Ákveðið hefur verið að fjölga tímum fyrir myndbandavinnsluna í 6. bekk. Handritagerð, undirbúningur og klippingar á myndböndum er mjög tímafrekt verkefni og náðu ekki allir hópar að ljúka sínum verkefnum. Breyting á viðfangsefnum hjá öllum árgöngum í tölvufærni mæltist vel fyrir og verður áfram unnið með að próa verkefni við hæfi í hverjum árgangi fyrir sig.

Spjaldtölvurnar settu mikinn svip á skólastarfið í vetur. Reynslan af þeim er mjög góð. Spjaldtölvurnar eru handhægar og auðveldar í notkun og henta sérstaklega vel til myndatöku, myndbandavinnslu og sköpunar af ýmsu tagi. Ipad tækin voru notuð í sérkennslu, stöðvavinnu, myndbandagerð, hreyfimyndagerð, í gagnvirkum leikjum, verkefnum og prófum og þannig mætti lengi telja. Þær geta verið öflugt verkfæri í námi nemenda og því mikilvægt að leiðbeina bæði nemendum og kennurum varðandi notkun þeirra og möguleika.

Spjaldtölvunum verður áfram skipt á árganga sem munu þá hafa þær til afnota í sínu starfi. Elsti floti tækjanna er farinn að gefa sig og afskrifa hefur þurft tæki. Næsta vetur má því búast við að fleiri tæki úr elsta flota skólans fari að gefa sig.

Þörf er á fleiri tækjum t.d. í myndbandavinnsluna, sérkennsluna og tónmenntakennsluna. Í vetur fór ekki vel saman að deila tækjum úr árgangi með t.d. hópnum í myndbandavinnslunni og hljóðvinnslunni. Bæði vegna þess að milli kennslustunda kom fyrir að efni væri eytt út af tækjunum

og að ekki var pláss til varðveislu á efni, ekki nægjanlegt geymslurými. Fjárfesta þarf í tækjum með 64 GB geymslurými til að nýta t.d. í myndbanda- og hljóðvinnslu. Því miður hafa hleðslutækin með spjaldtölvunum týnt tölunni og þegar þessi skýrsla er skrifuð vantar rétt tæplega 30 hleðslutæki. Mikilvægt er að hlúa vel að rekstri tækjanna og miða að því að auðvelda alla umsýslu með þeim. Nokkuð hefur verið rætt um hugbúnað til umsjónar og hleðsluskápa(vagna) en ekki verið fjárfest í neinu slíku og engar lausnir í sjónmáli.

Í sérkennslunni fór fram prófun á Samsung spjaldtölvum. Haldið verður áfram að þróa og prófa vinnu með þær spjaldtölvur. Mikilvægt er að styðja vel við spjaldtölvuvæðinguna, bæði hvað varðar rekstur en einnig við kennara með vinnustofum/örnámskeiðum reglulega þar sem farið er yfir möguleika spjaldtölvanna og hvernig best er að þróa vinnu með þær.

Fengur væri í því að skipa teymi með fulltrúa úr bæði yngri og eldri deild sem kæmi að umsjón og fræðslu með spjaldtölvurnar. Hópurinn gæti t.a.m. haldið vinnustofur /umræðufundi tvisvar í mánuði þar sem farið væri í hvernig kennarar og nemendur gætu og væru að vinna með spjaldtölvurnar.



Með viðbyggingunni skapaðist rými til frekari vinnu í tengslum við upplýsingatækni. Á efri hæð er lítil stofa þar sett var upp myndver. Myndverðið hefur nýst vel í vetur og hafa nemendur haft á orði hvað sé gott að koma þar til að vinna. Á neðri hæð skólans var opnuð ný tölvustofa. Þangað voru fluttar vélar sem áður voru á bókalofti og víðsvegar um skólann. Huga þarf betur að tengiskáp þar því kvartað hefur verið undan hávaða frá honum. Einnig þarf að huga að nokkrum skjáum í stofunni sem þarf að skipta út.

Elísabet Benónýsdóttir
kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni

4. TÓMSTUNDAHEIMILI

Skýrsla þessi er um starfsemi tómstundaheimilisins Regnbogans sem staðsett er í Hofstaðaskóla. Í skýrslunni er rýnt í það hvernig hægt er að bæta starfsemi tómstundaheimilsins ásamt því að nýta áfram það góða sem er komið. Mikilvægt er að fylgja tíð og tíma og halda áfram uppi umræðunni um tómstundaheimilin í Garðabæ. Móta þarf stefnu um betra starf og vinna stöðugt að því að gera tómstundastarf Garðabæjar að faglegu starfi fyrir börnin í bænum.

Starfsmannamál

Í Regnboganum störfuðu 17 starfsmenn þegar mest var og voru þeir allir í hlutastarfi nema umsjónarmaður. Stöðugildin voru flest um 25-35% en þó voru tveir starfsmenn í 50% starfi og einn starfsmaður var skráður sem tímavinnustarfsmaður þar sem stöðugildið var undir 20%.

Fastráðnir starfsmenn í vetur voru:

Valgerður Ósk Ásbjörnsdóttir umsjónarmaður 100%

Raisa Kalenikova tómstundaleiðbeinandi 40%

Tómstundaleiðbeinendur í hlutastarfi

Ásta Þorsteinsdóttir ágúst 2015-júní 2016	Ingibjörg Hulda desember 2015-júní 2016
Alexandra Ísfold ágúst 2015- júní 2016	Brynjar Ísak janúar 2016- maí 2016
Hilmar Þór ágúst 2015- júní 2016	Magndís Anna ágúst 2015- júní 2016
Berglind Helga ágúst 2015- júní 2016	Margrét Rán ágúst 2015- mars 2016
Fanney Lind desember 2015-júní 2016	Guðmunda Líf ágúst 2015- júní 2016
Einar Darri jan 2016-júní 2016	Svandís Roshni jan 2016-júní 2016
Birgitta Rún jan 2016-júní 2016	Lilja Líf sept 2015-apríl 2016
Jóhannes Gunnar ágúst 2015-júní 2016	Aníta Rós jan 2016-júní 2016
Selma Ramdani ágúst 2015- júní 2016	



Vinir lesa saman.

Tómstundaleiðbeinandi/dagsskipulag

Starf leiðbeinanda felur í sér umsjón með nemendum frá því að skóla lýkur og þar til þeir fara heim eða í íþróttir eða annað tómstundastarf. Álagstími er fyrst og fremst eftir að skóla lýkur þegar nemendafjöldinn er mestur og mörg börn að fara í aðrar tómstundir og í frístundabílinn. Eftir að nemendur hafa safnast saman og komuskráningu er lokið fara nemendur í síðdegishressingu í matsal Hofsstaðaskóla. Að henni lokinni aðstoða leiðbeinendur börnin við að velja sér svæði/klúbb sem að þau vilja fara hverju sinni. Starfsmönnum er raðað niður á svæði sem í boði eru fyrir börnin til eftirlits og aðstoðar. Eftir því sem börnunum fækkar minnkar starfsmannapörfin og fara því sumir starfsmenn fyrr heim en aðrir. Tveir til þrír starfsmenn (fer eftir fjölda barna) bera ábyrgð á að loka tómstundaheimilinu. Það felur í sér að tryggja að allir nemendurnir séu örugglega farnir heim, frágangur á svæðum sé í lagi, ljós séu slökkt og slökkt á öllum rafmagnstækjum. Sjá til þess að gluggar séu lokaðir og nemendainngangur læstur. Ástæðan fyrir því að starfsmenn eru alltaf minnst tveir á lokunarvakt er öryggisatriði þannig að ef eitthvað kemur uppá þá er starfsmaðurinn ekki einn á svæðinu.

Umsjónarmaður er einstaklega ánægður með starfsmannahópinn og starfsandann í vetur. Þrátt fyrir stóran barnahóp gekk dagsskipulag og framkvæmd vonum framan og hópurinn vann vel saman. Haldnir voru mánaðarlegir starfsmannafundir sem voru mjög gagnlegir og höfðu jákvæð áhrif á samstarfið. Fundirnir voru vettvangur fyrir leiðbeinendurna til þess að fá svör við spurningum og koma með tillögur og ábendingar varðandi starfið.

Umsjónarmaður

Umsjónarmaður tómstundaheimilis ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd tómstundaheimilisstarfs. Markmið starfsins er veita sex til níu ára börnum og foreldrum þeirra heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi starfsins eru höfð að leiðarljósi. Það felur í sér að veita börnunum tækifæri til afþreyingar í frítíma og þjónustu óháð aldri þeirra, áhugasviði eða getu í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Starfsvið umsjónarmanns er að hafa umsjón með öllum þáttum Regnbogans, allt frá því að sjá um skráningu nemanda inn og út, öll samskipti við bæjarskrifstofur vegna dvalargjalds og að samræma tómstundaheimilin í Garðabæ. Samskipti við foreldra og yfirmenn Hofstaðaskóla er stór hluti af starfi umsjónarmanns, sem og samskipti við fulltrúa tómstundafélaganna í Garðabæ. Hann sér um agamál, tímaskráningu starfsmanna og heildarskipulagningu starfsins í samvinnu við starfsmenn Regnbogans.

Regnboginn skólaárið 2014-2015

Um 180 börn voru skráð í Regnbogann í upphafi skólaárs 2015-2016. Mest voru um 175 börn á dag milli kl. 14:00 og 15:30 en verulega dró úr fjölda barna eftir klukkan 16:00 á daginn. Meirihluti barnanna var í öðrum tómstundunum og var það í verkahring umsjónarmanns, í samstarfi við foreldra, að halda utan um æfingatíma barnanna. Umsjónarmaður og starfsmenn sáu svo til þess að börnin væru komin á æfingar á réttum tíma. Börnin voru dugleg að nýta sér þjónustu frístundabílsins en sem dæmi má nefna að á mánudögum fóru 53 börn í frístundabílinn kl. 14:45. Daglega voru um 30-60 börn að ferðast með frístundabílum á æfingar. Einnig voru um 40 börn á æfingum í TM höllinni. Æfingarnar eru á mismunandi tímum og allur gangur var á því hvenær börnin voru að fara frá okkur. Umsjónarmaður var með aðgang að *Facebook* hóp fótboltans og á póstlista sundfélagsins. Það reyndist oft á tíðum erfiðara að fá upplýsingar frá öðrum tómstundunum og gat það valdið óþægindum bæði fyrir starfsfólk og börn. Mikilvægt er að upplýsingaflæði milli tómstundafélaganna, tómstundaheimilanna og foreldra sé gott og stöðugt svo hægt sé að undirbúa og skipuleggja daginn með tilliti til breytinga sem eiga sér stað hverju sinni.

Á undanförunum árum hefur börnum fækkað töluvert um og upp úr áramótum og þá sérstaklega börnum í 3. og 4. bekk. Það var þó ekki raunin þetta skólaárið. Á seinni hluta haustannar var farið af stað með 3.-4. bekkjarklúbb og má ætla að það eigi stóran þátt í því að brottfall hafi verið minna en áður. Í klúbbnum höfðu eldri börnin mikil áhrif á það hvernig þau vörðu tímanum sínum í Regnboganum og var boðið upp á ýmsar nýjungar fyrir þau, til dæmis bakstur og stuttmyndagerð í Ipad. Klúbburinn var mjög vinsæll og er stefnan sett á að hafa eldri og yngri bekkina aðskilda næsta skólaár.

Regnboginn er opinn á þeim dögum sem ekki er skóli, s.s. í jólafríi, páskafríi, vetrarfríi, á skipulagsdögum og þegar nemenda- og foreldraviðtöl eiga sér stað. Þá er opið frá kl. 8:00 til 17:00 og þurfa foreldrar að skrá börn sín sérstaklega þessa daga. Fjöldi barna á þessum dögum var misjafn en þá daga sem nemenda- og foreldrasamtöll áttu sér stað voru töluvert fleiri börn skráð eða um 65-85. Á öðrum leyfisdögum var fjöldi barna í kringum 25-35. Þessa daga er reynt að bregða út af vananum og var dagskrá Regnbogans með öðru móti en vanalega. Sem dæmi má nefna að í vetur fengum við Ævar vísindamann í heimsókn, bökuðum pítsur og skelltum okkur í göngutúr á nærliggjandi leikvöll.



UPPRENNANDI LISTAMENN

Húsnæði

Regnboginn er staðsettur í kjallara Hofsstaðaskóla. Aðstaðan er ágæt en nauðsynlegt er að dreifa hópnum á fleiri rými og hafa afnot af skólastofum og matsal verið sjálfsögð í allan vetur. Tómsundaheimilið hafði afnot af íþróttasal í TM höllinni þetta skólaárið en tíminn var mjög óhentugur og var nýtingin því ekki eins og best hefði verið á kosið. Tíminn var frá 14:00-15:00 á föstudögum. Á föstudögum voru börnin flest að koma til okkar milli 14:00 og 14:10 og áttu þá eftir að fá síðdegishressingu. Börnin voru því að ná tæpum hálf tíma í íþróttasalnum. Mikilvægt er að tómsundaheimilið hafi aðgengi að íþróttasal á komandi skólaári. Stefnt er að því að fá afnot af sal tvo daga í viku næsta haust. Útisvæði Hofsstaðaskóla er til fyrirmyndar og er það vel nýtt á tímum tómsundaheimilisins.

Eftirlit

Starfsmenn í Regnboganum dreifast á mörg svæði á degi hverjum og reynt er að hafa starfsmenn á öllum þeim svæðum sem börnin eru á eða a.m.k kosti til kl. 16:00. Þetta hefur gengið ágætlega núna í vetur og er hluti af því sem börnin eru virkilega ánægð með. Þau fagna því frelsi sem felst í því að hafa mörg svæði opin. Ávallt eru tveir starfsmenn á útisvæði, tveir starfsmenn fara með hóp yfir í íþróttasalinn og tveir starfsmenn eru í matsal og sjá um síðdegishressinguna. Miðað er við að á hvern starfsmann séu talin 12 börn.



Flottir taktar í dansklúbb

Ýmsir klúbbar voru í boði þetta skólaárið en meðal þeirra má nefna tónlistarklúbb, bakstursklúbb, stuttmyndagerð, skartgripagerð, teikniklúbb og skáklúbb. Klúbbarnir voru allir vel sóttir en hámarksfjöldi í hverjum klúbb var misjafn. Börnunum þótti spennandi að fá nýja klúbba og voru sjálf dugleg að koma með hugmyndir að klúbbum. Við reyndum að sjálfsgöðu að koma til móts við þær hugmyndir eftir bestu getu.

Oftast er það umsjónarmaður sem hefur yfirumsjón með því hvort að barn sé mætt eða ekki og kemur því í farveg þeirra sem sjá um innskráningu og brottfararlista þann dag að hringja og athuga með barn ef það skilar sér ekki. Mikilvægt er að foreldrar upplýsi umsjónarmann ef einhver breyting er á dagskipulaginu með góðum fyrirvara. Það kom ítrekað upp í vetur að börn mættu ekki í Regnbogann og foreldrar höfðu ekki látið vita. Það fór mikill tími í það nánast daglega að hringja í foreldra til þess að ganga úr skugga um að börn hefðu fengið leyfi til þess að sleppa því að mæta. Einnig kom oft upp að börn ættu að fara fyrr heim/vera lengur en skráning sagði til um án þess að haft væri samband við umsjónarmann. Börn upplýstu starfsfólk oft sjálf ef ekki voru æfingar, æfingartímar breyttust eða ef þau áttu að sleppa æfingu einn og einn dag. Mikilvægt er að foreldrar komi þessum upplýsingum til skila. Starfsfólk þurfti að fá staðfestingu frá foreldrum þegar börnin komu með þessar upplýsingar og fór mikill tími, sem betur hefði verið varið með börnunum, í að hringja og fá staðfestingu frá foreldrum. Suma daga var starfsfólk að hringja í foreldra frá því að dagurinn hófst um 14 og allt til 15:30-16:00. Lögð er áhersla á að upplýsa foreldra um tilkynningaskyldu strax í upphafi haustannar 2016 og stefnt verður að því að draga úr símtölum til foreldra á álagstímum. Umsjónarmaður tekur við öllum tilkynningum í síma og/eða tölvupóst fyrir klukkan 13:00 á virkum dögum.

Líkt og á skólatíma er börnum ekki heimilit að vera með síma í Regnboganum. Ef börnin eru með síma meðferðis eiga þeir að vera í töskunni þar til þau fara heim. Það er erfitt að halda skipulagi og eftirliti ef tugir barna eru að hringja heim í tíma og ótíma og starfsmenn vita ekki hvaða upplýsingar fara á milli barna og t.d. foreldra. Regnbogasíminn er til taks ef foreldrar þurfa að ná á börnin á þeim tíma sem þau eru í tómstundaheimilinu. Börnum var ekki heimilt að nýta Regnbogasímann til þess að hringja og fá leyfi til þess að leika, umsjónarmaður mælti með því við börn og foreldra að slíkar heimsóknir væru ákveðnar fyrirfram og foreldra létu þá umsjónarmann vita af fyrirkomulaginu.

Umsjónarmaður sér um tímaskráningu til Garðabæjar og skilar inn tímum fyrirfram fyrir 22. hvers mánaðar. Við höfum verið eins sveigjanleg með þetta og við getum en þetta fyrirkomulag þarf hins vegar að ítreka betur við foreldra því of oft hringja foreldrar eftir þennan tíma og vilja breyta tímafjölda eftir að greiðsluseðillinn hefur borist þeim.

Agamál

Ef upp koma agavandamál í Regnboganum hefur umsjónarmaður umsjón með eftirfylgni slíkra mála og hefur samband við foreldra viðkomandi eða þá við kennara eða stjórnendur Hofsstaðaskóla. Regnboginn vinnur ekki með sérstakt agakerfi en vinnur eftir skólareglum og siðareglum FFF og Garðabæjar. Agamál hafa ekki verið mörg í vetur. Börnin hafa verið ánægð, ljúf, tillitsöm og góð hvert við annað sem og starfsmenn. Einstaka börn þarf að vinna með og verða starfsmenn og kennarar að eiga meira samstarf sín á milli með þá einstaklinga.

Samstarf og samskipti

Regnboginn á í miklu og einstaklega góðu samstarfi við kennara og stjórnendur í Hofsstaðaskóla. Umsjónarmaður hefur góðan og greiðan aðgang að kennurum og stjórnendum í gegnum *Mentor*. Auðvelt er að bera saman bækur við stjórnendur og kennara um einstaka mál einstaklinga sem koma upp.

Samskipti við foreldra í Regnboganum er stór hluti af starfi umsjónarmanns. Símhringingar, tölvupóstur og stutt spjall eða fundir eru nánast daglegur þáttur af starfinu hjá umsjónarmanni. Ekki er ákveðinn fundardagur í Regnboganum en foreldrar eru ávallt velkomnir að koma við eða panta tíma með umsjónarmanni vilji þeir koma einhverju á framfæri í eigin persónu en ekki í gegnum símann eða tölvupóst. Símtöl og tölvupóstar eru fjölmörg á hverjum degi og fer mikill tími umsjónarmanns í að sinna hvoru tveggja. Til að koma hagnýtum upplýsingum enn frekar á framfæri var stofnuð lokuð *Facebook* síða fyrir foreldra og forráðamenn. Á síðunni gátu foreldrar nálgast ýmsar hagnýtar upplýsingar líkt og gjaldskrá tómsundaheimilanna, starfsáætlun Regnbogans, skráningarblöð fyrir heila daga og einstaka tilkynningar. Síðan var einnig notuð í því skyni að deila myndum af starfinu. Síðan féll vel í kramið hjá foreldrum og forráðamönnum og reyndist umsjónarmanni auðvelt að setja inn fréttir og myndir af starfinu í gegnum síma á meðan starfsemi Regnbogans var í gangi. Foreldrar fengu því góða innsýn í starfsemi tómsundaheimilisins og gátu fylgst vel með því hvað börnin tóku sér fyrir hendur. Umsjónarmaður er einstaklega ánægður með samstarf og samskipti við foreldra á skólaárinu og voru foreldrar virkir í að hrósa starfinu og koma með ábendingar um hvað mætti betur fara.



Tómstundir og frístundabíll

Fjölmargir nemendur fara frá okkur úr Regnboganum í hinar ýmsu tómstundir dag hvern, s.s. fótbolta, fimleika, dans, körfubolta, sund og svo í Tónlistarskóla Garðabæjar svo fátt eitt sé nefnt. Suma daga líkist tómstundaheimilið einna helst umferðarmiðstöð og getur álagið orðið töluvert. Tryggja þarf að öll börnin séu búin að borða, séu klædd eftir veðri, hafi með sér allt sitt hafurtask og leggi af stað tímanlega í því skyni að mæta stundvíslega á æfingu. Gott skipulag og góð samskipti við foreldra og íþróttafélög er lykillinn að því að þetta gangi vel fyrir sig og hefur vel gengið með þennan þátt hjá okkur í vetur.

Frístundabíllinn felur í sér mikil þægindi fyrir foreldra barna enda nýta foreldrar þessa þjónustu mikið. Meirihluti barnanna í Regnboganum ferðaðist með frístundabílnum í hverri viku. Starfsmaður Regnbogans fylgdi börnunum yfir að stoppistöðinni og beið með þeim þar til öll börn voru komin um borð í Frístundabíllinn. Með þessu var hægt að veita aukið eftirlit þann tíma sem börnin voru úti að bíða eftir bílnum. Það kom einstaka sinnum fyrir að börn misstu af frístundabílnum en því var þá bjargað með einum eða öðrum hætti. Líkt og áður sagði var gífurlegur fjöldi barna að nýta sér þjónustu frístundabílsins daglega. Frístundabíllinn tekur 14 farþega, 16 ef setið er í framsætunum. Það gefur auga leið að bíllinn er of lítill til þess að svara eftirspurninni og var þörf á því að fara tvær til þrjár ferðir á hverjum tíma í haust. Börnin kvörtuðu yfir því að mæta of seint á æfingar og jafnvel vera „refsað“ fyrir seinkomu. Umsjónarmaður ræddi við íþróttafulltrúa sem útskýrði seinkomurnar fyrir þjálfurunum. Á mánudögum kom 40 sæta rúta ásamt frístundabílnum og sótti börnin kl. 14:45. Börnunum fannst það frábært því þá mættu allir á réttum tíma og þurftu ekki að bíða í 15-30 mínútur eftir frístundabílnum.

Umsjónarmaður telur einstaklega mikilvægt að gerðar verði úrbætur vegna frístundabílsins á komandi skólaári. Tíðar seinkomur ollu kvíða og óöryggi hjá börnunum og voru mörg atvik þar sem börn hreinlega neituðu að fara í bílinn/mæta á æfingar vegna þess að þau óttuðust að verða of sein.

Önnur tómstundaheimili

Forstöðumenn tómstundaheimilanna hafa hist reglulega í allan vetur í því skyni að þróa foreldra- og starfsmannahandbók fyrir tómstundaheimilin og vinna að sameiginlegum ramma og markmiðum fyrir tómstundaheimili bæjarins. Einnig hafa umsjónarmenn góðan stuðning af hvor öðrum og skiptast reglulega á hugmyndum í því skyni að efla starfið og gera það enn betra. Ekki náðist að skipuleggja sameiginlegan dag með öllum tómstundaheimilum bæjarins eins og gert var á síðasta skólaári en það mun vonandi gefast tími til þess á komandi skólaári.

Áframhaldandi samstarf verður á milli tómstundaheimilanna á komandi skólaári. Umsjónarmenn eru að vinna að því í samvinnu við skólastjóra grunnskólanna og Katrínu Friðriksdóttur, deildarstjóra skóladeildar að búa til heildstæðan sameiginlegan ramma um starfsemi tómstundaheimila bæjarins. Vilja umsjónarmennirnir leggja sérstaka áherslu á að unnið sé að markmiðum um innra starf tómstundaheimilanna með áherslu á uppeldis- og félagsfærnimarkmið í starfi. Það felur í sér reglulega fræðslu fyrir starfsfólk auk hópeflis til að hrista starfsmannahópinn saman, starfsdaga og starfsmannafundi svo hægt sé að vinna faglega að markmiðum og skipuleggja það starf sem unnið er með börnunum.

Umsjónarmenn leggja enn fremur áherslu á að unnið sé markvisst að því að mótað sé gæðastarf fyrir tómstundaheimilin og að hið óformlega nám sem á sér stað innan tómstundaheimilanna sé undirstrikað. Vilja umsjónarmenn auka barnalýðræði í starfinu þannig að börnin fái að taka þátt í að móta það sem þau taka sér fyrir hendur í tómstundaheimilinum. Hið frjálsa (stýrða) val verður hins vegar alltaf til staðar enda skiptir miklu máli að börnin búi við frjálshræði og ráði því upp að vissu marki hvernig þau nýta tíma sinn í tómstundaheimilinu. Miklu máli skiptir að undirstrika það að tómstundaheimilin reka ekki barnapössun eða gæslu fyrir börn heldur sé þar unnið markvisst og faglegt starf sem við getum verið stolt af.



Metnaðarfull snjókarlagerð

Tillögur að úrbótum

Það sem liggur helst fyrir núna eftir þetta skólaár er að setja foreldrum skýrari ramma varðandi tímaskráningu barna sinna og að þeir tilkynni allar breytingar tímanlega til forstöðumanns. Myndi forstöðumaður vilja sjá að gjaldskrá tómstundaheimilisins yrði breytt og að greitt væri fyrir hvern dag sem barn dvelur í tómstundarheimilinu en ekki hverja klukkustund. Einnig að síðdegishressingin sé innifalin í gjaldinu. Þá væri hægt að tryggja það að barn ætti pláss til kl. 16:00 eða 17:00 á hverjum degi og yrði þá minna um breytingar á tímaskráningu og minna um vandamál hjá foreldrum við að sækja á réttum tímum þegar æfingar falla niður eða þegar æfingum er lokið í lok hvernar annar. Þetta er meðal þeirra atriða sem umsjónarmenn eru að vinna að í samstarfi við skólastjóra og deildarstjóra skóladeildar og verður forvitnilegt að sjá hvað kemur út úr þeirri vinnu. Umsjónarmaður leggur áherslu á mikilvægi þess að hafa



skipulagsdaga í tómstundaheimilum bæjarins. Hægt væri að nýta skipulagsdaga í fræðslu og námskeið fyrir starfsfólk tómstundaheimilanna, til að mynda skyndihjálparnámskeið, fræðslu um ADHD og kvíða hjá börnum svo eitthvað sé nefnt.

Lokaorð

Á næstu dögum og vikum verður farið í að setjast niður og næsta haust skipulagt en nemendum hefur fjölgað töluvert hefur og má reikna með að fjöldi barna í tómstundaheimilinu eigi eftir að aukast. Næsta haust er nú þegar í bígerð og hugmyndir að komast á blað um hvernig bæta megi starfið.

Á næsta skólaári verður skipulagið í Regnboganum með örlítið öðrum hætti en verið hefur en barnahópnum verður tvískipt. 3. -4. bekkur mun hafa aðstöðu í náttúrufræðistofu skólans sem umsjónarmaður telur vera til hagsbóta bæði fyrir eldri börnin og þau yngri. Eldri börnin fá þá skipulagt og faglegt starf sniðið að þeirra aldri og geta haft meiri áhrif á hvað er í boði fyrir þau. Það hefur oft örlað á leiða hjá þessum hópi þegar líða fer á skólaárið og er það von umsjónarmanns að nýtt skipulag dragi úr þeim leiða og auki ánægju þeirra í tómstundaheimilinu. Með þessu hafa börnin í 1.-2. bekk meira pláss í aðalrýminu og hávaðinn verður ekki eins mikill. Eins verður hægt að leggja meiri áherslu á að hafa meira í boði fyrir þeirra aldur og áhugasvið.

Í vor skilaði umsjónarmaður Regnbogans tillögu til skólanefndar Garðabæjar um svokallaða undirbúningsviku fyrir 1. bekk. Tillagan var samþykkt og verður undirbúningsvikan því í boði fyrir börn sem hefja nám í 1. bekk í grunnskólum Garðabæjar haustið 2016. Með þessu er leitast við að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla og er það von umsjónarmanns að skipulagið dragi úr kvíða og óöryggi hjá tilvonandi grunnskólabörnum. Vikan verður nokkurs konar aðlögun fyrir börnin en með henni fá þau tíma til þess að aðlagast starfinu í tómstundaheimilunum, kynnast hvert öðru og starfsfólki tómstundaheimilanna og skólanna og læra á skólaumhverfið.

Skólaárið gekk einkar vel í ár og starfsmannahópurinn og barnahópurinn voru frábærir. Það er von mín og ánægja að sjá sem flest börnin aftur í tómstundaheimilinu á komandi skólaári og ég hlakka til að takast á við nýtt skólaár með bros á vör og jákvæðnina í fyrirrúmi.

Valgerður Ósk Ásbjörnsdóttir
umsjónarmaður Regnbogans